


**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um Útlendingastofnun og dvalarleyfisútgáfu með tímalás. 25



**MENNING** Leikarinn og leikstjórinn Gísli Örn leysti slasaðan leikara af í Boston. 70



**SPORT** Ragnar Nathanaelsson fór hamförum með körfuboltaliði Þórs úr Þorlákshöfn í jólamánuðinum. 64







# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
20. desember 2013
299. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



**Þarf bein í nefinu**

Hafrún Alda Karlsdóttir lifir og hrærist í tískubransanum í Kaupmannahöfn og rekur veftískutímaritið BAST Magazine. Lífið ræddi við Hafrúnu um búsetuna erlendis, módel- og tískubransann og hvers vegna hún var skírð átta ára.

**FRÉTTIR**

**Græddu 42 þúsund** Bréf almennra fjárfesta í N1 hækkuðu um 22,9 prósent frá hlutafjárútboði félagsins fyrr í mánuðinum. 4

**Ofurleysar í tollinum** Leysibendar með meiri styrk en áður hefur sést hér voru stöðvaðir í tollinum gær. 6

**Ríkið sér um Sunnuhlíð** Rekstur hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar fer í hendur ríkisins sem tekur þó ekki yfir skuldirnar. 10




| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | SSA | 6 |
| Akureyri | 0° | | S | 5 |
| Egilsstaðir | -1° | | S | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | | NA | 6 |
| Reykjavík | 0° | | SA | 7 |

**Snýst í SA-átt** Búast má við vaxandi SA-átt og síðar A-átt í dag. Það léttir heldur til N- og NA-lands en úrkoma síðdegis við suðurströndina. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Óttast þöggun læknamistaka

Á næstu vikum kemur í ljós hvort hjúkrunarfræðingur verði ákærður fyrir manndráp af gáleysi vegna mistaka í starfi. Stjórnendur Landspítalans eru uggandi yfir þeirri þróun og segja dómsmál veikja traust starfsmanna.

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórnendur Landspítalans óttast að ef heilbrigðisstarfsmaður verður ákærður fyrir manndráp af gáleysi muni það hafa neikvæð áhrif á vinnumenningu spítalans.

„Ef það verður ákært í þessu máli og ég tala nú ekki um ef það verður sakfellt þá mun það breyta íslensku heilbrigðiskerfi,“ segir Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum. Hún óttast að starfsmenn hætti að viðurkenna mistök og tilkynna þau ef þeir eiga á hættu að fá dóm.

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum, segir að síðustu ár hafi verið unnið að því að byggja um svokallaða öryggismenningu á spítalanum. Slík menning hvetur starfsmenn til að hafa allt uppi á borðinu og ræða opinskátt um mistök. Ólafur segir að menningin hafi ekki alltaf verið þannig á spítalanum. „Við erum enn að glíma við afleiðingar fyrri ára, þegar ekki var tekið með skýrum hætti á erfiðum atvikum sem komu upp í heilbrigðiskerfinu. Það var bara ekki í menningunni. Við viljum breyta þessu og fyrirbyggja mistök með því að læra af þeim.“

Niðurstaða innri rannsóknar Landspítalans hefur leitt í ljós að samverkandi þættir ollu mistökum sem ollu dauða mannsins sem um ræðir. Mannleg mistök áttu sér vissulega stað en ýmsir atburðir sem á undan gengu urðu til þess að starfsmaðurinn gerði mistök. Ef ríkissaksóknari mun gefa út ákæru mun hún eingöngu beinast að þessum tiltekna hjúkrunarfræðingi.

Auðbjörg Reynisdóttir, sem hefur lent sjálf í læknamistökum og misst son sinn vegna mistaka, segir það ekki þjónustunni til framdráttar að ákæra fólk vegna mistaka. „Það þarf frekar að vera rannsóknarferli sem skilar þekkingu um hvað gerðist.“

Hún segir að horfast þurfi í augu við raunveruleikann og að viðurkennt verði að mistök gerist á spítölum. „Það sem er mikilvægast er að lært sé af mistökum og komið í veg fyrir að þetta atvik gerist aftur. En það þarf að klára svona mál, ekki bara gera mistök og biðjast afsökunar. Það þarf einhvers konar uppgjör og sátt. En sáttin felst ekki í dómi sem ein manneskja þarf að bera,“ segir Auðbjörg.

- ebg / sjá síðu 8

> **Ef það verður ákært í þessu máli mun það breyta íslensku heilbrigðiskerfi.“**
> **Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum.**



SIGRÍÐUR GUNNARSDÓTTIR



ÓLAFUR BALDURSSON



**ÁRLEGT JÓLABAÐ** Skyrgámur fór í sitt árlega jólabað í Laugardalslaug ásamt bræðrum sínum Pottaskefli og Bjúgnakrækí í gærmorgun. Hér er Pottaskefill að skafa fótinn á Skyrgámi. Að baðinu loknu afhentu þeir bræður Hjálparstarfi kirkjunnar 836.500 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrirsætan Eydís Helena vann fyrir kryddpíu og tók með henni lagið:

# Söng með Victoriu Beckham

**TÍSKA** Fyrirsætan Eydís Helena Evensen vann fyrir Victoriu Beckham í síðustu viku og kynnti þar nýjustu línu Kryddpíurnar. Þær tóku einnig lagið saman baksviðs en fyrirsætan er einmitt dyggur aðdáandi Spice Girls.

Eydís starfar fyrir umboðsskrifstofuna Elite í London og hefur setið fyrir hjá tískurisum á borð við Top Shop, Urban Outfitters og Elle UK.

Ásamt því að umgangast kryddpíuna og sitja fyrir hjá tískurisum spilar Eydís á píanó. Henni stendur til boða að fara að vinna sem fyrirsæta í Mílanó hjá Fashion Milan. Hún vill þó klára tónlistarnámið sitt á Íslandi.

„Það er auðvitað mjög spennandi og freistandi að halda áfram í fyrirsætugeiranum en mig langar samt að stoppa aðeins á Íslandi í bili.“ - glp / síða 70



EYDÍS HELENA EVENSEN










## SPURNING DAGSINS



Ólafur, er þetta algjör steypa?

**Já, steypa er algjör steypa.“**

Sjálfstæðismenn í Reykjavík vilja steypa götur með mikinn umferðarþunga. Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri borgarinnar, segir betra að nota malbik.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar hyggst reisa skólabyggingu þrátt fyrir kærur, áskorun og tillögu um frestun:

# Iðnaðarmenn óttast ofþenslu á Siglufirði

**SKIPULAGSMÁL** Iðnaðarmenn í Fjallabyggð hafa sent bæjarstjórn Fjallabyggðar undirskriftalista þar sem þeir skora á að fyrirhugaðri viðbyggingu við grunnskóla Fjallabyggðar verði frestað.

Ástæðan er sú að að iðnaðarmenn eru uppteknir við framkvæmdir á Hótel Rauðku á Siglufirði. Bæði byggingarleyfi og deiliskipulag fyrir skólareitinn var kært en úrskurðanefnd hafnaði ógildingu. Í kjölfarið var málið tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar og bæjarstjóra falið að bjóða verkið út hið fyrsta. Bæjarfulltrúinn Sólrún Júlíusdóttir lagði fram tillögu þess efnis að framkvæmdum yrði frestað en sú tillaga var felld.

Sólrún hefur áhyggjur af þensluáhrifum framkvæmdanna, sérstaklega þegar einkaaðilar eru tilbúnir til framkvæmda.

„Það eru ekki öll sveitarfélög sem eru svo heppin að hafa einkaaðila sem tilbúinn er að fjárfesta fyrir einn og hálfan milljarð á svæðinu,“ segir Sólrún og vísar þar til athafnamannsins Róberts Guðfinnssonar sem hefur fjárfest umtalsvert á svæðinu.

Sigurður Valur Ásbjarnarson er bæjarstjóri Fjallabyggðar. Hann segir sveitarfélagið eingöngu vera að uppfylla lögbundnar skyldur sínar. „Það hefur verið markmið þessarar bæjarstjórnar frá kosningum að sameina skólabyggingar úr tveimur í eina, bæði á Ólafsfirði og Siglufirði. Með þessari framkvæmd náum við þeim markmiðum,“ segir Sigurður. elimar@frettabladid.is



**SIGURÐUR VALUR ÁSBJARNARSON** Bæjarstjórinn segir framkvæmdirnar við skólann ekki vera stórar í samanburði við aðrar framkvæmdir í Fjallabyggð. MYND/REYNIR SVEINSSON



**67 SÓTTU UM** Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn í nóvember og bárust alls 67 umsóknir frá afrekskonum og afrekskvennahópum á öllum aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Níunda úthlutun úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ:

## Afrekskonur fengu styrk í gær

**ÍÞRÓTTASTYRKIR Fjórir aðilar fengu úthlutað í gær úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ en markmið og tilgangur sjóðsins er að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda sína íþrótt og ná árangri. Strandblakskonurnar Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir úr HK fengu 500 þúsund krónur vegna verkefna á árinu 2014. Valdís Þóra Jónsdóttir úr Golfklúbbnum Leyni fékk 500 þúsund krónur vegna þátttöku í úrtökumóti fyrir Evrópumótaröð kvenna í golfi. Erna Friðriksdóttir úr Skíðafélaginu í Stafdal fékk 500 þúsund vegna undirbúnings og keppni á Vetrarólympíumóti fatlaðra í Sochi. Skíðasamband Íslands fékk síðan eina milljón í styrk vegna undirbúnings og þátttöku landsliðskvenna á Vetrarólympíuleikunum í Sochi í febrúar næstkomandi.** - óój

Rannsaka árás á Vodafone:

## Biðja um hjálp frá Tyrklandi

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglu á netárás á vef Vodafone og þjófnaði á gögnum frá fyrirtækinu er enn á frumstigi og alls óvíst hvaða árangur hún mun bera, segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

Hann segir að til standi að óska eftir samstarfi við lögregluyfirvöld í Tyrklandi, en fyrstu fréttir bentu til þess að árásin hafi verið gerð frá Tyrklandi. Áður þurfi þó að rannsaka málið betur.

Árásin var gerð í lok nóvember. Meðal þeirra gagna sem hakkarinn komst yfir voru SMS sem send voru af vef fyrirtækisins, auk notendanafna og lykilorða viðskiptavina inn á vefinn. - bj

Jólauppbót til atvinnulausra:

## Uppbótin í dag eða á mánudag

**KJARAMÁL** Desemberuppbót til atvinnulausra verður að öllum líkindum greidd í dag og á mánudag. Þetta kemur fram í upplýsingum frá Gissuri Péturssyni, forstjóra Vinnumálastofnunar.

Gissur hafði áður sagt í samtali við Fréttablaðið að reynt yrði að greiða uppbótina fyrir jólin.

Óskipt desemberuppbót til atvinnulausra nemur um 52 þúsund krónum en minnst um þrettán þúsund krónum, allt eftir því hversu lengi viðkomandi hefur verið án atvinnu.

Kostnaður ríkissjóðs vegna þessa nemur um það bil 450 milljónum króna en samkomulag um greiðsluna náðist á Alþingi fyrr í vikunni. - fb

# Aðeins starfsmenn Arion fá jólabónus

Starfsmenn Arion banka fá 125 þúsund króna jólabónus til viðbótar við 30 þúsund króna jólagjöf. Þökkum starfsfólki fyrir vel unnin störf eftir að bankinn var valinn banki ársins á Íslandi. Starfsmenn annarra viðskiptabanka fá ekki bónus þetta árið.

**VIÐSKIPTI** Starfsmenn Arion banka fá 125 þúsund króna bónusgreiðslu fyrir jólin, auk 30 þúsund króna gjafakorts sem gildir í öllum verslunum. Starfsmenn annarra viðskiptabanka fá ekki slíka bónusgreiðslu.

„Stjórn bankans ákvað í tilefni af þeirri viðurkenningu sem Arion banki fékk nýlega, þegar fagtímaritið The Banker, sem er gefið út af The Financial Times, valdi Arion banka sem banka ársins á Íslandi 2013, að þakka starfsfólki með þessum hætti fyrir vel unnin störf á þessu ári sem og á undanförnum árum,“ segir Haraldur Guðni Eiðsson, forstöðumaður samskiptasviðs bankans.



**HARALDUR GUÐNI EIÐSSON**

Starfsmenn bankans fá að auki körfu með ýmsu matarkyns og til heimilisins.

Ekki fékkst gefið upp hver jólagjöf starfsmanna annarra banka er þetta árið. Hjá Landsbankanum, Íslandsbanka og MP Banka fengust þau svör að jólagjafir starfsmanna frá bönkunum væru innpakkaðar og margir starfsmenn opnuðu þær ekki fyrr en á aðfangadag.

Svipuð svör fengust einnig við fyrirspurn Fréttablaðsins um bónusgreiðslur frá öðrum bönkum en Arion Banka.

„Við greiðum bara umsamda desemberuppbót,“ segir Sigrún Eyjólfsdóttir, aðstoðarmaður forstjóra MP Banka. brjann@frettabladid.is



**JÓLAGJAFIR** Viðskiptabankarnir gefa starfsmönnum sínum jólagjafir, en aðeins Arion Banki borgar sérstakan jólabónus. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Samherji gefur ekki upp jólabónusinn

- Samherji greiddi starfsmönnum sínum 378 þúsund króna jólabónus í fyrra, en ekki verður gefið upp hvort, og þá hversu háan bónus starfsmenn fá þetta árið. „Samherji gerir vel við starfsmenn sína,“ er það eina sem Margrét Ólafsdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Samherja, vill segja um málið. Hún upplýsti þó að starfsmenn fái kjöt og fisk í jólagjöf.
- Hjá HB Granda fást þau svör að starfsmenn fái gjafabréf í jólagjöf, en ekki sé greiddur jólabónus. Fyrirtækið greiddi ekki heldur jólabónus í fyrra. Upphæð gjafabréfsins fæst ekki gefin upp.
- Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um jólabónus hjá Síldarvinnslunni segir Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.
- Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, segist ekki vilja tjá sig um jólabónus hjá fyrirtækinu við Fréttablaðið.




Gunnar Birgisson hættur í stjórnmálum en Ármann Kr. stefnir á fyrsta sæti:

# Komið gott eftir 24 ár í pólitík

**STJÓRNMÁL** Gunnar Birgisson mun ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í bæjarstjórn Kópavogsbæjar fyrir Sjálfstæðisflokkinn og hyggst snúa sér að verkfræðistörfum.

Gunnar segir að eftir 24 ár í pólitík þá sé nú komið nóg. „Ég er búinn að gera mitt fyrir þetta samfélag. Það þýðir ekkert að telja klukkutíma enda er pólitík áhugamál, það verður ekkert gert nema það komi frá hjartanu,“ segir Gunnar.

Hann bætir við að það sé hans von að þeir sem taki við verði óhræddir við að taka ákvarðanir enda sé betra að veifa röngu tré en öngu. „Það er enginn fullkominn en fólk þarf að þora að taka ákvarðanir, bæði vinsælar og óvinsælar.“

Ármann Kr. Ólafsson staðfesti í samtali við Fréttablaðið að hann muni gefa kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi sem fer fram 8. febrúar næstkomandi en frestur til að skila inn framboði rann út í gær. -eh



**GUNNAR INGI BIRGISSON** Bæjarstjórinn fyrrverandi ætlar einbeita sér að verkfræðistofu sinni og segist hafa nóg fyrir stafni.

> Það er enginn fullkominn en fólk þarf að þora að taka ákvarðanir, bæði vinsælar og óvinsælar.
>
> *Gunnar Ingi Birgisson*




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg, Geysir Akureyri og Geysir Haukadal. www.geysir.com Sími 519 6000.

## SVONA ERUM VIÐ



**322** **þúsund Íslendingar eru skráðir í trúfélög.**

**Þar af eru flestir skráðir í Þjóðkirkjuna, eða um 254 þúsund manns.** Kaþólska kirkjan kemur þar á eftir með um ellefu þúsund skráningar.

Spáð norðanátt og snjókomu fyrir norðan á aðfangadag og mögulega slæmu ferðaveðri norðan heiða:

# Stefnir í að jólin verði hvít um allt land

**VEÐUR** Allt stefnir í að jólin verði hvít víðast hvar á landinu samkvæmt spá Veðurstofu Íslands. Hvít jól hafa verið algengari en rauð síðustu nítján árin samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni.

Spáð er hvassri norðanátt og snjókomu fyrir norðan á aðfangadag. Rætist spáin er hætt við að lítið ferðaveður verði norðan heiða, en spáin gæti breyst þegar líður á, segir Teitur Arason, vakthafandi veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Hann segir að frost verði um allt land á aðfangadag og jóladag. Í dag er snjóþekja víðast hvar á landinu, og engir umhleypingar í kortunum sem eru líklegir til að breyta því, segir Teitur.

Á jóladag gerir spáin ráð fyrir því að norðanáttin gangi niður og dragi úr snjókomunni fyrir norðan. Heldur kólnar í veðri og er spáð fimm til tíu gráða frosti víða um land, þó minna við sjávarsíðuna.

„Það gæti orðið meira frost og sæmilega fallegt vetrarríki. Svona ekta jólaveður þar sem marrar í snjónum,“ segir Teitur.

Jólin voru hvít sunnanlands í fyrra, en hvít fyrir norðan. Síðustu árin hafa jólin oftar verið hvít en rauð, eins og sjá má á myndinni hér til hliðar. - bj






**SVEITARSTJÓRAR** Samstarfssamningur undirritaður í Hveragerði.

Samvinna á Suðurlandi:

## Sjö sveitarfélög í skólasamstarfi

**SVEITARSTJÓRNIR** Sjö sveitarfélög á Suðurlandi hafa gert samstarfssamning um skóla- og velferðarþjónustu.

„Rúm tvö ár eru liðin frá því að sömu sveitarfélög tóku upp samstarf um félagsþjónustu. Reynslan af því samstarfi hefur verið mjög góð og eru bundnar miklar vonir við að með útvíkkun samstarfsins til þjónustu á sviði skólamála skapist enn betri tækifæri til að vinna heildstætt í þágu barna, ungmenna og annarra íbúa,“ segir í frétt frá Ölfusi, Hveragerðisbæ, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi. - gar

ABC barnahjálp fékk gjöf:

## Sængur og lök til Pakistans

**GÓÐGERÐARMÁL** Íslenska fyrirtækið Nox Medical færði samtökunum ABC barnahjálp á dögunum 600 þúsund krónur til að kaupa 250 sængur og 500 lök fyrir heimavist stúlkna í ABC-skólanum í Machike í Pakistan. Nox Medical hefur selt fimm þúsund svefnmælingatæki fyrir börn.

Fyrr á árinu fékk ABC barnahjálp styrk frá utanríkisráðuneytinu til byggingar á fyrsta áfanga heimavistar fyrir stúlkur í Machike. - fb

# Almennir fjárfestar græddu 42.000 krónur

Verð á hlutabréfum í N1 breyttist lítið á fyrsta viðskiptadegi félagsins í Kauphöll Íslands. Bréf almennra fjárfesta hækkuðu hins vegar um 22,9 prósent frá hlutafjárútboði félagsins fyrr í mánuðinum. Forstjóri N1 er bjartsýnn á framhaldið.

**VIÐSKIPTI** Velta með hlutabréf í N1 nam 733 milljónum króna í gær þegar félagið var skráð á Aðalmarkað Kauphallar íslands. Verð bréfanna hafði við lokun markaða styrkst um 1,1 prósent sem þýðir að almennir fjárfestar sem keyptu bréf í hlutafjárútboði félagsins gátu þá grætt um 42 þúsund krónur.



**MAGNÚS HARÐARSON**

„Þetta voru um 296 viðskipti yfir daginn og til samanburðar er meðalfjöldi hlutabréfaviðskipta í Kauphöllinni um 90 viðskipti á dag. Bréf almennra fjárfesta hækkuðu um 22,9 prósent frá hlutafjárútboðinu og bréf fagfjárfesta um 4,4 prósent,“ segir Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar.

Almennu fjárfestarnir sem Magnús vísar í keyptu um 7.200 áskriftir í hlutafjárútboði N1 sem lauk 9. desember síðastliðinn. Mikil umframeftirspurn eftir hlutabréfum félagsins, sem er enn önnur vísbendingin um að áhugi almennings á hlutabréfamarkaðinum sé að aukast, leiddi til þess að hámarksúthlutun til almennra fjárfesta var 182 þúsund krónur á hverja áskrift.

„Í 137 viðskiptum gærdagsins af 296 var magnið þessi staðlaða stærð sem menn fengu í útboðinu,“ segir Magnús.



**Í KAUPHÖLLINNI** Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri N1, og Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, við skráninguna í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

N1 er þriðja félagið sem skráð er á Aðalmarkað Kauphallarinnar á þessu ári. Hin tvö eru TM og VÍS.

„Á fyrstu viðskiptadögum TM og Vís voru alveg sérlega mikil viðskipti með hlutabréf beggja félaganna. Á milli sex og sjö prósent af útistandandi hlutum í þeim skiptu um hendur á fyrsta degi sem var talsvert meira en í tilfelli N1,“ segir Magnús.

Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri N1, segir að gærdagurinn hafi gengið vel í sig og að hann sé bjartsýnn á framhaldið.

> **Bréf almennra fjárfesta hækkuðu um 22,9 prósent frá hlutafjárútboðinu og bréf fagfjárfesta um 4,4 prósent.**

„Þetta var mjög þægileg byrjun og við vitum að bréf hafa tilhneigingu til að hækka og lækka eftir því sem fram líða stundir. Við erum mjög ánægð með það hvernig allt þetta ferli hefur gengið og félagið var tilbúið til að fara á markað,“ segir Eggert.

haraldur@frettabladid.is



**FLUGÞOL** Flugvélar verða að hafa nægt eldsneyti til að lenda á varaflugvelli séu aðstæður þannig að ekki er hægt að lenda í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spurt um varaflugvelli:

## Ráðherra svarar ekki fyrirspurn

**ALÞINGI** Á bilinu eitt til þrjú tilvik hafa komið upp árlega þar sem farþegaflugvélar hafa þurft að hætta við að lenda á Keflavíkurflugvelli. Þetta kemur fram í svari innanríkisráðherra við spurningu Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi.

Ráðherra svarar ekki síðari hluta spurningar Sigríðar um það hvar flugvélar, sem hafi þurft að hætta við lendingu í Keflavík síðustu tíu árin, hafi lent. Aðeins er rætt um að varaflugvellir séu í Reykjavík, á Egilsstöðum og á Akureyri, auk Glasgow og Prestwick í Skotlandi. - bj

Frekar launaðir starfsmenn:

## Minni þörf á sjálfboðaliðum

**SAMFÉLAG** Framlag sjálfboðaliða er ekki mikilvægur hluti af starfsemi þorra velferðarfélaga á Íslandi.

Svo segir í niðurstöðum rannsóknar sem Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnsdóttir hafa gert á sjálfboðaliðastarfi.

Sjálfboðaliðar sinna helst stjórnarstörfum og tímabundnum fjáröflunum. Þróunin hefur verið að félagasamtök hafa fleiri launaða starfsmenn og því minni þörf á þátttöku áhugafólks. Þrátt fyrir slíka þróun virðist áhugi fólks á sjálfboðaliðastarfi ekki hafa minnkað. - ebg




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LÆGÐAGANGUR** Krappar lægðir heimsækja landið ört þessa dagana. Í dag hvessir syðst er líður á daginn og í kvöld má búast við stormi við SA-ströndina. Á morgun lægir heldur inn til landsins en strekkingur og él á annesjum NV-til og suðaustanlands.




**Á morgun**
Strekkingur á Vestfjörðum.




**Sunnudagur**
Hægviðri inn til landsins.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Berlín | 7° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 20° | New York | 9° | París | 6° |
| Aþena | 13° | Billund | 5° | Gautaborg | 5° | London | 10° | Orlando | 20° | San Francisco | 13° |
| Basel | 7° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 16° | Ósló | 3° | Stokkhólmur | 5° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# SKEMMTILEGUSTU JÓLAGJAFIRNAR FÁST Í HAGKAUP

VERSLAÐU Á NETINU HAGKAUP.IS




## NÝJASTA NÝTT Í LEGO NINJAGO KOMIÐ Í HAGKAUP







Keel
Bangsar í úrvali




Dickie
Bílar í úrvali

Allt vöruúrvalið fæst í Skeifunni, Smáralind, Kringlunni, Garðabæ og á Akureyri.

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað ætla flestir að borða á aðfangadag samkvæmt könnun MMR?
**2.** Hver er höfundur barnabókarinnar Stína stórasæng?
**3.** Hvaða titil ber lokalag Áramótaskaupsins í ár?

**SVÖR:**

**1.** Hamborgarhrygg. **2.** Lani Yamamoto. **3.** Springum út.

Póst- og fjarskiptastofnun heimilar Íslandspósti að hætta afgreiðslu:

# Leggja niður útibú fyrir vestan

**PÓSTUR** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur samþykkt beiðni Íslandspósts um að loka póstafgreiðslum á Suðureyri og Þingeyri.

Báðar voru þær reknar í samstarfi við bankaútibú. Póstbíll mun sinna þjónustunni frá 1. maí. Slíkt tíðkast víða í dreifbýli og minni bæjum.

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, minnir á að fyrir ári hafi Pósturinn lokað afgreiðslustað á Flateyri og þá séu til dæmis 50 kílómetrar frá Þingeyri að næsta þéttbýli.

„Þetta er glatað fyrir þá sem þurfa að koma pökkum frá sér og hafa kannski bara klukkutíma glugga til þess á dag.“

Daníel segist hafa viljað að Pósturinn ræddi við sveitarfélagið áður en ákvörðun var tekin.

„Það voru mjög fáar afgreiðslur á þessum stöðum þannig að þetta er einfaldlega aðhald í rekstri,“ segir Brynjar Smári Rúnarsson, markaðsstjóri Póstsins. - þj



**Á SUÐUREYRI** Íslandspóstur hefur fengið heimild til að leggja niður afgreiðslu á Suðureyri og Þingeyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áskorun frá Stykkishólmi:

# Háskólar verði ekki miðstýrðir

**SKÓLAMÁL** Bæjarráð Stykkishólms skorar á menntamálaráðherra að „standa vörð um sjálfstæði Háskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands“.

Bæjarráðið leggst eindregið gegn sameiningu háskóla á landsbyggðinni við háskóla á höfuðborgarsvæðinu. Það auki „miðstýringu háskólanáms hér á landi“. Háskólarnir á Vesturlandi hafi verið einn helsti vaxtarbroddur í uppbyggingu á Vesturlandi. - gar





Vertu klár þegar við opnum Bláfjöll og Skálafell.
Glæsileg jólagjöf á frábæru verði.

**Vetrarkort** *fyrir fullorðna á tilboðsverði til áramóta,* **24.000 kr.**
*Þú færð vetrarkort í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3–5.*
*Opið alla virka daga kl. 9–13 og 13:30–17.*

**Gjafakort** *fæst í Mohawks, Kringlunni til áramóta.*

**Upplýsingasími 530 3000**

SKÍÐASVÆÐIN




**VOPN EÐA LEIKFANG** Þessi leysibendir er tvítugfalt sterkari en sá sem getur kveikt í, brennt húð manna eða blindað. MYND/TOLLSTJÓRI

# Stoppa lyklakippur og leikföng hjá tollinum

**Tollverðir hafa stöðvað þrjár póstsendingar á hálfum mánuði sem innihéldu stórhættulega leysibenda. Í gær voru gerðir upptækir tveir sem eru 10.000 falt aflmeiri en almenn notkun réttlætir. Lyklakippur og leikföng einnig gerð upptæk.**

**ÖRYGGISMÁL** Tollverðir stöðvuðu í gær tvær aðskildar póstsendingar sem innihéldu leysibenda sem voru aflmeiri en áður eru dæmi um að reynt hafi verið að koma inn í landið, eða 10.000 millivött (mW). Önnur sendingin kom til landsins frá Singapúr en hin frá Kína.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að tollverðir hafa á þessu ári gert upptæka allmarga leysibenda sem eru margfalt aflmeiri en almenn notkun réttlætir. Þeir sem reyna að koma slíkum tækjum inn til landsins eru oft unglingar. Í báðum þessum tilfellum eru innflytjendurnir hins vegar karlmenn fæddir 1990, eða 23 ára gamlir.

Gunnar Sæmundsson aðstoðaryfirtollvörður segir að tollverðir hafi einnig stöðvað innflutning á leikfangabyssum með leysimiðum, að undanförnu. „Einnig nokkurt magn af lyklakippuhringjum, en geislinn frá þeim var með styrkleika yfir 5 mW, að því er sagði á merkingum,“ segir Gunnar. Hann bætir við að þegar innflytjanda þeirra, sem var verslunareigandi, var bent á hvers kyns var, sagði eigandinn að um mistök væri að ræða og bað um að sendingunni yrði fargað.

Fyrir aðeins hálfum mánuði var stöðvuð sending sem innihélt fjóra leysibenda með styrk langt umfram það sem leyfilegt er. Sendingin kom frá Kína samkvæmt pöntun héðan. Átti hún, að því er sagði í leyfisumsókn, að innihalda einn leysibendi, innan við 5 mW að styrk. Tollverðir fengu starfsmann frá Geislavörnum ríkisins til að mæla styrk bendanna, og reyndist hann í öllum tilfellum vera fjórfalt til sexfalt meiri en gefið var upp í umsókn.

Fréttablaðið hafði samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og fékk þær upplýsingar að ekki væru þekkt dæmi um að lagt hefði verið hald á leysibenda með þeim mikla styrk sem hér um ræðir. Hins vegar hafa verið gerðir upptækir leysibendar í málum þar sem geisla hefur verið beint að flugvélum í aðflugi. Slík atvik hafa verið tilefni lagasetningar, til dæmis í Bandaríkjunum, þar sem hörð viðurlög eru við slíku athæfi. svavar@frettabladid.is

## Endurkastið eitt getur blindað mann

Þorgeir Sigurðsson, fagstjóri hjá Geislavörnum, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að sérstakt leyfi fyrir sterkari bendum en 1 mW fái venjulega aðeins fagfólk til sértækra nota, enda getur leysir sem er aflmeiri en það valdið sjónskaða á augnabliki. Slík tæki eru stórhættuleg, enda þarf aðeins endurkastið af geisla af styrk yfir 500 mW til að valda augnskaða, auk hættu á bruna á húð og íkveikjuhættu. Leysibendarnir sem voru teknir í gær eru 20 sinnum aflmeiri.


HLUSTAÐ EFTIR JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON

„RÍGHELDUR“



„Nýr höfundur hefur stigið fram í sviðsljósið með sérlega raunsæja og kraftmikla glæpasögu.“
ÞÞK, Bokmenntir.is




DYNAMO REYKJAVÍK

„Hlustað er spennandi, rígheldur og fléttan gengur smekklega upp.“
ÞÞ, FRÉTTATÍMINN, 22. NÓV.

BJARTUR


Íslendingur sem bjargaði lífi drengs í Danmörku 2008 sýnir enn snarræði:

# Hjálpaði Rúmenum úr eldsvoða

**FÓLK** Þeir Gunnar Þór Nilsen og Friðrik Elís Ásmundsson björguðu í gær rúmenskri fjölskyldu úr brennandi íbúð í Árósum. Gunnar sá út um glugga á íbúð sinni hvar eldur hafði kviknað í gardínum í íbúð hinum megin við götuna.

Eldur logaði út um glugga eins herbergis og hafði einn íbúi farið út um hann og sviðnað töluvert. Sá sagði Íslendingunum að fleiri væru í íbúðinni. Gunnar og Friðrik fóru þá þar inn og mættu konu með lítið barn í örmunum. Þeir hlúðu að fólkinu og aðstoðuðu aðra íbúa við að komast út.

Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins þegar slökkviliðið mætti skömmu síðar. Rúmenska fjölskyldan var flutt á sjúkrahús. Öll kvörtuðu þau undan særindum í lungum og Gunnar segir einn manninn hafa sviðnað töluvert.

Í desember 2008 bjargaði Gunnar lífi ungs drengs sem slasaðist mjög illa í árekstri í Danmörku. Meðal annars losaði Gunnar tvær tennur úr koki drengsins sem ollu því að hann var næstum kafnaður. - grv



Gunnar Þór Nilsen sýndi snarræði á slysstað í Horsens í Danmörku:

Íslendingur bjargar lífi Dana

**FRÉTTABLAÐIÐ 16. DESEMBER 2008** Gunnar Þór Nilsen aðstoðaði ungan dreng, sem slasaðist í bílslysi í desember 2008, og bjargaði lífi hans.

# Vertu í sterkara sambandi með iPhone 5s




iPhone 5S

**iPhone 5s**

Verð frá:
109.900 kr.

**Spotify Premium í**
**1 mán. og allt að**
**1 GB x 12 mán.**

16GB 8MP 1,3GHz 4.0" 1080p@30fps WiFi

## Stórlækkað verð og glæsilegur kaupauki

Apple og Síminn eru komin í sterkara samband. Til að fagna því og hagstæðara verði bjóðum við veglegan kaupauka með nýjum iPhone 5s og iPhone 5c fyrir jólin: **Aukahlutapakka að verðmæti 8.000 kr., Spotify Premium áskrift í heilan mánuð og Netið í símanum í heilt ár.**

ENNEMM / SÍA / NM60380

Síminn

# Við viljum læra af mistökunum

Stjórnendur Landspítalans vilja byggja upp menningu meðal starfsmanna sem hvetur þá til að tilkynna öll mistök. Þau óttast að ef heilbrigðisstarfsmaður verður ákærður fyrir manndráp af gáleysi hafi það áhrif á heiðarleikann og breyti starfsháttum starfsmanna.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Hjúkrunarfræðingur sem gerði mistök í starfi gæti átt von á ákæru fyrir manndráp af gáleysi.

Atvikið átti sér stað í október í fyrra og mistök urðu þess valdandi að maður sem lá á gjörgæsludeild Landspítalans lét lífið. Í kjölfarið fór af stað lögreglurannsókn og nú er henni lokið.

Verði ákært verður það í fyrst skipti á Íslandi sem ákært verður fyrir manndráp af gáleysi vegna starfa í heilbrigðisþjónustu. Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, og Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum ræddu öryggi sjúklinga og viðbrögð við mistökum við blaðamann.

### Að þora að horfast í augu við mistökin

Fyrir um það bil tveimur árum tók Landspítalinn upp nýja nálgun í gæðamálum sem byggist á þeirri hugmyndafræði að það sé mannlegt að gera mistök. Kerfið er byggt á þeirri staðreynd að spítalar eru hættulegir, áhættustigið er hátt og mistök í starfi geta haft mun alvarlegri afleiðingar en á mörgum öðrum vinnustöðum. Ólafur segir Landspítalann hafa verið nokkuð lengi að taka upp þessa hugmyndafræði.

„Læknar fyrr á árum voru ósnertanlegir og af sumum álitnir hálfgerðir guðir. Þeir gerðu bara ekki mistök. En auðvitað gerum við læknar mistök, það eru ekki til spítalar þar sem engin mistök eru gerð. En mistökunum var ekki sinnt nægilega vel. Landspítalinn var nokkuð lengi að koma sér úr þessum sporum en það hefur gerst á síðustu tíu til fimmtán árum,“ segir Ólafur.

Hann segir að á undanförnum tveimur árum hafi mikil áhersla verið lögð á gæði og öryggi. „Við erum að innleiða öryggismenningu á spítalanum. Öryggismenning byggist á trausti og hvetur fólk til að segja frá mistökum, bæði sínum og annarra, með það að markmiði að bæta verklag og læra af mistökunum. Okkar stærsta markmið er að tryggja öryggi sjúklinga okkar og við álítum þetta bestu leiðina.“

### Verklag til fyrirmyndar

Sigríður segir að í þessu tiltekna atviki hafi starfsmenn brugðist hárrétt við og allir sýnt það traust og heiðarleika sem fyrirfinnst í öryggismenningu. „Starfsmenn létu vita að þeir grunuðu að mistök hefðu átt sér stað. Þá var strax haft samband við yfirstjórn og málið sett í rannsókn í samstarfi við alla starfsmenn og þar á meðal hjúkrunarfræðinginn sem liggur undir grun. Þetta var fyrsta atvikið þar sem svo vönduð rótargreining var notuð til að komast að upprúna mistakanna. Það er í raun okkar gæfa á þeim tíma að við vorum tilbúin að takast á við þetta,“ segir Sigríður. „Niðurstaða rannsóknar okkar var, eins og í allflestum atvikum, að samverkandi þættir ollu mistökum.“

Atburðir sem falla undir samverkandi þætti eru til dæmis misskilningur eða léleg samskipti, óskýr verkferill, bilað tæki eða röng skráning á lyfjagjöf. Eitthvað gerist, sem veldur ekki með beinum hætti mistökunum, en veldur því að mistök eru gerð í kjölfarið. Í þessu tilfelli endaði röð slíkra atburða með yfirsjón starfsmanns. „Nánar getum við ekki skýrt frá þessu atviki vegna persónuverndarsjónarmiða auk þess sem málið er hjá dómstólum,“ segir Sigríður.



**VILJA UMRÆÐU** Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, og Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, á Landspítalanum fagna umræðu um öryggi sjúklinga enda sé það þeirra helsta markmið í þjónustunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Dómsmál skemmir traustið

Á næstunni mun koma í ljós hvort hjúkrunarfræðingurinn verður ákærður fyrir þessi mistök. „Ef verður ákært í þessu máli og ég tala nú ekki um ef verður sakfellt þá mun það breyta íslensku heilbrigðiskerfi. Ég óttast að starfsmönnum finnist þeir ekki öruggir ef þeir segja frá og eiga á hættu að fá dóm,“ segir Sigríður.

„Ef okkar vel menntaða og hæfa fólk er útsett fyrir því að vinna við erfiðar aðstæður, lélegan húsbúnað og lélegan tækjakost, ósamkeppnishæf laun og þar ofan á að eiga í hættu að vera ákært fyrir að gera mistök í starfi sem sannarlega eru ekki af ásetningi, þá líst mér ekki á blikuna.“

Ólafur tekur undir orð Sigríðar og vill ekki sjá heilbrigðisstarfsmenn fara í sama farið og fyrr á árum. „Við viljum frekar hafa opna menningu, með hlutina uppi á yfirborðinu en viljum alls ekki sópa mistökum undir teppi. Við erum enn að glíma við afleiðingar fyrri ára, þegar ekki var tekið með skýrum hætti á erfiðum atvikum sem komu upp í heilbrigðiskerfinu. Við erum enn að fá upp mál aðstandenda eða sjúklinga sem hafa aldrei fengið úrlausn sinna mála og við skiljum að það sé erfitt. Við viljum breyta þessu og fyrirbyggja fleiri mistök,“ segir Ólafur.

### Viljum samvinnu

Í þessu samhengi segir Sigríður að það sé mikilvægt fyrir alla að eiga í góðri samvinnu við aðstandendur þegar alvarleg atvik eiga sér stað. „Í þessu tilfelli var fjölskyldan upplýst strax í upphafi. Ég held að ef fólk fær að fylgjast með þá upplifi það frekar einhvers konar lok á málinu og geti jafnvel fundið sátt. Samvinna við sjúklinga og aðstandendur er okkur mikilvæg. Við viljum að fólk upplifi öryggi á spítalanum okkar.“

## Þurfum að horfast í augu við vandann



Auðbjörg Reynisdóttir er hjúkrunarfræðingur og formaður félagsins Viljaspors. Félagið veitir stuðning við þolendur atvika, er upplýsingaveita og vill vera í samvinnu við heilbrigðismál vegna mistaka í heilsugæslu.

„Mér þykir ekki til framdráttar þjónustun,i að fara þá leið að ákæra fólk þegar kemur að alvarlegum atvikum í heilbrigðisþjónustu,“ segir Auðbjörg. „Það þarf frekar að vera rannsóknarferli sem skilar þekkingu um hvað gerðist. Mikilvægt er að eftirlitsaðilinn og rannsakandinn í slíkum rannsóknum sé óháður aðili og tengist ekki ferlinu.“

Auðbjörg segir það ekki gefa sjúklingum sem lenda í mistökum fróun að einhver ákveðinn sé dreginn til ábyrgðar. „Það sem er mikilvægast er að lært sé af mistökum og komið í veg fyrir að þetta atvik gerist aftur. En það þarf að klára svona mál, ekki bara gera mistök og biðjast afsökunar. Það þarf einhvers konar uppgjör og sátt. En sáttin felst ekki í dómi sem ein manneskja þarf að bera.“

Auðbjörg segir mikilvægt að horfast í augu við raunveruleikann og þannig skapist menning sem bjóði upp á fagleg vinnubrögð. „Eins og horfst var í augu við kynferðisofbeldi gegn börnum. Þá loksins var tekið á málunum þannig að það skilaði árangri. Það sama þarf að gera með mistök heilbrigðisstarfsmanna. Við þurfum að hafa hugrekki til að viðurkenna mistök.“



markhönnun ehf

# STÓRBROTIÐ MEISTARAVERK!




**Ragnar Axelsson** er talinn í hópi helstu ljósmyndara heims og hefur verið óþreytandi að mynda lífið eins og því er lifað á Íslandi til sveita og sjávar. Í meira en aldarfjórðung hefur hann slegist í hóp fjallmanna við fjárleitir á Landmannaafrétti. Hvort sem er í hríð, úrhelli eða um sólbjartan dag hefur hann fylgt bændum eftir á ferð þeirra um einn stórbrotnasta landsvæði sem sögur fara af: hið litríka og margbrotna Fjallabak. Afraksturinn er ljósmyndabók sem á sér fáar hliðstæður.

**7.990 KR**



netto bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

Verktakar frá tveimur mismunandi fyrirtækjum annast snjómokstur af götu og gangstétt í Barðavogi:

# Mismunandi verktakar í snjómokstrinum

**SAMGÖNGUR** Verktakar frá tveimur mismunandi fyrirtækjum annast snjómokstur í Barðavogi í Reykjavík.

Í Fréttablaðinu í gær greindi íbúi við Barðavog frá því að snemma dags væri snjór mokaður af gangstéttinni sem hann gengur eftir á leið sinni til vinnu. Seinni partinn þegar hann gengur heim á leið hefur snjó af götunni verið mokað aftur yfir gangstéttina.

„Verktakar sjá um að moka göturnar að fyrirskipun eftirlitsmanna,“ segir Sigurður Geirsson, yfirverkstjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, aðspurður. „Það er kannski hægt að gera betur einhvers staðar. Ef menn vinna enn betur saman, þeir sem moka gangstéttir og götur, þá er eflaust hægt að laga það.“

Aðspurður segir Sigurður málið snúið hvað Barðavog varðar. Þar er gangstétt öðrum megin sem liggur alveg upp við götuna. Þangað kemur snjórinn óhjákvæmilega þegar hann er skafinn af götunni. „Snjórinn gufar ekki upp, á einhvern stað fer hann. Ef það er hægt að fjarlægja snjóinn eða keyra hann í burtu, væri það gott en það er óheyrilegur kostnaður við það. Það er svipað með hundruð annarra gatna í borginni, litlar götur með stétt öðrum megin.“

Spurður hvort mögulegt sé að ryðja snjónum aftur í burtu af gangstéttinni segir hann það erfitt. Tækin fyrir gangstéttirnar séu um þrjú tonn að þyngd og þau ráði ekki við svo mikinn snjó.

Sigurður Geirsson, yfirverkstjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar, er þakklátur fyrir ábendingu íbúans í Barðavogi og segir að reynt verði að leysa málið eftir bestu getu. „Þetta gerist á hverjum einasta vetri þegar snjóar oftar en einu sinni á dag. Við erum að fara á stjá klukkan þrjú á nóttunni og erum á vakt til ellefu á kvöldin. Við erum þessir góðu jólasveinar sem eru alltaf á ferðinni.“ **- fb**



**SNJÓMOKSTUR** Verktakar frá tveimur mismunandi fyrirtækjum annast snjómokstur í Barðavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Ríkið yfirtekur ekki skuldir Sunnuhlíðar

Samkomulag hefur tekist milli stjórnar hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar og heilbrigðisráðuneytisins um að ríkið taki yfir rekstur heimilisins um áramót. Sunnuhlíð skuldar 260 milljónir. Ekki er enn ljóst hvernig skuldirnar verða gerðar upp.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Næsta skref verður að finna leiðir til að leysa skuldavandann. Sunnuhlíð á fasteignir sem duga fyrir skuldunum,“ segir Jóhann Árnason, framkvæmdastjóri Sunnuhlíðar.

Þar sem ríkið yfirtekur einungis reksturinn verða skuldirnar skildar eftir í gamla sjálfseignarfélaginu. Hjúkrunarheimilið skuldar lífeyrissjóðum og birgjum meðal annars vegna kaupa á mat og lyfjum um 260 milljónir króna.



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON**

Heilbrigðisráðherra og stjórn Sunnuhlíðarsamtakanna hafa náð samkomulagi um að ríkið yfirtaki rekstur hjúkrunarheimilisins í Sunnuhlíð frá og með næstu áramótum. Stjórn Sunnuhlíðar hefur óskað eftir því að velferðarráðuneytið komi að viðræðum um leiðir til að takast á við uppsafnaðar skuldir vegna rekstrar hjúkrunarheimilisins og hefur ráðuneytið fallist á það.

Ríkið ætlar ekki að reka Sunnuhlíð nema í skamman tíma og leitað verður að nýjum rekstraraðila til reka heimilið. Samkvæmt upplýsingum frá Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra verður það á ábyrgð þess sem tekur yfir reksturinn að ráða heimilinu nýjan framkvæmdastjóra.



**RÍKIÐ YFIRTEKUR** Stjórn Sunnuhlíðarsamtakanna hefur samið við ríkið um að það yfirtaki rekstur heimilis frá frá áramótum. Við yfirtökuna er lögð áhersla á að ekki verði röskun á þjónustu við íbúana eða stöðu starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhann segir því að yfirtakan leysi ekki allan vanda en hún tryggi þeim sem búa í Sunnuhlíð áframhaldandi vist og starfsmönnum áframhaldandi vinnu.

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð er sjálfseignarstofnun sem var sett á fót 1979 af níu klúbbum og félögum í Kópavogi en heimilið tók til starfa 1982. Í Sunnuhlíð eru 73 hjúkrunarrými og 18 dagdvalarrými.

Sunnuhlíðarsamtökin reka auk hjúkrunarheimilisins rúmlega 100 íbúðir fyrir aldraða. Rekstur íbúðanna er aðskilinn rekstri hjúkrunarheimilisins en íbúarnir hafa getað notið þjónustu á hjúkrunarheimilinu. Sú þjónusta verður áfram í boði eftir að ríkið tekur við rekstrinum.



**„Sunnuhlíð á fasteignir sem duga fyrir skuldunum.**

*Jóhann Árnason, framkvæmdastjóri Sunnuhlíðar*

**johanna@frettabladid.is**




Breytingartillaga veitir öllum flóttamannahópnum á Akranesi réttindi:

# Ekki lengur ríkisfangslausar samþykki Alþingi tillögu

**ALÞINGI** Fimm í viðbót fá ríkisborgararétt samkvæmt breytingartillögu sem Allsherjar- og menntamálanefnd lagði fram á þingfundi í gær.

Þessir fimm einstaklingar eru alllir frá Írak og eru hluti af palestínskum flóttamannahópi frá Írak sem kom til landsins árið 2008 og hafa verið án ríkisfangs í fimm ár.

Einungis var gert ráð fyrir að hluti af hópnum fengi ríkisborgararétt í frumvarpinu sem kynnt var í gær.

„Íslenskupróf réð því hverjir fengu ríkisborgararétt í frumvarpi okkar,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður nefndarinnar.

„En eftir að hafa fengið gögn send til okkar í dag varðandi málið gerðum við breytingartillögu. Það koma upp tilvik þar sem ákveðinn ómöguleiki er í gangi og þá metum við málið eftir öðrum viðmiðum.“

Nú eru því allir í hópnum, sem sóttu um ríkisfang, komnir með íslenskt ríkisfang ef breytingartillagan verður samþykkt á þingi. **- ebg**



**FÉKK RÍKISBORGARARÉTT** Ayda Abdallah M Al Esa var ein af þeim sem fengu ekki ríkisborgararétt í fyrstu umferð en hún hefur beðið þess í fimm ár að heimsækja dóttur sína í Bandaríkjunum. MYND/ARI SIGVALDASON



RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÆGINDASTÓLUM



20% AFSLÁTTUR



NUDDSTÓLL




20% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 4.995
**3.995**

**NELL SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómullarsatín.
Lokað að neðan með tölum.
140 x 200 sm. / 50 x 70 sm.
Vnr. 1259480

## OPIÐ TIL KL. 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA!




Koddi 50 x 70 sm. 4.995

ANDADÚNSÆNG

SPARIÐ 2.000 AF SÆNGUM

FULLT VERÐ: 16.950
**14.950**

**KRONBORG LUX ANDADÚNSÆNG**
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur. Þyngd: 900 gr. Stærð: 135 x 200 sm.
Extra löng: 135 x 220 sm. **17.950** nú **15.950** Má þvo við 60°C.
Koddi: 50 x 70 sm. **4.995** Vnr. 4018850, 4218804



SPARIÐ 2.000

FULLT VERÐ: 6.995
**4.995**

**RAFMAGNSHITATEPPI**
Stórt og gott rafmagnshitateppi. 2 hitaþrep.
Stærð: 80 x 150 sm. Vnr. 1984200



ALLT AÐ 31% AFSLÁTTUR

BARNASTÆRÐ
FULLT VERÐ: 2.895
**1.995**

**NÁTTBUXUR**
Þægilegar herra-, dömu- og barnanáttbuxur. 4 mismunandi litir fáanlegir. Fullorðinsstærð **3.895** nú **2.995**
Stærðir: S-XL. Barnastærð: 4-14 ára.
Vnr. RL-557PINK W, RL-551GREY SR



20% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 9.995
**7.995**

**ARDEN GÍNA**
Stærð: B36 x H168 x D24 sm.
Vnr. 3600010



50% AFSLÁTTUR

BÓMULLARSATÍN

ST. 140 X 200 SM.
FULLT VERÐ: 9.995
**4.995**

**LOTUS SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómullarsatín. Stærðir:
140 x 200 sm. **9.995** nú **4.995**
140 x 220 sm. **10.950** nú **5.475**
200 x 220 sm. **14.950** nú **7.475**
Lokast að neðan með tölum.
Vnr. 131-13-1129, 131-13-1129 , 134-13-1047



25% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ FRÁ: 2.695
**1.995**

**VALENCIA DÚKAR**
Frábærir matar- og kaffidúkar úr míkróefni sem hrindir frá sér vætu. Litir: Svartur, hvítur, kremaður og rauður.
Fást í mörgum stærðum:
Ø160 sm. **2.695** nú **1.995** 150 x 220 sm. **2.995** nú **2.245**
150 x 250 sm. **3.495** nú **2.595** 150 x 300 sm. **3.695** nú **2.769**
150 x 320 sm. **3.995** nú **2.995** 150 x 350 sm. **4.495** nú **3.369**
Vnr. 519-11-1001




ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ:
**239**

**KRONBORG DELUXE HANDKLÆÐI**
Mjúk og þægileg handklæði. Efni: 100% bómullarfrotté.
Fáanleg í nokkrum fallegum litum.
Stærðir: 30 x 30 sm. **299** nú **239**
50 x 100 sm. **1.295** nú **969**
70 x 140 sm. **2.495** nú **1.869**
Vnr. 40317001

# 20-90% AFSLÁTTUR

## AF ALLRI JÓLAVÖRU!

Tilboðin gilda til 24.12.13

Nemendur úr Reykjanesbæ fengu viðurkenningu fyrir frábæran árangur:

# Nær hundrað með toppeinkun

**MENNTAMÁL** Nær eitt hundrað nemendur úr Reykjanesbæ eru á meðal þeirra 10 prósenta nemenda á landinu sem hlutu hæstu einkunnir á samræmdum prófum í haust.

Í tilefni af þessum árangri bauð bæjarstjórinn í Reykjanesbæ, Árni Sigfússon, til móttöku í Víkingaheimum þar sem nemendum voru veitt viðurkenningarskjöl.

„Þegar nemandi brýtur af sér í skólastarfinu, er gjarnan kallað á foreldra og þeim gerð grein fyrir vandanum og óskað samstarfs um að leysa vandann. En þegar nemandi skilar frábærum árangri þá, því miður, köllum við ekki alltaf foreldra til sérstaklega eða nefnum það við nemendur hvort þeir geri sér grein fyrir hvað þeir eru að afreka. Það viljum við gera hér,“ sagði Árni í ávarpi sínu.

„Þið eruð að sýna frábæran mælanlegan árangur á landsmælikvarða og þið eruð skóla ykkar, umhverfinu og samfélaginu til sóma og mikil hvatning fyrir aðra nemendur.“ - fb



**MEÐ VIÐKURKENNINGARSKJÖL** Nemendur úr Reykjanesbæ í Víkingaheimum með viðurkenningarskjölin sín.

Tugir sóttu um þróunarstyrk:

# Nítján deila 33,5 milljónum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Úthlutað var 33,5 milljónum í styrki til nítján verkefna úr Þróunarsjóði ferðamála í gær.

Að sjóðnum standa Landsbankinn og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Markmiðið með starfrækslu hans er að efla starfsemi fyrirtækja í ferðaþjónustu utan háannatíma og auka arðsemi þeirra.

Þetta er í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum og barst honum 61 umsókn að þessu sinni. - shá


ASA HÁLSMEN 9.700 kr.
ASA HRINGUR 9.900 kr.
ASA LOKKAR 9.700 kr.



Glæsilegar jólagjafir



ROSENDAHL 24.900 kr.



ARNE JACOBSEN 64.900 kr.



CASIO 13.600 kr.



ARMANI 60.800 kr.

Ný vefverslun á michelsen.is

MICHELSEN ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
Sími 511 1900 - www.michelsen.is



JÓLATILBOÐ
Jólagjöf heimilisins




Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

Mjög vandað 3ja brennara gasgrill á sterkri viðargrind
Brennarar úr pottjárni
Grillgrindur og hitadreifarar úr emaleruðu pottjárni
Lok og grill eru postulíns emaleruð utan sem innan
Neistakveikja í öllum tökkum
Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu - Hitamælir
Orka: 13,2 KW = 45.000 BTU
Grillflötur: 64 x 48,5 cm
Stærð: 150 x 108 x 62 cm

Grillbúðin www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554-0400
www.grillbudin.is



jura




ENA MICRO 9 ONE TOUCH

Fékk hæstu einkun hjá þýsku neytendasamtökunum en 14 vélar voru prófaðar. Hægt að velja um kaffi, espresso, latte macchiato, cappuccino eða heitt vatn í te með því að þrýsta á einn hnapp.

*Líttu við hjá Eirvík og kynntu þér ENA 1 eða ENA 9 OneTouch með Aroma+ og við bjóðum þér í kaffi.*

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




**JÓLAVERSLUN** Þjóðarsálin virðist ekki nema efnahagsbatann sem endurpeglast í tölum um hagvöxt og framleiðslu, segir Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor í nýrri grein sem hann skrifar í Vísbendingu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Kreppan búin en stemning er samt slæm

Hagvöxtur hefur aukist frá miðju ári 2010. Er svipaður og á hápunkti síðustu efnahagsuppsveiflu. Rýrar þjóðartekjur og slæm viðskiptakjör skerða lífskjör.

**EFNAHAGSMÁL** Kreppan er búin, hvort sem litið er til hagvaxtar eða framleiðslustigs. Þetta kemur fram í nýrri grein sem Gylfi Zoëga, hagfræðiprófessor og liðsmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans, ritar í efnahagsritið Vísbendingu. Hann veltir upp spurningunni af hverju ekki hafi birt meira yfir þjóðarsálinni, þrátt fyrir góðan árangur sem hér hafi náðst í hagstjórn síðustu árin.

„Stjórnmálamenn og álitsgjafar halda flestir áfram að mála skrattann á vegginn þó að hagtölur segi að kreppan sé búin,“ segir í grein Gylfa. Hann bendir á að hallarekstur ríkissjóðs hafi minnkað, hagvöxtur verið í nokkur ár, atvinna aukist og skuldir lækkað. Þannig hafi verg landsframleiðsla aukist hér samfellt allt frá miðju ári 2010 og sé nú að ná því stigi sem hún hafi verið á í hápunkti síðustu uppsveiflu. „Til dæmis er hún tæplega sjö prósentum meiri en hún var á þriðja ársfjórðungi árið 2005.“

Einn þátt, sem gerir að skynjun þjóðarinnar á gangi efnahagsmála er ekki í takt við hagvöxt, segir Gylfi til dæmis vera að þjóðartekjur hafi ekki vaxið að sama skapi. Leita þurfi aftur til 2003 til þess að finna jafnlitlar vergar þjóðartekjur. „Ástæðan er sú að viðskiptakjör eru nú afar slæm og hafa ekki verið jafnslök í áratugi.“ Þannig myndi viðsnúningur á útflutningsmörkuðum, svo sem í Suður-Evrópu bæta lífskjör hér á landi í framtíðinni.

Aukinheldur fari hluti þjóðartekna í afborganir af erlendum lánum um leið og samanburðurinn við uppsveifluárin 2006 til 2008 geri fólki erfitt fyrir að meta þann árangur sem náðst hafi.



GYLFI ZOËGA

„Ástæðan er sú að lífskjör þessi árin voru betri en hagkerfi okkar getur staðið undir og byggðust að miklu leyti á erlendum lántökum sem fjármögnuðu viðskiptahallann,“ segir Gylfi. Eðlilegri samanburður væri við árin 2002 og 2003. Um leið hafi skattar líka verið hækkaðir á einstaklinga.

„Á þennan hátt er kannski unnt að skýra af hverju kreppulokum er ekki fagnað meira en raun ber vitni. Það skýrir einnig hvers vegna erlendir greiningaraðilar, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og fleiri, líta hagþróunina hér bjartari augum en margir landsmenn.“ Gylfi líkir þjóðinni við fjölskyldu sem þurfi að standa skil á lánum og hafi orðið fyrir kauplækkun, þótt ekki skorti atvinnu.

Um leið segir Gylfi lífskjarabata geta látið bíða eftir sér vegna fyrirsjáanlegra þungra afborgana af erlendum lánum 2015 til 2018. Við þessar aðstæður ættu stjórnvöld að leggja áherslu á að efla innlendan sparnað. „Þeir sem leggja áherslu á aukna einkaneyslu við núverandi aðstæður lifa í hugarheimi lokaðs hagkerfis, en ekki í opnu og litlu hagkerfi þar sem stór hluti aukinnar einkaneyslu fer í innflutning og eykur þjóðarútgjöld meira en þjóðarframleiðslu.“ Mikilvægast segir Gylfi þó að búa til umhverfi sem hjálpi nýjum fyrirtækjum að vaxa, dafna og auka framleiðni og tekjur til langs tíma.

olikr@frettabladid.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 133463



**OPNUNARTÍMAR FRAM AÐ JÓLUM**

20. DES. 10–22
21. DES. 10–22
22. DES. 12–22
23. DES. 10–23
24. DES. 10–12

# ÚRVAL **GJAFA** FYRIR **ÚTIVISTINA**



**SCOTT GLERAUGU RECOILXI SC**

**6.990 KR.**



**SCOTT CODY II LÚFFUR**
Stærðir M–3XL

**9.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Rauður, kvk. Stærðir XS–XXL
Svartur, kk. Stærðir S–XXL

**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Rauðar, kvk. Stærðir XS–XXL
Svartar, kk. Stærðir S–XXL

**10.990 KR.**



**HAWKE HANDSJÓNAUKI**

**3.490 KR.**
Verð áður 4.990 kr.



**DEVOLD POLAR JAKKI**
Blá og fjólublá
Stærðir 6–16

**13.990 KR.**



**REM HREINSISETT FYRIR VEIÐIBYSSUR**

**5.990 KR.**



**DEVOLD WOOL MESH KRAGI**

**4.990 KR.**



**COLEMAN HÖFUÐLJÓS LED FJÖLLITA**

**7.490 KR.**



**DEVOLD LATITUDE VETTLINGAR**
Stærðir M–XL

**5.990 KR.**



**MUND EVEREST GÖNGUSOKKAR**
Stærðir 36–49

**4.990 KR.**



**LEGGHLÍFAR GAITER 420 HD**
Einnig í svörtu

**6.990 KR.**



**DIDRIKSONS BIGGLES LÚFFUR**
Bleikar, bláar, dökkbláar, rauðar, svartar, grænar og fjólubláar
Stærðir 0–4

**2.990 KR.**



**DIDRIKSONS BIGGLES HÚFA**
Bleik, blá, dökkblá, rauð, svört, græn og fjólublá
Stærðir 50–54cm

**2.990 KR.**



**DEVOLD WOOL MESH HÚFA**

**5.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 •
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **ellingsen.is**

**Munið gjafabréfin!**




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll



**1398** kr. kg
Lambalæri, trönuberja- og eplamarinerað




# JÓLAMATUR FYRIR ALLA!

**2998** kr. kg
Sambands hangilæri, úrbeinað



23% afsláttur

**998** kr. kg
Verð áður ~~1298~~ kr. kg
Grísahryggur með pöru



25% afsláttur

**598** kr. kg
Verð áður ~~798~~ kr. kg
Svínabógur, hringskorinn




10% afsláttur

**3148** kr. kg
Verð áður ~~3498~~ kr. kg
Fersk kalkúnabringa



**1398** kr. kg
Krónu hamborgarhryggur

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

# Smakk alla daga!

Komdu og smakkaðu á jólakjötinu í jólakofanum hjá okkur milli kl. 12 og 19 alla daga til jóla.







Í Krónunni Bíldshöfða, Granda, Lindum og Mosfellsbæ

SAFARÍKAR KLEMENTÍNUR



795 kr. kassinn

2,3 kg

Klementínur, 2,3 kg



499 kr. pk.

Driscolls jarðarber, 250 g



Veislufuglinn er kominn í allar Krónuverslanir!

1298 kr. kg

Matfugl, Veislufugl með fyllingu

Sjá jóla opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is




# Gaia kortleggur Vetrarbrautina

Geimvísindastofnun Evrópu skaut geimfarinu Gaiu út í geim frá skotpalli í Franska Gvæjana í gær. Þess bíður um mánaðarferðalag en ákvörðunarstaðurinn er í um 1,5 milljóna kílómetra fjarlægð frá jörðu. Tilgangur þessa fimm og hálfs árs verkefnis er að kortleggja og mæla fjarlægðir til um eins milljarðs stjarna og draga þannig upp þrívíða mynd af Vetrarbrautinni. Hún er búin gríðarlega nákvæmum mælitækjum, þar á meðal tveimur stjörnukíkjum sem tengdir eru myndavél sem tekur myndir með eins milljarðs megapixla upplausn. Til samanburðar eru góðar myndavélar í farsímum oft um 10 megapixel. Með henni mun Gaia fylgjast með um einum milljarði stjarna og margs konar öðrum fyrirbærum, til dæmis reikistjörnum, smástirnum og halastjörnum.





**FLÝJA ÁTÖK** Langt er síðan ásókn hælisleitenda var eins mikil í Danmörku og nú. NORDICPHOTOS/AFP

Hörmungar og átök fjölga flóttafólki í Danmörku:

# Hælisleitendur ekki fleiri síðasta áratug

**DANMÖRK** Stríður straumur hælisleitenda hefur verið til Danmerkur í ár. Samkvæmt frétt Politiken hafa alls 7.252 sótt þar um hæli í ár, sem er það mesta sem verið hefur í tíu ár. Ekki stendur þó til að breyta lögum í málaflokknum.

Langflestir koma frá Sýrlandi, um 1.500 talsins, en næstflestir, 800 manns, frá Sómalíu.

Mörgum er vísað frá, en í ár hafa 2.831 umsækjandi fengið hæli, sem er mesti fjöldinn sem verið hefur í nítján ár.

Þrátt fyrir þessa fjölgun og hið aukna álag sem hún hefur haft á stjórnsýsluna, segja dönsk stjórnvöld að ekki standi til að breyta löggjöf um hælisleitendur.

Mette Reissmann, talsmaður Sósíaldemókrata í málaflokknum, tekur alfarið fyrir slíkt.

„Svarið er nei. Við þurfum ekki annað en að líta út um gluggann og horfa yfir heiminn sem við búum í. Það er óhamingja og átakasvæði um heim allan. Lögunum hefur ekki verið breytt lengi og það er ekkert slíkt í pípunum.“ - þj

# VIÐ HÖFUM ALLT SEM BÖRNIN ÓSKA SÉR

**SPARAÐU 50% AF SÝNDUM VÖRUM**
**19. TIL 24. DESEMBER**

**RISAÚRVAL Á LÁGU VERÐI!**




38 CM

Disney Princess

**3.499**
**SPARIÐ 3.500**

089878
**GARÐABRÚÐA**
Venjulegt verð 6.999




playmobil

**6.499**
**SPARIÐ 6.500**

118020
**SJÓRÆNINGJAEYJA (5919)**
Venjulegt verð 12.999

Tilboðin gilda aðeins 19.–24.12.2013. Verð eru með vsk.
Fyrirvarar eru gerðir við mögulegar prentvillur eða að varan kunni að vera uppseld.


Toys R Us®
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Boðið til Kaupmannahafnar:

## Skoða þjónustu við flóttamenn

**SVEITARSTJÓRNIR** Fjölskylduráð Akraness vill þiggja boð fyrir tvo starfsmenn félagsþjónustunnar um að taka þátt í dagskrá í Kaupmannahöfn með öðru fagfólki frá Íslandi þar sem kynna á þjónustu við flóttafólk. „Stendur til að kynnast starfsumhverfi í málefnum flóttafólks, hælisleitenda og annarra innflytjenda, skoða móttökuþjónustu, velferðarþjónustu, afleiðingar áfallastreitu, sérstakan stuðning við börn og unglinga," segir fjölskylduráðið. **- gar**

Eiginkona Thamsanqa Jantjie telur að hann hafi fengið taugaáfall en hann sá engla við minningarathöfn:

## Táknmálstúlkur lagður inn á geðsjúkrahús

**MINNINGARATHÖFN** Táknmálstúlkurinn Thamsanqa Jantjie, sem vakti heimsathygli á minningarathöfn um Nelson Mandela fyrir undarlega tilburði sína, hefur verið lagður inn á geðsjúkrahús. Eiginkona hans, Sizime, telur að Jantjie hafi fengið taugaáfall.

Enginn skildi táknmálstúlkun Jantjie á minningarathöfninni, þar sem Barack Obama Bandaríkjaforseti var á meðal ræðumanna.

Síðar kom í ljós að túlkurinn hafði eitt sinn verið ákærður fyrir morð og nauðgun. Sjálfur sagðist hann hafa fengið geðklofakast við athöfnina og séð engla en tók það skýrt fram að hann kynni táknmálstúlkun.

„Síðustu dagar hafa verið erfiðir. Við höfum reynt að styðja við bakið á honum því svo virðist sem hann hafi brotnað saman," sagði eiginkona hans við dagblaðið The Star í Jóhannesarborg í Suður-Afríku. Hún fór með Jantjie í skoðun á geðsjúkrahúsið á þriðjudaginn og þar var óskað eftir því að hann yrði lagður inn þegar í stað.

Í síðustu viku sagði hún að eiginmaður sinn hefði átt að fara í skoðun á geðsjúkrahúsinu sama dag og minningarathöfnin fór fram en hann ákvað að fresta því.

Afríska þjóðarráðið segist hafa ráðið Jantjie nokkrum árum áður sem táknmálstúlk og það hafi aldrei fengið neina kvörtun yfir störfum hans. **- fb**



**HJÁ OBAMA** Thamsanqa Jantjie „túlkar" orð Baracks Obama við minningarathöfnina. MYND/AP



**ÓGN** Rannsóknin gæti varpað einhverju ljósi á þá þjóðtrú að halastjörnur séu slæmir fyrirboðar. MYND/EGILL AÐALSTEINSSON

Halastjarna breytti veðrinu:

## Kólnun tengd hungursneyð

**VÍSINDI** Brot úr halastjörnu Halleys virðist hafa lent á jörðinni árið 536 samkvæmt nýjum rannsóknum á ískjörnum frá Grænlandsjökli. Brotið lenti að öllum líkindum í sjónum.

Ryk sem brotið þyrlaði upp olli því að veður kólnaði á jörðinni. Kólnunin leiddi svo af sér þurrka og hungursneyð, samkvæmt umfjöllun á vefnum Live Science.

„Ég er með alls konar geimryk í ískjarnanum mínum," segir Dallas Abbott, prófessor við Kólumbía-háskóla, sem stýrði rannsókninni. Hann segir að rykið hafi valdið því að hitastig á jörðinni lækkaði um þrjár gráður.

Halleys-halastjarnan fer fram hjá jörðinni á um það bil 76 ára fresti, síðast árið 1986. Hún er aftur væntanleg árið 2061. **- bj**

**HAFNARFJÖRÐUR**

### Fríkirkjan fær milljón

Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur samþykkt beiðni Fríkirkjusafnaðarins í bænum um stuðning við framkvæmdir við Fríkirkjuna vegna 100 ára afmælis hennar. Veita á söfnuðinum eina milljón króna í styrk.

# Fleiri nauðungarvistanir að beiðni félagsþjónustunnar

Innanríkisráðherra segir nauðungarvistun og sjálfræðissviptingu vera til skoðunar hjá ráðuneytinu sem hefur verið í samráði við hóp aðila sem koma að málinu. Til athugunar er aðkoma aðstandenda að beiðnum um nauðungarvistun, en samkvæmt ráðuneytinu fjölgar beiðnum frá félagsþjónustu en fækkar frá aðstandendum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Innanríkisráðherra segir framkvæmd nauðungarvistunar og sjálfræðissviptingar vera til skoðunar hjá ráðuneytinu. Fréttablaðið hefur fjallað um málaflokkinn undanfarna viku og komið hefur fram margvíslegt gagnrýni.

„Þessi mál hafa verið til skoðunar í ákveðinn tíma. Ráðuneytið er meðvitað um að skoða þarf breytingar á nauðungarvistunum í heild sinni. Við höfum verið í samráði við fjölbreyttan hóp aðila sem koma að málinu og við munum halda áfram þeirri vinnu á nýju ári," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra.

„Verið er að skoða hvort eigi að byggja þetta öðruvísi upp," segir Hanna Birna. „Við höfum til dæmis séð að velferðarþjónustan sækir oftar um nauðungarvistun og sjálfræðissviptingu en aðstandendur," segir hún en það hefur meðal annars verið gagnrýnt að aðstandendur geðsjúkra komi að því að sækja um nauðungarvistun, þar sem það hafi slæm áhrif á samskipti innan fjölskyldna.

„Þá teljum við tilefni til að fara yfir verklagsreglur," segir Hanna Birna, en á nýju ári mun áðurnefndur hópur samráðsaðila leggja fram minnisblað með hugmyndum að næstu skrefum.

Fram hefur komið að innanríkisráðuneytið, sem er sá aðili sem samþykkir beiðnir um tuttugu og eins dags nauðungarvistanir, tekur ekki saman tölur yfir fjölda nauðungarvistana eða sjálfræðissviptinga með skipulegum hætti. Almenningur hefur því ekki aðgang að upplýsingum um fjölda nauðungarvistana eða þróun þeirra. Þá fór Landspítalinn þess á leit við innanríkisráðuneytið að tekinn yrði saman fjöldi sjálfræðissviptinga, en fékk synjun á þeim grundvelli að ekki yrði lögð vinna í slíka gagnaöflun.

Frá ráðuneytinu fást þær upplýsingar að breyting gæti orðið á þessu í kjölfar endurskoðunar á ferlinu í heild, enda séu tölulegar upplýsingar gott stjórntæki og mikilvægar fyrir stefnumótun.

„Ég held að það þurfi að skoða þetta allt í samhengi við vinnu ráðuneytisins. Einnig að upplýsingar séu aðgengilegar og að staða mála sé skýr. Það skiptir auðvitað miklu máli, enda viljum við tryggja að þessi mál séu unnin eins vel og faglega og frekast er unnt," segir Hanna Birna. **eva@frettabladid.is**



**NAUÐUNGARVISTUN** Innanríkisráðuneytið telur tilefni til þess að fara yfir verklagsreglur.



> **Ráðuneytið er meðvitað um að skoða þarf breytingar á nauðungarvistunum í heild sinni.**
>
> *Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra.*

**BEIÐNIR UM NAUÐUNGARVISTUN**

**Gagnrýnt hefur verið að aðstandendur þurfi að leggja fram beiðni um nauðungarvistun. Hlutfall þeirra beiðna þar sem félagsþjónustan eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar leggur hana fram, hefur hækkað.**








Borgar Apótek
– Þín vegna

... opnar í Borgartúni
og býður lausasölulyf
á góðum kjörum!

949 kr.

Borgar Apótek | Borgartúni 28, 105 Reykjavík | sími 553-8331

# HÁTÍÐ Í BÆ

*Þú færð jólasteikina í Iceland*



**1698** KR. KG.

HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI FRÁ ESJU

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

PIPAR \ TBWA • SÍA • 133670

**ALLT MEÐLÆTIÐ OG MEIRA TIL**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 158 / 168 | 146 | 398 | 598 | 1698 | 1998 |
| Egils malt og appelsín, 33 cl | Ora grænar baunir, 420 g | Rauð jólaepli | Súkkulaðihjúpuð kirsuber, 24 stk. | Ömmubakstur laufabrauð, 15 stk. | Baileys kaka, 1200 g |

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA

Iceland

# Endurskoða þarf nauðungarvistanir

Í umfjöllun Fréttablaðsins undanfarna viku hefur komið gagnrýni á nauðungarvistanir og sjálfræðissviptingar. Nú stendur til að endurskoða framkvæmdina. Eva Bjarnadóttir bað fjóra aðila sem tengjast málaflokknum að ræða hvað má betur fara.

**1.** **Komið hefur fram að það sem af er ári hafa 167 einstaklingar verið nauðungarvistaðir í allt að 48 klukkustundir á Landspítalanum. Á landinu öllu hafa 88 einstaklingar verið nauðungarvistaðir í allt að tuttugu og einn dag það sem af er þessu ári.**

**2.** **Skortur er á upplýsingum um rétt sjúklinga, og deilt er um þvingaðar lyfjagjafir og aðkomu lögreglunnar. Þá tekur samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra sérstaklega á nauðung, og þarf líklega að endurskoða nauðungarvistanir í ljósi þess samnings.**

**3.** **Aðkoma aðstandenda að nauðungarvistunum hefur verið gagnrýnd, sem valdið hefur særindum og samskiptaörðugleikum í mörgum fjölskyldum í gegnum árin. Á sjúkrahúsinu á Akureyri er verklagið annað heldur en í Reykjavík og kemur félagsþjónustan ávallt að nauðungarvistun.**

**4.** **Nauðungarvistanir eru í raun afar fátíðar á Íslandi í samanburði við Norðurlöndin. Talið er að samfélagsgerðin, smæðin og þær hefðir sem skapast hafa í geðlækningum á Íslandi stuðli að því að fólk leggist frekar sjálfviljugt á sjúkrahús þegar það veikist.**

**5.** **Engar opinberar upplýsingar eru til um fjölda nauðungarvistaðra og innan stjórnkerfisins hafa þær ekki verið teknar saman skipulega. Bent er á að í lýðræðissamfélagi sé eðlilegt að hægt sé að hafa eftirlit með frelsissviptingum tiltekins sjúklingahóps. Til þess þurfi aðgang að upplýsingum.**

## Nauðungarvistun er alltaf neyðarúrræði og sársaukafull reynsla



**„Það hefur vakið athygli þeirra að hægt sé að nauðungarvista sjúklinga án þess að óla þá. Ég hef svarað því að okkar ólar séu í formi lyfjagjafa.**

*Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjuþjálfi, dósent við Háskólann á Akureyri og framkvæmdastjóri Hlutverkaseturs*

Góð fjölskyldutengsl, sjálfræði, virðing og að geta látið gott af sér leiða eru eftirsóknarverðir þættir sem vernda líkamlega heilsu sem og geðheilsu. Við sjálfræðissviptingu er árás gerð á persónulega líf okkar. Fjölskyldutengslin rofna og skaðast oft, við verðum fyrir frelsissviptingu og erum útilokuð frá samfélagi manna. Við verðum fyrir áfalli, föllum í virðingu, mikilvæg tengsl rofna og glötum trausti.

**Okkar ólar eru á formi lyfja**

Mér hefur alltaf þótt einkennilegt að fagmenn, sem hafa þekkingu á geðrænum veikindum, skuli hunsa þau áföll sem eru framkvæmd af þeim sjálfum eða í nafni geðheilbrigðisþjónustunnar. Sjálfræðissvipting er jafn alvarlegt áfall og önnur áföll sem við verðum fyrir í lífinu. Hana á að vinna af sömu alúð og nákvæmni eins og unnið er með önnur áföll sem koma til kasta heilbrigðisgeirans.

Geðheilbrigðisstarfsmenn frá hinum Norðurlöndunum, hafa heimsótt geðdeildir hér. Það hefur vakið athygli þeirra að hægt sé að nauðungarvista sjúklinga án þess að óla þá. Ég hef svarað því að okkar ólar séu í formi lyfjagjafa. Þeir sem hafa samanburð og hafa verið nauðungarvistaðir hér heima og á hinum Norðurlöndunum hafa mismunandi skoðanir á hvort sé betra. Sumir segja að ef þeir hefðu val myndu þeir vilja vera bundnir niður eða pakkað vel inn í ákveðnu ástandi, en aðrir myndu velja þann kostinn að vera sprautaðir niður. Báðar aðferðir innibera niðurlægingu og niðurbrot.

Það sem skiptir mestu máli er nálgun þeirra sem þurfa að beita aðra manneskju valdi. Þeir sem ná að meðhölda þann geðsjúka af virðingu og reisn í ömurlegum aðstæðum valda minnstum skaða.

**Áfallahjálp hluti af eftirfylgd**

Sú þekking sem við höfum í dag á geðrækt og bataferli mun leiðbeina okkur í framtíðinni að velja leiðir sem skaða sem minnst fjölskyldutengsl og önnur mikilvæg tengsl sjúklingsins. Áfallahjálp mun verða hluti af eftirfylgd nauðungarvistunar. Í eftirfylgd sjálfræðissviptingar verða skoðaðir allir valmöguleikar ef sú staða kæmi aftur upp að frelsissvipting yrði nauðsynleg. Sjúklingurinn sjálfur verður þar í aðalhlutverki, undir hann verða allir möguleikar bornir og það verður hann sem ákveður endanlega hvaða leið yrði farin. Þá verða einnig ræddar fyrirbyggjandi aðgerðir þar sem aðilar í stuðningsneti viðkomandi koma að málum.

## Nauðung og ofbeldi þarf að hverfa úr geðheilbrigðisþjónustunni



**„Alla tíð mun ofbeldi hafa verið beitt þegar sjúklingar á geðdeildum eru ekki viljugir að taka þau lyf sem læknir ákveður.**

*Sveinn Rúnar Hauksson, heimilislæknir og varaformaður Geðhjálpar*

Það var einkennilegt að sjá geðlækni á síðum þessa blaðs halda því fram að nauðung gagnvart geðsjúkum tíðkaðist ekki hérlendis: „Á Íslandi er löng hefð fyrir því að beita ekki geðsjúka nauðung,“ voru upphafsorð hans. Auðvelt er að skilja orð geðlæknisins þannig að hérlendis sé ofbeldi ekki beitt gagnvart sjúklingum á geðdeildum. Þetta getur þó vart verið skoðun hans. Alla tíð mun ofbeldi hafa verið beitt þegar sjúklingar á geðdeildum eru ekki viljugir að taka þau lyf sem læknir ákveður. Hjúkrunarfræðingar líta á það sem skyldu sína að gefa lyf, sem læknir fyrirskipar, með valdi ef sjúklingar samþykkja ekki að taka lyfin.

**Þöggun skilar engu**

Mín persónulega reynsla á árunum 1980-1985 var sú að við innlögn voru gjarnan kallaðir til sex til sjö karlkyns starfsmenn. Þeir felldu mig í gólfið og héldu mér á meðan hjúkrunarfræðingur dældi 16 mg af Haldoli í vöðva. Ekki var miklum tíma eytt í að athuga hvort ég væri til viðræðu um að taka umrædd lyf. Mér er kunnugt um að tiltölulega nýverið hefur orðið breyting á verklagi þegar beita á sjúklinga valdi. Eftir sérstaka þjálfun þarf nú ekki nema þrjá til fjóra starfsmenn til að halda sjúklingi meðan lyfjum er dælt.

Afneitun og þöggun á óþægilegum veruleika skilar okkur engu. Mér finnst það líka athyglisvert að í allri þessari lofsverðu umfjöllun Fréttablaðsins um nauðungarvistanir hafi hvergi verið minnst á þetta ofbeldi sem ég hef hér lýst. Sennilega er umræddur geðlæknir ekki einn á báti?

**Ofbeldi á aldrei rétt á sér**

Ég er nýkominn frá Gasa, þéttbýlasta svæði heims. Íbúarnir búa við herkví og skort á flestum sviðum, stríðsógn og ítrekaðar loftárásir. Geðraskanir hljóta að verða tíðar í slíku ástandi. Þar er þó aðeins eitt geðsjúkrahús með tveimur deildum, tíu rúm fyrir konur og tíu fyrir karla. Deildirnar eru opnar og í þau skipti sem ég heimsótti sjúkrahúsið voru rúmin ekki fullnýtt. Geðsjúkraþjónustan er nær alfarið byggð upp á samfélagsgeðlækningum með sjö miðstöðvum dreifðum um svæðið. Þá vantar mjög fíkniefnameðferð en lítt verður vart nauðungar í meðferð geðsjúkra.

Núgildandi lögræðislög og sú framkoma sem enn tíðkast á geðdeildum gagnvart hópi sjúklinga með geðraskanir verður að breytast. Lögin eru á skjön við Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fatlanir. Ofbeldi gegn sjúklingum eru mannréttindabrot sem hafa aldrei átt rétt á sér, og nú verða þau að heyra sögunni til.

## Bætum geðheilbrigðisþjónustuna



**„Besta forvörnin gegn því að fólk veikist alvarlega af geðsjúkdómum, og þar með besta vörnin gegn nauðungarvistunum, felst í góðri og samhæfðri geðheilbrigðisþjónustu.**

*Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Samfylkingu*

Við eigum það öll sameiginlegt að vilja taka ábyrgð á eigin lífi, vera til staðar fyrir aðra, hafa áhrif á samfélagið sem við búum í og á aðstæður okkar sjálfra. Samfélagið er flókið og við verðum daglega fyrir miklu áreiti. Flestir eru í mörgum hlutverkum og finnst oft erfitt að sinna þeim öllum og aðrir búa við félagslega einangrun eða finnst eins og að þeir hafi ekki hlutverk. Geðræn vandamál eru því vaxandi og margir finna á stundum fyrir geðlægð sem síðan getur leitt til kvíða og jafnvel þunglyndis eða annarra alvarlegra geðsjúkdóma.

**Geðheilbrigði snertir okkur öll**

Oftar en ekki hafa persónuleg áföll, ofbeldi, kynferðisofbeldi eða önnur erfið reynsla geðrænar afleiðingar. Nýgengi örorku er hlutfallslega mest vegna geðrænna sjúkdóma og fjárveitingar til geðheilbrigðismála eru í engu hlutfalli við umfang þeirra.

Þá er ákveðinn hópur sjúklinga sem ekki hentar kerfinu ef svo má að orði komast. Því miður eru börn í samfélagi okkar sem falla hvorki undir geðheilbriðiskerfið né barnaverndarkerfið því þau eiga við fjölþættan vanda að stríða. Eins vantar mikið upp á að fíklum bjóðist sú þjónusta sem þeir hafa þörf fyrir og fangar þurfa á mun meiri geðheilbrigðisþjónustu að halda en þeim býðst nú. Þessu þarf að breyta og aðlaga þjónustuna að þörfum þeirra sem þurfa á henni að halda.

**Besta forvörnin er góð þjónusta**

Besta forvörnin gegn því að fólk veikist alvarlega af geðsjúkdómum, og þar með besta vörnin gegn nauðungarvistunum, felst í góðri og samhæfðri geðheilbrigðisþjónustu. Við í velferðarnefnd Alþingis höfum fjallað þó nokkuð um geðheilbrigðismál og höfum nú afgreitt frá okkur þingsályktun um að heilbrigðisráðherra leggi fram geðheilbrigðisstefnu með aðgerðaráætlun. Meðal þeirra atriða sem koma eiga fram í stefnunni eru leiðir til að tryggja rétt nauðungarvistaðra, og að leitað sé leiða til að binda enda á nauðungarvistanir eða bæta framkvæmd þeirra, þannig að hinir nauðungarvistuðu og aðstandendur þeirra hljóti ekki skaða af og réttur þeirra sé tryggður.

Það er þverpólitísk samstaða við þetta mál sem ég flutti ásamt átta þingmönnum úr flestum flokkum. Með skýrri stefnu er hægt að samþætta þjónustuna betur, veita hana á réttu þjónustustigi, auka forvarnir og forgangsraða fjármunum þangað sem þörfin er mest og þar nýtast best. Vilji velferðarnefndar þingsins er skýr.

## Gott aðgengi og virðing



**„Langflestir sem veikjast af alvarlegum geðsjúkdómum vilja hjálp vegna einkenna sinna.**

*Kristinn Tómasson, formaður Geðlæknafélags Íslands*

Geðsjúkdómar eru með algengustu sjúkdómum sem leggjast á fólk. Þeir hafa ýmsar birtingarmyndir, en geta falið í sér truflun á hugsun, einbeitingu, minni, hegðun, tilfinningu, innsæi og dómgreind auk fleiri þátta. Truflun á innsæi og dómgreind getur orðið það mikil að menn stefna sjálfum sér eða öðrum í bráða hættu án þess að átta sig á því, þótt flestir aðrir sem þekkja hinn sjúka geri sér grein fyrir hvert stefnir. Það er á slíkum stundum sem við, sem einstaklingar og hluti samfélags, þurfum að svara því kalli að bjarga fólki frá bráðri hættu. Um það ríkir í raun almenn sátt og skilningur.

**Nauðsyn sé hafin yfir vafa**

Nauðung, þvingun og frelsisskerðing eða frelsissvipting gengur gegn grunnviðhorfum okkar samfélags. Frelsi mannsins til að ráða sínu lífi er þar grundvallarsjónarmið og allt sem gengur gegn slíkum sjónarmiðum þarf að byggja á sterkum rökum og skýru lagaumhverfi.

Langflestir sem veikjast af alvarlegum geðsjúkdómum, vilja hjálp vegna einkenna sinna. Það er mikilvægt að aðgengi að þeirri hjálp sé gott og að upplýsingar um hvers konar meðferð sé viðeigandi sé aðgengileg. Fjölbreytt aðgengi eykur líkur á að fólk komi tímanlega í meðferð og lendi ekki í því að veikindin verði því eða öðrum hættuleg. Vissa um það meðal sjúklinga, aðstandenda og almennings að nauðung sé einvörðungu beitt þegar hafið er yfir allan vafa að bráð hætta sé á ferðinni þarf að vera til staðar.

**Mætum sjúklingnum á hans stað**

Hér á landi höfum við um margt búið betur en margar aðrar þjóðir í þessu tilliti. Notkun belta og einangrunarherbergja hefur ekki tíðkast á Íslandi í 80 ár. Þá hafa nauðungarvistanir verið mun sjaldgæfari hér en í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Þegar það gerist að nauðungarvistun er óumflýjanleg þarf að tryggja betur en gert er í núverandi lögræðislögum að ekki sé vegið að sambandi sjúklings við sína aðstandendur. Þá þarf að tryggja sem best á hverjum tíma að matið um þörf fyrir nauðung sé hafið yfir allan vafa. Við því er þó vart að búast að um skerðing athafnafrelsis á tímum veikinda með skertu innsæi og raunveruleikatengslum geti orðið sátt í öllum tilvikum.

Okkur öllum, sjúkum sem heilbrigðum, er nefnilega sjálfsvirðingin og frelsið mikilvægast.


GNÓTT
NÝRRA VARA
epal
20%
afsláttur af öllum borðstofuborðum og -stólum frá Carl Hansen fram að jólum
25%
afsláttur af öllum Louis Poulsen ljósum fram að jólum
12
19
1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM
Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurflugvöllur / 5687733 / www.epal.is


**HÁTÍÐ** Eitt af hlutverkum skólans er að halda við hefðum, samkvæmt mati sænsku ríkisstjórnarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Ríkisstjórn Svíþjóðar vill skerpa á skólalögum:

# Skólaslit verði leyfð í sænskum kirkjum

Heitar umræður um trúfrelsi verða oft við skólaslit og um hátíðir í Svíþjóð þegar skólabörn koma saman í kirkjum. Skiptar skoðanir hafa verið um hvort leyfilegt sé samkvæmt lögum að koma saman í kirkjum þegar skólastarfi lýkur. Þess vegna hefur sænska ríkisstjórnin lagt til að skerpt verði á því í lögum um skólastarf að slíkt sé leyfilegt. Þátttaka prests á að vera leyfileg og nemendur og kennarar eiga að fá að syngja sálma. Þeir nemendur sem ekki vilja taka þátt í slíku þurfa þess ekki.

Í fréttatilkynningu frá sænska menntamálaráðuneytinu segir að um sé að ræða hefðir sem séu hluti af menningararfinum og að það sé eitt af hlutverkum skólans að halda þeim við.







# Í hvaða jólaboðum eiga börnin að vera?

Samkomulag um fyrirkomulag á jólunum kemur í veg fyrir togstreitu og áhyggjur í stjúpfjölskyldum, segir félagsráðgjafi. Börnin eiga ekki að bera skilaboð á milli.

„Jólaboðin og jólagjafirnar geta ekki bara valdið börnum og foreldrum í stjúpfjölskyldum hugarangri, ef fólk hefur ekki rætt um hvernig hafa á hlutina, heldur einnig ömmum og öfum," segir Björk Erlendsdóttir félagsráðgjafi.

„Stjúpömmur hafa til dæmis haft samband við mig vegna fyrirkomulags jólaboða. Þær eru leiðar yfir því að barnabarnið skuli eftir skilnað foreldranna vera í jólaboði annars staðar en í staðinn er kannski stjúpömmubarn nýs maka með í jólaboðinu. Þetta getur tekið á ef ekki hefur verið rætt um þetta fyrirfram."

Björk, sem veitir ráðgjöf hjá Félagi stjúpfjölskyldna, segir einnig jólagjafir vera ásteytingarstein. „Ömmur og afar og jafnvel stjúpforeldrar velta oft fyrir sér hvort stjúpbörnin eigi að fá jafnverðmætar gjafir og hin börnin þar sem þau fá nefnilega oft fleiri gjafir. Það sem skiptir máli er að börn sem eru saman þegar jólagjafirnar eru teknar upp fái jafnverðmætar gjafir frá sama aðila. Systkini bera sig saman og auðvitað gera stjúpsystkini það líka og þetta er viðkvæmara þegar þau eiga í hlut. Aðalatriðið er að gæta hófs á öllum sviðum."

Að sögn Bjarkar eru ekki allir sammála þessum ráðum hennar. „Sumir lýsa yfir þeirri skoðun sinni að þeirra eigið barnabarn eigi að fá verðmætari gjöf. En þá bendi ég á að það er hægt að dreifa gjöfum yfir árið. Ef barnabarnið eða stjúpbarnabarnið vantar til dæmis yfirhöfn, kuldaskó eða aðra dýra hluti er hægt að taka þátt í kaupum á slíku á öðrum tímum ársins."

Börnin hafa oft áhyggjur af því hvar þau eigi að vera á jólunum séu samskiptin milli foreldranna stirð, að því er Björk greinir frá. „Það er afar mikilvægt að vanda sig, bera virðingu hvert fyrir öðru og ná samkomulagi, alveg eins og í öðrum fjölskyldum. Síðan þarf að ræða við börnin og segja þeim hvernig fyrirkomulagið verður. Það er jafnframt mikilvægt að segja börnunum að mamman og pabbinn séu búin að ræða saman um þetta þannig að þau séu ekki í því hlutverki að bera skilaboð á milli. Svo er gott að hafa í huga að það er hægt að gera ýmislegt skemmtilegt með börnunum sem þau eru vön að gera dagana fyrir jólin. Það má ekki gleyma því að þau eru vanaföst alveg eins og fullorðna fólkið. Þetta á allt að snúast um það sem er börnunum fyrir bestu. Fólk leysir þetta eftir þeim bjargráðum sem hver fjölskylda hefur."


**JÓLABOÐ** Mikilvægt er að ræða fyrirfram við börn í stjúpfjölskyldum hvernig jólahaldið verður. NORDICPHOTOS/GETTY


**Þetta á allt að snúast um það sem er börnunum fyrir bestu.**
*Björk Erlendsdóttir félagsráðgjafi.*

ibs@frettabladid.is


**JÓLATRÉÐ SÓTT** Vinsælt er að sækja sér jólatré í Heiðmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rétt meðhöndlun jólatrjáa er mikilvæg:

# Nægt vatn nauðsynlegt fyrstu dagana til að tryggja barrheldni

Eftir að jólatréð hefur verið keypt og þangað til það er tekið í hús til skreytingar er best að geyma það á köldum og skjólsælum stað.

Á vefsíðu Skógræktarfélags Eyfirðinga segir að gott sé að saga sneið neðan af stofninum til að fá nýtt sár og einnig að tálga börkinn af neðstu 5-10 cm stofnsins. Síðan á að láta tréð standa í snarpheitu vatni í um 10 mínútur áður en það er sett í fót með vatni. Tekið er fram að suðumeðferðina þurfi ekki að nota á þini og furur.

Greint er frá því að mikilvægt sé að fylgjast vel með því fyrstu dagana að nægt vatn sé í fætinum því tréð dragi til sín mikinn vökva fyrst eftir þessa aðgerð.

Á þin- og furutrjám er nægilegt að saga sneið neðan af stofninum og gæta þess síðan að ávallt sé vatn í fætinum.

**Rauðgreni** – með réttri meðhöndlun má auka barrheldni rauðgrenis verulega.

**Stafafura** – barrfellir er ekki vandamál á furutrjám. Sérstök meðhöndlun á furu er því óþörf.

**Norðmannsþinur** – þessi tegund hefur þá kosti að fella ekki barr. Ekki þarf sérstaka meðferð til að tryggja barrheldni Norðmannsþins.



JÓLA BÚÐIN ÞÍN
Opið til 22 til jóla
JÓLASERÍUR
KAUPTU 2 OG FÁÐU ÞÁ ÓDÝRARI Á 50%
20%
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM
VERÐ ÁÐUR... 9.999
TILBOÐ ......... 7.999
WEBER
KJÚKLINGASTANDUR
20%
VERÐ ÁÐUR... 6.999
TILBOÐ ......... 5.599
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
PHILIPS
KAFFIVÉL
1300W
SÝÐUR VATNIÐ!
VERÐ... 19.995
WILFA
BLANDARI
1200W
TRYLLITÆKI
MEST SELDI BLANDARINN Á NORÐURLÖNDUM.
FER LÉTT MEÐ AÐ MALA KLAKA OG FROSIN BER!
VERÐ... 18.995
ÞÚ SPARAR 15.000
KitchenAid
HRÆRIVÉL + MANDÓLÍN + MATREIÐSLUBÓK
VERÐ ÁÐUR... 102.989
TILBOÐ VERÐ... 87.990
VERÐ ÁÐUR..... 99.989
TILBOÐ VERÐ... 84.990
20%
EPLASKRÆLARI
VERÐ ÁÐUR... 4.999
TILBOÐ ......... 3.999
PRESSUKANNA
6 BOLLA
KRÓM
VERÐ..... 4.999
COPCO
GLAS MEÐ RÖRI
VERÐ... 2.999
KNOPEX
VIÐARÚTVARP
VERÐ ÁÐUR... 7.995
TILBOÐ ......... 6.995
REMINGTON SLÉTTUJÁRN SILK
VERÐ... 14.995
EINS OG AMMA Á
ÍSLENSKA PÖNNUKÖKU PANNAN
VERÐ..... 9.999
PHILIPS
MATVINNSLUVÉL
650W
VERÐ... 12.999
SEVERIN
POPPVÉL
LOFTVÉL
ENGIN OLÍA
VERÐ... 5.995
AEG KAFFIVÉL
1150W
VERÐ... 12.995
HOMEDICS
SHIATSU
NUDDPÚÐI
VERÐ... 10.950
25%
PHILIPS
RAKVÉL
VERÐ ÁÐUR.... 11.995
TILBOÐ ............ 8.995
GRUNWERG
MANDÓLÍN
SNEIÐIR, SKRÆLAR OG RÍFUR
VERÐ... 7.495
GARMIN LEIÐSÖGUTÆKI
NUVI 52LM
LÍFSTÍÐAR UPPFÆRSLA Á KORTI!
VERÐ... 39.900
AEG
TÖFRASPROTI
500W
VERÐ... 10.999
FISSLER POTTASETT PARIS
Fissler
ALÞEKKT GÆÐI
VERÐ...39.999
WasserMaxx
SÓDAVATNSTÆKI
FRÁBÆRT VERÐ!
HYLKI FYLGIR MEÐ!
VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ......... 12.995

# SKOÐUN

Markmiðin um samkeppni í landbúnaði nást ekki:

## Krukkað í ónýtt kerfi



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Margir bundu talsverðar vonir við að þegar nýr samningur Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO) tók gildi árið 1995 myndi hann stuðla að aukinni samkeppni á íslenzkum búvörumarkaði. Þá var innflutningsbann á landbúnaðarafurðum afnumið en stjórnvöld lögðu í staðinn ofurtolla á erlendar búvörur til að það borgaði sig ekki að flytja þær inn. Samningurinn skyldaði þau engu að síður til að leyfa innflutning á litlu magni búvara á lægri tollum, í fyrstu 3% af innanlandsneyzlu eins og hún var árin 1986-1988, og svo hækkaði hlutfallið í 5% á sex árum. Þetta er svokallaður tollkvóti, sem fyrirtæki sem vilja flytja inn búvörur þurfa að sækja um. Markmiðið með þessum ákvæðum WTO-samningsins var að stuðla að samkeppni og tryggja neytendum lægra vöruverð.

Íslenzkir stjórnmálamenn hafa allar götur síðan samvizkusamlega reynt að koma í veg fyrir að markmiðið næðist. Fyrirkomulagið á úthlutun tollkvóta er neytendum fjandsamlegt, því að kvótinn fer til hæstbjóðanda og varan verður þeim mun dýrari.

Auk þess er viðmiðið um 5% af innanlandsneyzlu orðið algjörlega út úr kú. Íslendingar borða nú tvöfalt meira af osti og þrefalt til fjórfalt meira af hvítu kjöti en fyrir 25 árum. Tollkvótarnir á þessum vörum samsvara þannig einu til þremur prósentum af innanlandsneyzlu. Það er nú öll erlenda samkeppnin.

Loks er staðreynd að stórir innlendir framleiðendur kaupa upp stóran hluta tollkvótans og hafa enga hagsmuni af að bjóða hann á samkeppnishæfu verði – eða jafnvel selja hann yfirleitt. Mjólkursamsalan er einn stærsti innflytjandi osta og kjúklingabúin flytja inn kjúkling í tuga tonna vís, eins og nýlega komst í hámæli.

Nú er pólitíkin enn að reyna að krukka í tollkvótakerfið. Breytingar sem gerðar voru á tollalögunum í fyrra, eftir að umboðsmaður Alþingis benti á að geðþóttavald ráðherra til að ákveða upphæð tolla bryti í bága við stjórnarskrá, klúðruðust þannig að tollurinn varð stundum hærri en WTO-samningurinn og samningar Íslands við Evrópusambandið kveða á um. Með nýju frumvarpi er reynt að lappa upp á flóknar og lítt skiljanlegar reikniereglur.

Samtök verzlunar og þjónustu og Félag atvinnurekenda, ásamt Samkeppniseftirlitinu, sendu atvinnuveganefnd þingsins umsagnir um frumvarpið og lögðu til að farið yrði í heildarendurskoðun á tollkvótafyrirkomulaginu. FA bendir meðal annars á hversu fráleitt það er að tollkvótarnir fylgi ekki breytingum á neyzlunni. Samkeppniseftirlitið hvetur til að horfið verði frá innflutningshömlum, til hagsbóta fyrir atvinnulíf og neytendur. Ef ekki, eigi að minnsta kosti að hætta að taka gjald fyrir tollkvótana og banna innlendum afurðastöðvum að sækjast eftir þeim.

Á þetta var ekki hlustað frekar en fyrri daginn. Atvinnuveganefnd leggur einróma til að frumvarpið verði samþykkt og haldið áfram að setja plástra á handónýtt kerfi, sem augljóslega þjónar ekki upphaflegum markmiðum um samkeppni og hag neytenda.

Það getur verið að neytendur eigi sér einhverja málsvara, en þeir hafa greinilega ekki verið kosnir á þing.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Launþegum að þakka**

Stjórnarandstaðan og ríkisstjórnin hafa verið með hástemmdar yfirlýsingar og vilja nú allir þakka sér að atvinnuleitendur fá greiddan jólabónus. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að það sé ekki stjórnmálamönnum að þakka heldur hafi launþegasamtökin sett fram hugmyndir um hvernig væri hægt að millifæra peninga frá Starfsendurhæfingarsjóði til Atvinnuleysistryggingarsjóðs.

**Misvísandi yfirlýsingar**

Mörgum Evrópusambandssinnum finnst nóg komið af yfirlýsingum ráðherra Framsóknarflokksins um IPA-styrkina og að Evrópusambandið hafi slitið viðræðum um aðild Íslands að ESB. Framkvæmdastjórn ESB segir í tölvupósti til RÚV að sambandið hafi ekki slitið viðræðunum og sé tilbúið að hefja viðræðurnar hvenær sem Íslendingar vilji taka þær upp aftur. Íslenskum stjórnvöldum hafi verið kynnt afstaða framkvæmdastjórnarinnar um að ekki sé rétt að halda áfram að greiða IPA-styrkina á meðan málin séu í biðstöðu. Það væri nú ekki úr vegi að íslenskir ráðamenn upplýstu í eitt skipti fyrir öll hvernig þessu máli víkur við. Eða þá leyfðu þjóðinni að kjósa um það fljótlega hvort halda eigi viðræðunum áfram.



**Sterk staða ríkisstjórnar**

Þrátt fyrir misvísandi yfirlýsingar ráðamanna varðandi ESB-aðildarviðræður og IPA-styrki telur Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, að ríkisstjórnin hafi komist nokkuð vel frá síðustu vikum í þinginu. Styrmir segir á Evrópuvaktinni að stjórnarandstöðunni hafi ekki tekist að hefja sókn á hendur stjórnarflokkunum. Að hluta til vegna þess að ríkisstjórnin hafi gefið eftir í umdeildum málum auk þess sem stjórnarandstaðan hafi lítið fram að færa. „Líkurnar á því að þessi ríkisstjórn muni sitja út kjörtímabilið hafa því aukizt verulega,“ segir Styrmir.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Undarleg umfjöllun um stjórnsýslu

ORKUSKIPTI



**Benedikt Stefánsson**
framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Carbon Recycling International (CRI)

Íslensk stjórnsýsla verður fyrir óvæginni gagnrýni í leiðara Fréttablaðsins á miðvikudag. Tilefnið er umfjöllun blaðsins um feril laga um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum. Blaðið ályktar að stjórnsýsluna skorti sjálfstæði og aga í vinnubrögðum.

Þetta er fremur súrrealísk niðurstaða í ljósi staðreynda. Lögin um endurnýjanlegt eldsneyti áttu sér langan aðdraganda og eru ágætt dæmi um afrakstur stefnumótunar Alþingis og faglegs samráðs stjórnsýslunnar.

Árið 2010 skipaði iðnaðarráðherra verkefnisstjórn Grænu orkunnar til að móta stefnu um orkuskipti í samgöngum. Í henni áttu sæti fulltrúar ráðuneyta, Orkustofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fagaðila. Þar hafa átt sæti meðal annars fulltrúar olíufélaganna, FÍB og Bílgreinasambandsins.

Græna orkan hefur haft frumkvæði að opnum fundum og fyrirlestrum fyrir hagsmunaaðila, auk þess sem hún átti aðkomu að breytingu á lögum um gjöld af ökutækjum og eldsneyti, tillögu til þingsályktunar um orkuskipti, auk áðurnefndra laga um endurnýjanlegt eldsneyti.

Þverpólitísk samstaða hefur myndast um stefnu á þessu sviði. Vorið 2011 samþykkti Alþingi þingsályktun um orkuskipti í samgöngum með öllum greiddum atkvæðum, 53 þingmanna. Þar segir að stefna beri að því að uppfylla alþjóðasamþykktir um losun gróðurhúsalofttegunda. Hratt verði dregið úr innflutningi jarðefnaeldsneytis og skapaðar forsendur fyrir innlendri framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Haustið 2012 skuldbundu Ísland og Noregur sig til að innleiða tilskipun ESB sem fjallar m.a. um markmið varðandi orkuskipti í samgöngum.

Leiðarinn fjallar um að Carbon Recycling International hafi „stokkið inn í stefnumótunarferlið“ með því að senda atvinnuvegaráðuneytinu drög að frumvarpi. Drögin byggðu einfaldlega á texta tilskipunar ESB og innleiðingu hennar í lög Norðurlandanna og annarra EES-ríkja.

Leiðarahöfundur dregur þá ályktun að frá því að drögin komu fram hafi stjórnsýslan ekki fengið rönd við reist. Ráðuneytið hafði þó unnið að málinu a.m.k. frá árinu 2010 og hélt áfram í samráði við önnur ráðuneyti, undirhóp Grænu orkunnar um íblöndun, Orkustofnun, framleiðendur endurnýjanlegs eldsneytis og olíufélögin.

Þegar upp er staðið er því, þvert á umfjöllun blaðsins, um að ræða faglega vinnu stjórnsýslunnar og starfshóps sem skipaður var af ráðherra á grundvelli pólitískrar stefnumótunar og samráðs við aðila í greininni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Útkastarinn

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



> Búum til gervibiðlista. Vonandi hættir einhver af þessum útlendingum við.

Ég þekki fólk sem vann eitt sinn hjá Útlendingastofnun. Þá var það vinnuregla að ef afgreiða átti umsókn innan 90 daga þá var hún látin liggja í hillu í vel yfir 80 daga og ekki tekin upp og opnuð fyrr en örfáum dögum fyrir lokafrest. Þeir tímarammar sem reglurnar heimiluðu voru einfaldlega nýttir í botn. Svona „Vörn gegn ráni" hugmynd. Dvalarleyfisútgáfa með tímalás.

**Stórhættulegir doktorar**
Þegar ég vann í Háskólanum í Reykjavík voru stundum ráðnir kennarar frá svona „framandi" löndum. Ferlið var alltaf eins: Umsókn send inn. Þremur mánuðum síðar: „Vantar fleiri gögn". Viðbótargögnum skilað. Aftur þriggja mánaða bið.

Samt var þetta bara „blásaklaust" háskólafólk. Sem vinnustaðnum, vel að merkja, lá mjög á að fá til landsins. En einhver hugsaði samt: „Spyrjum ASÍ hvort það sé ekki einhver atvinnulaus doktor í gervigreind á Íslandi sem vantar vinnu. Búum til gervibiðlista. Vonandi hættir einhver af þessum útlendingum við."

**Dyravörðurinn er rasisti**
Fyrir um áratug las ég um umfjöllun danska blaðsins Urban um næturlífið í Kaupmannahöfn. Þar var því haldið fram að margir skemmtistaðir væru með þá stefnu að halda fjölda fólks af erlendum uppruna undir ákveðnum mörkum. „Gömlu Danirnir" djömmuðu síður á stöðum þar sem marga innflytjendur var að finna. Þess vegna áttu dyraverðirnir að sjá til þess að staðirnir héldust nægilega „hvítir". Ætli menn hafi ekki notað til þess ýmis trikk: „Ert þetta þú? Myndin er óskýr!" „Sorrý, staðurinn er troðfullur, enginn fer inn næsta hálftímann." Já, eða bara hið sígilda: „Fastagestir ganga fyrir."

**…en staðurinn er samt frábær!**
Allir inni á staðnum eru sammála um að dyravörðurinn sé algjör fáviti. Heimskur, ofbeldisfullur þursi sem reynir við allar stelpur og hótar að lemja alla menn „sem eru með kjaft". Allir eru sammála um það. En enginn vill raunverulega breyta því. Við verðum, jú, að hafa dyravörð til að stýra flæðinu inn á staðinn. Annars væri alger troðningur við barinn. Allt of löng röð á klósettið. Og ekki nógu margar sætar einhleypar stelpur á dansgólfinu.

Fáar stofnanir njóta minni virðingar en Útlendingastofnun. Og áður en einhver segir að það sé eitthvert lögmál, vegna þess óvinsæla hlutverks sem stofnunin hefur þá vil ég benda á að skatturinn, sem tekur af mér hundruð þúsunda króna í hverjum mánuði er frábær stofnun, rafvædd, nútímaleg og með hjálplegu starfsfólki. Útlendingastofnun, aftur á móti, getur ekki einu sinni birt ársskýrslur. Hún býður öllum umsækjendum að fylla út PDF-skjöl sem ekki er hægt að vista. Þær umsóknir þarf að prenta út áður en starfsmenn stofnunarinnar slá þær inn aftur. Frábær nýting á tíma fólks.

**Brosandi dyraverðir**
Þegar farið er inn á innflytjendasíðu kanadíska ríkisins er tekið á móti manni með orðunum „Come to Canada – One of the best countries in the world!" sem sagt: „Komið til Kanada – eins besta lands í heiminum!" Textinn er allur svona: „Ertu starfsmaður með sérþekkingu? Ertu atvinnurekandi? Viltu koma og vinna tímabundið? Ertu námsmaður? Fylltu út spurningalista til að sjá hvaða dvalarleyfi þú getur sótt um. Vissirðu að þú getur flýtt fyrir með því að fylla út rafræna umsókn? Áttu í vandræðum með umsóknina? Þú getur horft á kennslumyndband."

Seinasta vinstristjórn gerði ekkert til að gera Ísland meira eins og Kanada. Það var reyndar samþykkt að nú væri hægt að veita fórnarlömbum mansals tímabundið dvalarleyfi. En að það sé eina sem menn geta sammælst um sýnir dálítið vandann. Allir stjórnmálaflokkar tikka í boxin með frösum um fjölmenningu og auðgun mannlífs. En færri virðast, þegar á reynir, hafa þá skoðun að innflytjendastefna ætti að snúast um það að gefa raunverulegum fjölda fólks raunveruleg tækifæri. Sumir vilja í besta falli hjálpa örfáum „sem minna mega sín".

Enginn vill breyta þessu. Við hneykslumst stundum á dyravörðinum. En innst inni höldum við flest með honum. Ég meina: „Kærastan mín er þarna inni…" Hver hefur ekki heyrt þá línu áður?

# Réttarstaða fátækra barna á Íslandi

RÉTTINDI BARNA



Þóra Jónsdóttir
lögfræðingur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

> ➔ Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem nýverið hefur verið lögfestur á Íslandi, segir að aðildarríki skuli eftir fremsta megni tryggja að börn megi lifa og þroskast.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa nýverið hafið vinnu við að vekja athygli á barnafátækt á Íslandi. Samkvæmt opinberum tölum Hagstofunnar áttu 73,4% heimila einstæðra foreldra með eitt barn eða fleiri, erfitt með að ná endum saman árið 2012, og 58% allra heimila með börn. Í skýrslu útgefinni af Hjálparstarfi Kirkjunnar og Rauða krossinum í Reykjavík frá 2012, „Farsæld – Baráttan gegn fátækt á Íslandi" kom fram að Hagstofan áætlaði að um 8.800 börn væru undir lágtekjumörkum. Af þessum tölum má leiða að því sterkar líkur að þúsundir barna á Íslandi búi við verulegan skort á efnislegum gæðum. Það eru þau börn sem þessar tölur ná til, sem ekki geta tekið þátt í frístundastarfi eða íþróttum vegna þess að þau eru ekki til peningar, og það eru þessi sömu börn sem hafa ekki tök á að mæta í afmælisveislur, því ekki er til peningur fyrir afmælisgjöfum. Því eru það einmitt þessi börn sem verða útsett fyrir að verða félagslega einangruð og eiga á hættu að þróa með sér ýmis vandamál sem geta haft neikvæð áhrif á allt þeirra líf.

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem nýverið hefur verið lögfestur á Íslandi, segir að aðildarríki skuli eftir fremsta megni tryggja að börn megi lifa og þroskast. Í honum segir jafnframt að börnum skuli tryggð þau réttindi sem í Barnasáttmálanum er kveðið á um án mismununar af nokkru tagi. Ennfremur segir að aðildarríki hans skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess. Ríki skulu tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Í Barnasáttmálanum er hins vegar að finna ákvæði, síðari málslið 4. gr., sem dregur verulega úr þýðingu ákvæða hans hvað varðar efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi barna. Orðalag ákvæðisins er á þann veg að hvað þessi réttindi snertir skulu aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir „að því marki sem þau framast hafa bolmagn til". Þetta ákvæði er nauðsynlegt að hafa í huga þegar rætt er um mannréttindi barna.

**Alþingi forgangsraði**
Í Stjórnarskránni kemur einnig fram sú regla að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Löggjafinn hefur með ýmsum hætti sett í lög ákvæði sem miða að því að uppfylla slíka skyldu. Má nefna ákvæði um greiðslu barnabóta, greiðslu barnalífeyris til foreldra sem eru öryrkjar og ef annað eða bæði foreldri hafa látist, sem og greiðslu umönnunarbóta fyrir langveik börn. Ekki er gert ráð fyrir því í lögum að foreldrum sé greidd fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum vegna barna sinna, þar sem ákvörðun um fjárhagsaðstoð er óháð barnafjölda. Það er vegna þess að í reglum um fjárhagsaðstoð er reiknað með því að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna.

Þeir foreldrar sem hafa forsjá barna sinna fara með fjárhald þeirra og ráða persónulegum högum barna samkvæmt lögræðislögum. Þeim ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum, eins og segir í barnalögum. En hver er staða barna þegar foreldrar þeirra geta ekki aflað tekna til að sjá fyrir þeim?

Svar laganna er að barnabætur, barnalífeyrir og meðlög eigi að standa undir að greiða fyrir þarfir þeirra. Ríkið greiðir barnabætur til barnafjölskyldna. Samkvæmt samanburði BSRB á þróun verðlags og barnabóta sem fjallað var um í grein sem birtist á Vísi 11. desember, hefur kaupmáttur barnabóta lækkað um 22,5 prósent frá árinu 2007. Er á grunni þeirra upplýsinga hægt að halda því fram að ríkið sé eftir fremsta megni að tryggja að börn á Íslandi megi lifa og þroskast?

Barnaheill – Save the Children á Íslandi skora á ríkisstjórn Íslands og þingheim allan að forgangsraða með hag barna fyrir brjósti við gerð fjárlaga ársins 2014.





# Sjálfstæði Orkustofnunar

ORKUMÁL



Sif Konráðsdóttir
lögfræðingur

Í grein eftir mig er birtist í blaðinu á miðvikudag í síðustu viku fjallaði ég um úttekt norskrar systurstofnunar Orkustofnunar, NVE, að beiðni iðnaðarráðuneytisins frá 2011. Eftirlit Orkustofnunar fékk falleinkunn í úttektinni. Á mánudaginn fjallaði ég svo um hvernig kostnaðaráætlun sem ætlað var að sýna að raflína frá Blöndu til Akureyrar væri fimm sinnum dýrari sem jarðstrengur heldur en væri hún loftlína, var þegar á reyndi „týnd".

Í norsku úttektinni var fjallað um nauðsyn aðskilnaðar raforkuflutnings annars vegar og framleiðslu og sölu raforku hins vegar. Framleiðendur og seljendur raforku eigi ekki að hafa áhrif á ákvarðanir og starfsemi flutningsfyrirtækisins, hvorki beint né óbeint. NVE telur að þetta sé ekki uppfyllt á Íslandi, þar sem Landsnet sé í meirihlutaeigu heildsöluorkusalans Landsvirkjunar.

Fljótlega verður tekin upp í EES-samninginn tilskipun sem mælir fyrir um aðskilnað flutningsfyrirtækis frá framleiðendum og seljendum orku. Yfirvöld fá ákveðinn frest til að leiða efni hennar í lög og geta gert það með ýmsum hætti. Talað hefur verið um að það verði gert hér á landi 1. janúar 2015 og að lífeyrissjóðir og sveitarfélög muni geta eignast Landsnet. Allt á það eftir að koma í ljós.

Mikilvægur þáttur hinna nýju reglna er hins vegar að efla eftirlit með raforkuflutningsfyrirtækjum á að stórefla. Til að standa undir því þarf annað tveggja að setja á fót trúverðugan sjálfstæðan eftirlitsaðila eða renna umtalsvert styrkari stoðum undir þann veikburða sem fyrir er hér á landi: Orkustofnun.





**KAUPAUKI - 4 pakkar af kaffi og Quality Street dós fylgja með meðan birgðir endast.**

DēLonghi · Nescafé Dolce Gusto · GREAT COFFEE





KENWOOD

**Kenwood IM280**
Íshrærivél sem tekur 1.5 lítra. Ljúffengur heimalagaður ís á 15-30 mínútum. Hraðfrystandi skál með tvöfaldri einangrun.

**VERÐ 14.995**
FRÁBÆRT VERÐ



DēLonghi

**Delonghi Icona**
Glæsileg 900w brauðrist úr Icona línunni með endurhitun og afþýðingu. Sérstök beiglustilling. Stórar og breiðar raufar. Mylsnubakki.

**TILBOÐ 11.995**
FULLT VERÐ 14.995



Ariete

**Ariete DC1911**
1000w HEILSUGRILL með hitastilli og hitaljósi. Efri hluti færist eftir þykkt matar. Non-Stick - Auðvelt að þrífa.

**VERÐ 9.995**
FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD



**Kenwood BL710**
Flottur 750W blandari með 1,6L glerskál. 5 hraðastillingar. Hnífar úr ryðfríu stáli. Geymsla fyrir kapal. Fætur sem renna ekki til.

**TILBOÐ 16.995**
FULLT VERÐ 19.995

Fissler
Fissler. Perfect every time.



**Fissler 13810328100**
Fjölnota panna með keramík áferð. Má nota á allar gerðir helluborða. Þolir allt að 400 °C hita Háþróað 18/10 ryðfrítt stál. Vörn gegn klístri og rispum. Stórt handfang.

**VERÐ 19.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Oregon SCIENTIFIC

**Oregon EMR201**
Oregon Scientific hitamælir sem sýnir inni og útihita. Þráðlaus útisendir. Lætur vita þegar hiti fer undir frostmark.

**VERÐ 5.995**
FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**Philips RQ1141**
Philips SensoTouch rakvél með GyroFlex 2D. DualPrecision hausar. Super lift and cut system. Aquatec seal. Hágæða Philips rakvél fyrir kröfuharða

**VERÐ 24.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS TILBOÐS PAKKI

**Philips 6624570**
Hárklippur QC5365 og QT4005

**PHS-QC5365.** Vandaðar hárklippur með sjálfbrýnandi Titanium hnífum. 11 stillingar (0,5-21mm). Klippibreidd 41mm. Hleðslurafhlaða. Fyrir 100 - 240v. Gott grip.
**PHS-QT4005.** Skeggsnyrtir með SteelWave sjálfbrýnandi hnífum. 20 stillingar (0.5-10m). Klippibreidd 32mm.



**TILBOÐ 12.995**
FULLT VERÐ 15.995

PHILIPS TILBOÐS PAKKI

**Philips 6627170**
Airfloss + Sonicare HX8111 + HX6711

**PHS-HX8111** kemur í stað tannþráðar með Microburst tækni sem hreinsar með öflugum vatnsblæstri sem hreinsar burt tannstein. **PHS-HX6711** gerir tennur hvítari og heilbrigðari. Nærgætin og ítarleg hreinsun fyrir viðkvæmar tennur og góma. 31,000 strokur á mínútu.



**TILBOÐ 19.995**
FULLT VERÐ 34.995



PHILIPS

**Philips SC1991**
Lumea Essential háreyðingar-tæki sem fjarlægir öll hár með IPL tækni og eyðir hárrótinni án áhrifa á húð. Fyrir fótleggi, bikinílínu og handakrika. 5 stillingar. Þarf ekki að skipta um peru.

**VERÐ 69.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Hurom Slow Juicer

**Hurom HU400W**
Hurom Slow Juicer er safapressan sem fagfólkið velur. Ótrúlega öflug vél sem pressar tærara og meira magn safa en aðrar sambærilegar pressur. Fyrir vikið tryggir hún hámarksnýtingu á hráefninu, pressar meira magn af vítamínum úr hráefninu og skilar nær þurru hrati.



**VERÐ 39.995**
FRÁBÆRT VERÐ

elna



Ábreiða og íslenskur leiðarvísir fylgir.

**Elna ELNA220EX**
Saumavél með 15 sporgerðir. Sporatafla að framan. Stilliskífa fyrir spor. Nál stillanleg frá miðju. Spóluvinda og tvinnahnífur. 4 gerðir saumfóta. Overlock.

**TILBOÐ 34.995**
FULLT VERÐ 37.995

*Þráðlaus!*



LIFE IN BALANCE SOEHNLE

**Soenhle 68050 – Hitapúði**
Hitapúði með mjúku flísefni öðrumegin til að nota inni, og rakaþolnu efni hinu megin svo hægt sé að nota púðann utandyra. Hleðsla dugar í allt að 4 klst. Íslenskur leiðarvísir.

**VERÐ 14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

*Þráðlaust!*



LIFE IN BALANCE SOEHNLE

**Soenhle 68049 – Hitabelti**
Belti sem má festa á bak eða axlir. Hleðsla dugar í allt að 4 klukkustundir. Íslenskur leiðarvísir.

**VERÐ 14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MEDISANA made for Life

3ja ára ábyrgð!



**Medisana 88391**
Öflugt fótanuddtæki með 2 stillingum. 2-in-1 nudd. Sjálfvirk hitastilling.

**VERÐ 8.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MEDISANA made for Life

**Medisana 88930**
Shiatsu nuddsæti fyrir bak, axlir og háls. 3 nuddsvæði. Víbringsnudd í setu. Styrkleikastillir. Hita eiginleiki. Fjarstýring.

3ja ára ábyrgð!



**VERÐ 29.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**6 VERSLANIR**
**REYKJAVÍK - REYKJANESBÆR - AKUREYRI**
**SELFOSS - HÚSAVÍK - EGILSSTAÐIR**

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR




GLÆSILEG HÖNNUN MEÐ ÖRÞUNNUM RAMMA

EISA AWARD Best Product 2013-2014
GREEN TV
Philips 50PFL5008

**Philips 50PFL5008**
Örþunnt 50" LED háskerpu sjónvarp með Incredible Contrast. Pixel Plus HD örgjörvi. 300 Hz Perfect Motion Rate. Snjallsjónvarp með þráðlausu neti. Ambilight baklýsing. Simply Share. MyRemote - hægt að nota spjaldtölvur og síma til að fjarstýra tækinu. Easy 3Dfyrir efni í þrívídd - 2 gleraugu fylgja.

VERÐ
**299.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 46PFL4208T**
46" Full HD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. 200Hz Perfect Motion Rate. Smart TV. Simplyshare. Innbyggt Wi-Fi. Ljósskynjari. 3x HDMI, 2 x USB. Skype möguleiki. App fyrir Android/Apple síma og spjaldtölvur.

VERÐ
**179.995**
FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**Philips DCM2170**
Samstæða með iPod / iPhone 5 vagga. Digital Sound Control tónjafnari. RDS FM útvarp 20 stöðva minni. Geislaspilari. USB Direct tengi. Vandaðir Bass Reflex hátalarar.

TILBOÐ
**29.995**
FULLT VERÐ 39.995



PHILIPS
Bluetooth

**Philips SB2700B**
Þráðlaus 10W RMS ferðahátalari með Dynamic Bass Boost og wOOx hljóðtækni. Innbyggður hljóðnemi. Bluetooth og Line in tengi. Rafhlaða endist 8 klst.

VERÐ
**22.995**
FRÁBÆRT VERÐ



MONSTER®

**Monster Inspiration 128794/128888**
Pure Monster Sound heyrnartól með hljóðvörn (Noice-Canceling). Skipta má um spöng og 2 stk fylgja. Monster ControlTalk snúra fyrir iPhone, iPod, Android, Blackberry. Taska, Anti-microbial klútur og rafhlöður fylgja. Notar 2x AAA rafhlöður.

VERÐ
**59.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips HTL2160T**
Heimabíó með 60w RMS 80cm Soundbar hátalara. Dolby Digital og Virtual Surround Sound. MP3 Link, AUX in, coaxial/optical in og USB. Þráðlaus Bluetooth tenging. Bassahátalari fylgir. Hægt að festa á vegg.



Bluetooth

ÓTRÚLEGT
TILBOÐ

TILBOÐ
**29.995**
FULLT VERÐ 49.995



CASIO

**Casio CTK1200**
Hljómborð með 5 áttundir og 61 nótu. 100 hljóð og 100 ryþmar. 12 nótna pólífónía. 100 æfingalög. LCD skjár. Notar 6x AA rafhlöður. Tengi fyrir heyrnatól.

VERÐ
**24.995**
FRÁBÆRT VERÐ

SOUNDBOARD



PHILIPS

**Philips HTL4110B**
Þráðlaust 80w RMS Soundboard heimabíó með innbyggðum bassahátalara. Virtual Surround Sound. Dolby Digital. Bluetooth / NFC. USB, Coaxial og RCA tengi. EasyLink fyrir fjarstýringu sjónvarpsins. Sjónvarp getur staðið á tækinu.

VERÐ
**79.995**
FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

Flottur MP3 spilari í ræktina eða skokkið. Heyrnartól fylgja.

**Philips SA5DOT02KNS**

VERÐ
**7.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## SJÁLFVIRK KAFFIVÉL

DēLonghi

**DeLonghi ESAM4000**
1,8l Espresso kaffivél með kaffikvörn. Býr til gufu fyrir flóaða mjólk og heita drykki. Cappucino System.



TILBOÐ
**69.995**
FULLT VERÐ 84.995

illy

**illy** kaffibaunir fylgja!

## HANDVIRK KAFFIVÉL

Ariete

**Ariete 1388**
Vönduð handvirk 900w Retro espresso kaffivél úr járni. Hægt að gera 2 bolla í einu og nota ESE espresso púða. Flóunarstútur. 0.9 lítra vatnstankur. 15 bar þrýstingur.



VERÐ
**29.995**
FRÁBÆRT VERÐ

iRobot®

**10.000**
**AFSLÁTTUR**



**10.000 KRÓNA AFSLÁTTUR AF ÖLLUM iROBOT RYKSUGUVÉLMENNUM TIL JÓLA!**

**OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA OG TIL KL. 23 Á ÞORLÁKSMESSU**

**Heimilistæki** ht.is
*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## AF NETINU

### Slagorðin um krónuna



Orða má sannleikann misjafnt og ná aðeins hluta hans í hverju tilviki. Segja má, að krónan hafi bjargað þjóðarbúinu frá hruni. Einnig segja, að hruninu hafi verið velt yfir á almenning með gengishruni krónunnar. Hún er í senn hluti af vanda og hluti af lausn.

Á Írlandi var ekki hægt að velta kreppunni yfir á almenning, því evran lætur ekki rokka sér. Leiðir Íslendinga og Íra frá hruninu voru misjafnar, en leiddu báðar til nýs misvægis.

Við sitjum uppi með misþróun launa og skulda, sem kallað er forsendubrestur. Írar sitja uppi með önnur vandamál. Einföld slagorð um krónuna leysa engan ágreining.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

K Æ R L E I K S K Ú L A N




H U G V E K J A

Sölutímabil 5. – 21. desember

Casa - Kringlunni og Skeifunni
Epal - Skeifunni, Hörpu og Leifsstöð
Gallerí i8 – Tryggvagötu
Hafnarborg - Hafnarfirði
Kokka - Laugavegi
Kraum - Aðalstræti og Garðatorgi
Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu
Líf og list - Smáralind
Módern - Hlíðarsmára
Þjóðminjasafnið - Suðurgötu
Around Iceland – Laugavegi
Blómaval - um allt land
Blóma- og gjafabúðin - Sauðárkróki
Póley - Vestmannaeyjum
Valrós - Akureyri
Netverslun - www.kaerleikskulan.is

Markmiðið með sölu Kærleikskúlunnar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna og rennur allur ágóði til starfs í þágu þeirra.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Hér rætast draumarnir!

KVIKMYNDIR



**Jakob S. Jónsson**
leikstjóri/leiðsögumaður

Mitt nafn er Jakob S. Jónsson og ég er leikstjóri og leiðsögumaður. Ég legg það ekki í vana minn að skrifa opin bréf til þingmanna og ríkisstjórnar. En nú bið ég þingmenn og ráðherra að gefa mér tvær mínútur, og lesa þetta bréf – og aðrar tvær til að hugleiða efni þess. Fjórar mínútur alls. Ok?

Að lokinni 2. umræðu Alþingis um fjárlög 2014 er ljóst að skorin hafa verið niður framlög til Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndaskóla Íslands. Auðvitað ríkir skilningur á að niður þurfi að skera til að ná hallalausum fjárlögum. En það er óskynsamlegt að skera niður til þeirra málaflokka sem hér um ræðir.

***Skal hér rætt og rökstutt eitt af mörgum sjónarhornum:***
Öflugur Kvikmyndasjóður tryggir að framleiðsla kvikmynda á sér stað á Íslandi. Kvikmyndaskóli Íslands tryggir að til sé fólk með menntun og þekkingu til að framleiða kvikmyndir.

Af hverju er það mikilvægt? Jú – Ísland laðar að erlenda kvikmyndagerðarmenn, sem nýta landið sem leiksvið og íslenska kvikmyndagerðarmenn til starfa. Íslendingar endurgreiða erlendum kvikmyndaframleiðendum 20% af greiddum söluskatti þeirra hér, sem er hliðstætt endurgreiðslu af seldum vörum í Fríhöfninni í Leifsstöð. Endurgreiðslan hvetur erlenda kvikmyndagerðarmenn til að koma til Íslands og tekjur af kvikmyndagerð þeirra hér lenda í ríkissjóði, okkur til gleði. En jafnan verður ekki jákvæð nema til komi annars vegar framlag okkar í Kvikmyndasjóð og hins vegar framlag til Kvikmyndaskólans. Hvort tveggja tryggir nefnilega að nauðsynleg þekking sé til staðar. Til að fá milljarðana, þurfum við að kosta til nokkrum milljónum.

Ég hef starfað sem leiðsögumaður í nokkur ár og hitt þúsundir ferðamanna. Þeir heillast af landi okkar, náttúru og sögu. Erlendar myndir – James Bond, Oblivion, Prometheus – eru eins og gps-hnit í huga þeirra og færa hið magnaða landslag Íslands nær þeim. Og þá nær Íslandi.

**Allir glaðir**
Ein væntanleg mynd mun þó hafa sérstöðu: The Secret Life of Walter Mitty. Ef marka má kynningarmyndbönd skapar myndin óvenju sterka tilfinningu fyrir landi og náttúru og talar til nýrrar kynslóðar bíógesta.

Kynningarmynd um The Secret Life of Walter Mitty segir frá hjálparstarfi á Filippseyjum. Ótrúlegt, en satt. Mynd Bens Stillers fjallar um mann, sem lætur drauma sína rætast – og hjálparstarf á Filippseyjum snýst um sömu þrár og óskir.

Tengingin í huga kvikmyndaáhorfandans verður því „Walter Mitty – Ísland – hjálparstarf á Filippseyjum – draumar rætast!“ Þetta er snilldarleg tenging, sem við Íslendingar ættum að notfæra okkur. Ekki síst í ferðaþjónustunni!

**➔ Tengingin í huga kvikmyndaáhorfandans verður því „Walter Mitty – Ísland – hjálparstarf á Filippseyjum – draumar rætast!“ Þetta er snilldarleg tenging, sem við Íslendingar ættum að notfæra okkur.**

Hvernig? Jú, dæmi: Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki gætu látið 100 krónur af hverjum seldum miða í Gullna hringinn renna til svipaðrar þróunaraðstoðar og kynningarband The Secret Life of Walter Mitty sýnir. Og auglýsa það. Þar með festir Ísland í sessi ákveðna ímynd, sem tengist mannúð og þrá okkar manna til að láta drauma rætast. Það er til þess fallið að hvetja fólk út um allan heim til að heimsækja Ísland. Af hverju? Jú, hér rætast draumarnir!

En þá verða okkar ágætu alþingismenn að gera þrennt fyrir 3. umræðu um fjárlög:
- **tryggja óskert (helst aukið) fé til Kvikmyndasjóðs,**
- **tryggja óskert (helst aukið) fé til Kvikmyndaskóla Íslands, og**
- **tryggja (og helst auka) fé til þróunarhjálpar til móts við ferðaþjónustuna.**

Þar með skapast forsendur fyrir fjölgun ferðamanna á Íslandi, sem þýðir tekjuauka til kvikmyndagerðar, ferðaþjónustu og ríkissjóðs. Allir glaðir!

Getur það betra orðið?

Þeirri spurningu geta þingmenn svarað – í verki! Fyrir 3. umræðu og lokaafgreiðslu fjárlaga.

# Tækifæri á Norðurslóðum - neita að leita - arðbærast til framtíðar

ORKUMÁL



**Bergljót Rist**
sjálfstæður atvinnurekandi

Fyrir nokkrum áratugum bentu vísindamenn á að reykingar valda lungnakrabbameini og öðrum alvarlegum fylgikvillum. Þá réðu tóbaksframleiðendur til sín áróðursmeistara til að sannfæra almenning um að reykingar væru ekki skaðlegar.

Í dag benda vísindamenn á að brennsla jarðefnaeldsneytis, svo sem olíu, veldur loftslagsbreytingum. Það má líkja loftslagsbreytingum við krabbamein sem leggst á heiminn. Aftur fer hagsmunaáróður í gang. Nú til að gæta hagsmuna olíuframleiðenda sem fengu til sín áróðursmeistara, m.a. gamla reynslubolta úr tóbaksáróðri til að sannfæra almenning um að loftslagsbreytingar og olíunotkun séu í lagi.

Það reynist hins vegar æ erfiðara að leyna meininu því þess er víða þegar farið að gæta og fleiri einstaklingar hafa vaknað til vitundar um skaðleg áhrif loftslagsbreytinga.

Ísland var í fararbroddi varðandi bann við reykingum. Reykingabann gekk í gildi í íslenskum skólum árið 1996. Ég bjó þá í útlöndum og man að þetta vakti mikla athygli fjölmiðla og forvitni almennings. Gagnrýni, hneykslan, furðu og aðdáun. Mikið umtal og fleiri áttuðu sig á samhengi milli reykinga og skaðsemi þeirra og vildu feta í fótspor Íslands – sem var ítrekað tekið sem dæmi í fjölmiðlum. Nú sjá allir að reykingar eru skaðlegar og þykir bannið sjálfsagt. Þetta er að skara fram úr.

Líkja má olíunotkun við reykingar og loftslagsbreytingum af þeirra völdum má líkja við krabbamein sem herjar á heiminn. Þá kemur að siðferðislegri samviskuspurningu til okkar Íslendinga: viljum við vera olíuþjóð? Nokkrir fjársterkir aðilar hvetja Íslendinga til olíuleitar. Ef við stígum það skref þá samþykkjum við um leið að að verða olíuþjóð. Hér er gott að staldra við því nú fáum við Íslendingar aftur tækifæri til að skara fram úr, vekja athygli heimsins á skaðlegu samhengi, stöðva það og um leið að vekja athygli á Íslandi. Það er tækifæri.

***Tækifæri og áhrif þess að neita að leita:***
Skilaboð til heimsins. Með því að neita að leita segjum við um leið að okkur er ekki sama um heiminn sem við búum í. Við öxlum ábyrgð og þess vegna neitum við að leita. Slík skilaboð mundu vekja heimsathygli. Í byrjun væru eflaust einhverjir á móti – rétt eins og með reykingarnar. Þegar fleiri sjá samhengið milli olíunotkunar og loftslagsbreytinga mundi það gagnast Íslandi á jákvæðan hátt að vera þekkt fyrir að neita að leita. Til framtíðar geta slík skilaboð skapað virðingu á alþjóðlegum vettvangi og í því felast óendanleg tækifæri.

***Neyðarhjálp.*** Veljum við að vera olíuþjóð þá samþykkjum við um leið að auka áhrif loftslagsbreytinga. Loftslagsbreytingar valda til dæmis sterkari fellibyljum, öfgum í veðurfari og öðrum náttúruhamförum sem valda neyð. Viljum við það? Mikilvægasta neyðarhjálpin nú á tímum er fyrirbyggjandi, minnka áhrif loftslagsbreytinga og um leið líkur á slíkri neyð. Hér höfum við tækifæri til að standa okkur.

***Hreinleiki íslenskra orkugjafa – olía úr tísku.*** Til að draga úr mengun og um leið áhrifum loftslagsbreytinga er nú leitað logandi ljósi að umhverfisvænni orkugjöfum. Með því að neita að leita gefst Íslendingum frábært tækifæri til að vekja heimsathygli á hreinleika íslenskra orkugjafa. Olía er að fara úr tísku og er þá ekki efnahagslegur ávinningur olíuvinnslu orðin spurning?

**➔ Neyðarhjálp. Veljum við að vera olíuþjóð þá samþykkjum við um leið að auka áhrif loftslagsbreytinga. Loftslagsbreytingar valda til dæmis sterkari fellibyljum, öfgum í veðurfari og öðrum náttúruhamförum sem valda neyð. Viljum við það?**

***Íslenskt vinsælt – með allt á tæru.*** Vegna loftslagsbreytinga hafa þjóðir heims skrifað undir yfirlýsingar þess efnis að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þá um leið minnka brennslu jarðefnaeldsneytis. Í framtíðinni má jafnvel búast við að alþjóðasamfélagið beiti þrýstingi, t.d. viðskiptaþvingunum, til að ná settu marki. Slíkt gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslíf okkar. Við erum von því að íslenskt sé vinsælt, s.s. sjávar- og landbúnaðarafurðir, hönnun, tónlist, tölvuleikir, hestar, hátíðir, ferðir, hugvit o.fl. Við höfum öll hagsmuna að gæta – hugsum dæmið til enda. Stoltið okkar, lambakjötið, fiskurinn, tónlistin, hesturinn, vatnið – þannig mætti lengi telja – allt birtist þetta kaupandanum hreinna og tærara komandi frá landi sem neitar að leita.

***Ímynd.*** Hver erum við? Hver viljum við vera? Ímynd er dýrmæt. Að neita að leita gefur Íslandi stórmerka og jákvæða ímynd til framtíðar. Þorum að skara fram úr.

# GJAFAVERÐ Í DORMA




Vönduð sængurföt frá TURIFORM í miklu úrvali – NÚ MEÐ 20% JÓLAAFSLÆTTI!



| 100% bómull & rennilás | 100% bómull & rennilás | Bómullarsatín & rennilás | Bómullarsatín & rennilás | Bómullarsatín & rennilás |
|---|---|---|---|---|
| JÓLATILBOÐ KR. 6.320 | JÓLATILBOÐ KR. 6.320 | JÓLATILBOÐ KR. 9.520 | JÓLATILBOÐ KR. 9.520 | JÓLATILBOÐ KR. 9.520 |



TURIFORM
Dúnfylltir púðar
JÓLATILBOÐ
KR. 5.520



## SHAPE heilsukoddar veita réttan stuðning – frábær jólagjöf!

SHAPE COMFORT kr. 4.900,- | SHAPE CLASSIC kr. 5.900,- | SHAPE ORIGINAL kr. 8.900,-



Mjúkur | Þéttur | Stuðningslag

## VANDAÐAR DANSKAR DÚNSÆNGUR Á DORMAVERÐI



**WINTER TIME**
1000 gr. 70% andadúnn
og 30% smáfiður.
Hlý og góð dúnsæng.
Stærð: 140x200 cm.

JÓLAVERÐ
KR. 13.900

**CARE-BOX SÆNG**
800 gr. 90% gæsadúnn
og 10% smáfiður.
Ótrúlega hlý og góð
haust- og vetrarsæng
Stærð: 135x205 cm.

JÓLAVERÐ
KR. 39.990



DORMA
– býður góða nótt

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800 • Föst. 20.–23. des. opið til 22⁰⁰ og aðfangadag 10⁰⁰–13⁰⁰**
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

# Dýraverndarbarátta í molum

DÝRAVERND



**Óskar H. Valtýsson**
félagi í Dýraverndarsambandi Íslands

Umræða um dýravelferð er lágvær hér á landi. Dýraverndarsamband Íslands sem hefur það yfirlýsta markmið að berjast fyrir bættum aðbúnaði dýra er lítt áberandi, nánast ósýnilegt. Þrátt fyrir það eru verkefnin ærin og augljóst að áhrifarík leið til að stuðla að bættum aðbúnaði dýra er að láta í sér heyra, upplýsa almenning um aðstæður þeirra, segja frá og tala hátt. Vert er að benda á að Dýraverndarsambandið er bundið af því með lögum og setu í Dýraverndarráði að sinna þessum málaflokki af festu.

Dýraverndarsamtök víða um heim beita áhrifaríkum aðferðum í baráttu sinni fyrir velferð skjólstæðinga sinna. Nýta minnstu tilefni til að koma hugsjónum sínum og baráttumálum á framfæri, láta einskis ófreistað í þágu dýra, eru fórnfúsir málsvarar. Alvöru dýraverndarsamtök þrýsta linnulaust á stjórnvöld, almenning og hagsmunaðila, upplýsa um þann mikla skaða og kvalræði sem maðurinn veldur í lífríkinu með athöfnum sínum og neysluvenjum.

Hér er þessu þveröfugt farið, stjórn Dýraverndarsambands Íslands er ósýnileg. Þegir þunnu hljóði þegar brýn ástæða er til að öskra af lífs og sálar kröftum. Hvorki hósti né stuna þegar upp kemst um skelfileg níðingsverk og viðvarandi aðgerðaleysi eftirlitsaðila og yfirvalda að sinna þeim lögboðnum skyldum sínum að koma dýrum í nauðum til varnar. Á sama tíma og heimspressan upplýsir um árangursríka baráttu dýraverndarsamtaka í útlöndum, telur forysta Dýraverndarsambands Íslands óþarfa að láta í sér heyra vegna stórfelldra dýraníðsmála hér á landi. Ekkert haggar forystu sambandsins þrátt fyrir ítrekaða áeggjan félagsmanna þess.

### Fátt um svör

Af hverju að tiltaka Dýraverndarsamband Íslands í þessu samhengi? Jú, þetta eru höfuðsamtök dýravelferðarmála hér á landi með lögbundna ábyrgð og eiga í ljósi merkrar sögu sinnar að vera áberandi og afgerandi sem málsvarar og verndarar dýra. Þess í stað er engu líkara en forysta Dýraverndarsambandsins telji hlutverk sitt vera að miðla málum, sætta andstæð sjónarmið hagsmunaaðila í dýraeldi og hugsjónafólks í eigin röðum. Á þeim örfáu fundum sem Dýraverndarsamband Íslands stendur fyrir eru fulltrúar eldisiðnaðarins einatt fyrirferðamiklir, mala þar um eigin hugðarefni óáreittir, verja purkunarlaust hagsmuni sem eru skelfilega andstæðir velferð dýra.

Þegar kallað er eftir afstöðu stjórnar Dýraverndarsambandsins til tiltekinna mála, t.d. loðdýraeldis, verður fátt um svör og þá helst þau að sú iðja njóti velþóknunar sambandsins. Víðast hvar er það algjört forgangsmál dýraverndarsamtaka að berjast gegn fyrrnefndri óþurftariðju. Það er slíkri hugsjónabaráttu og engu öðru að þakka að nú þegar er loðdýraeldi aflagt í nokkrum löndum Evrópu og að settar hafa verið reglur um bættan aðbúnað eldisdýra almennt. Í þessum efnum eru Íslendingar svo sannarlega eftirbátar enda er dýraverndarstarf hér á landi í molum á meðan eldisiðnaðurinn fer sínu fram fyrirstöðulaust.

**➜ Er stjórn Dýraverndarsambandsins virkilega ófær um að taka hreina og klára afstöðu með dýrunum?**

### Óþurftariðja

Á síðastliðnum vetri bárust fréttir af óhuggulegum áformum um stóraukið loðdýraeldi hér á landi. Hingað ætluðu útlenskir loðdýraræktendur að leita skjóls með óþurftariðju sem annarstaðar er úthýst af siðferðisástæðum. Sömu fréttir sögðu frá stórkarlalegum áformum Kínverja um risaiðnað af þessu tagi á Íslandi, griðastað loðdýraræktenda sem vita að ekki þarf að óttast harða andstöðu dýraverndarsinna hér á landi.

Undirritaður sendi stjórn Dýraverndarsambandsins fyrirspurn um afstöðu þess til framangreindra áforma. Svarið var rýrt: Jú, málið yrði náðarsamlegast tekið til skoðunar á næsta stjórnarfundi. Nú eru liðnir tíu mánuðir án þess að bóli á svari og stjórnin hætt að svara fyrirspurnum undirritaðs.

Er stjórn Dýraverndarsambandsins virkilega ófær um að taka hreina og klára afstöðu með dýrunum? Þætti eflaust tíðindi í útlöndum ef fréttist, að stjórnarmenn hugsjónasamtaka á borð við Dýraverndarsamband Íslands hiki við að standa með skjólstæðingum sínum.

Hvers vegna þessi ærandi þögn um jafn brýnt dýravelferðarmálefni sem barátta gegn loðdýraeldi er? Hvaða hagsmuni er verið að verja? Erum við eftirbátar annarra þegar taka þarf afstöðu til siðferðislegra álitamála? Er það fámennið og nálægðin?

# Strákarnir okkar

MENNTUN



**Gunnar Páll Leifsson**
sálfræðingur

Nei, ég er ekki að tala um karlalandslið okkar í handbolta- eða fótbolta. Ég er að tala um strákana okkar sem eru í grunnskólum landsins. Og stelpurnar.

Mikið hefur verið fjallað um útkomu PISA-könnunarinnar frá 2012 í fjölmiðlum. Sérstaklega eru miklar áhyggjur af strákunum okkar og lesskilningi þeirra. Frammistaða þeirra á lestrarprófinu var mun lakari en stelpnanna og veldur það mörgum áhyggjum. Enda viljum við börnunum okkar það besta og þegar við lesum svona greinar er ekki annað hægt en að hafa áhyggjur, er ekki svo?

Að mínu mati hefur þessi umræða farið fram með fullmiklu offorsi. Víða er verið að ræða um breytingar á skólakerfinu eða námsefni, ábyrgð foreldra o.fl. Það er gott og blessað, en ég tel að það sé ástæða til að staldra aðeins við. Tölfræði getur verið mjög gagnleg en það þarf að fara varlega með hana, og túlka hana t.d. með hliðsjón af því sem er að gerast í kringum okkur. Erum við svona sérstök hvað þennan kynjamun varðar? Hefur fólk skoðað frammistöðu barnanna í löndunum í kringum okkur og víðar? Ég get ekki sagt að niðurstöðurnar hafi komið mér á óvart en mig grunar að þær gætu komið sumum á óvart. Skoðum aðeins samanburðinn við önnur lönd í kringum okkur.

### Ekki bundið við Ísland

Í PISA-könnuninni árið 2000 skoruðu strákar 40 stigum minna en stelpur í lestrarprófinu (488 á móti 528). ÖLL hin löndin í OECD-ríkjunum sem tóku þátt í rannsókninni þá sýndu fram á marktækan og sambærilegan mun og fannst hér á landi. Meðaltal munar í frammistöðu þeirra landa (27 talsins) var 32 stig, stúlkum í hag. Sama gilti um hin 12 löndin sem tóku þátt í könnuninni þá en eru ekki OECD-ríki.

Þessi munur er enn til staðar 12 árum seinna, í öllum OECD-ríkjunum 34, sem og hinum ríkjunum sem tóku þátt árið 2012 (31 talsins). Nú er munurinn að vísu meiri, bæði á Íslandi (51 stig) sem og annars staðar í OECD-löndunum (meðaltal 38 stig).

Hvað það er sem veldur þessum mun milli mælinga er vandséð, en ljóst er að bæði þessi kynjamunur og að það sé enn meiri kynjamunur nú en árið 2000 er ekki bundið við Ísland. Stelpur hafa verið betri í lestri en strákar síðan PISA-mælingar hófust, og líklega talsvert lengur en það. Munurinn finnst í öllum hinum löndunum í könnuninni og líklega í öllum heiminum. Það segir mér að þessi munur sé ekki tilkominn vegna menningarmunar eða kennslufræðilegra eiginleika. Líklegra þykir mér að það sé vegna kynjamunar í taugaþroska heilans. En það er önnur saga.

Mér finnst við þurfa að hafa þetta í huga áður en við förum að halda að strákarnir okkar séu svo mikið frábrugðnir strákum í öðrum ríkjum.

**➜ Ég get ekki sagt að niðurstöðurnar hafi komið mér á óvart en mig grunar að hún gæti komið sumum á óvart.**




Fissler. Perfect every time.



★★★★★
luno
Creative. Versatile. Inspiring.



★★★★★
original-profi collection
High-quality. Versatile. Impeccable.

ÚTSÖLUSTAÐIR:

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Tékk Kristall
LAUGAVEGI 178. Sími: 568 9955.

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

Líf&List
SMÁRALIND

Heimilistæki ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500
Umboðsmenn um land allt


ALLT Í PAKKANN
CASALL
BRÚSAR "FYRIR ÞORSTANN„
FRÁ 1.990 KR.
UNDER ARMOUR
BUXUR "FYRIR LOOKIÐ„
11.990 KR.
DUNLOP
PULSE C-35 SZUASH SPAÐI
5.490 KR.
CASALL
HANDLÓÐ "FYRIR FLOTTA VÖÐVA„
FRÁ 6.490 KR.
YOGADÝNUR
"FYRIR ÞÆGINDIN„
FRÁ 5.990 KR.
CASALL
NUDDRÚLLUR "FYRIR STRENGINA„
7.990 KR.
CASALL
CHIN UP BAR "FYRIR STYRKINN„
6.990 KR.
CASALL
BOLTI "FYRIR SAMHÆFINGUN„
FRÁ 6.490 KR.
Fáðu aðstoð við valið á réttu jólagjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
Fatnaður á mynd: Under Armour
ÚTILÍF
ÁRNASYNIR
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# Þróunarsamvinna Íslendinga

PRÓUNARSAMVINNA



Ólafur Karvel Pálsson
fiskifræðingur og starfaði á vegum ÞSSÍ í Malaví 1997-1999

**➜ Eða hafa nýkjörnir alþingismenn að stórum hluta allt aðra sýn í málefnum þróunarsamvinnu en forverar þeirra á þingi? Fróðlegt væri að heyra meira frá þeim sjálfum um þetta mál.**

Þann 21. mars 2013 samþykkti Alþingi Íslendinga, með öllum atkvæðum nema einu, ályktun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016. Í upphafsorðum þessarar ályktunar segir m.a.:

„Markmið Íslendinga með alþjóðlegri þróunarsamvinnu sé að leggja íslensk lóð á vogarskálar baráttunnar gegn fátækt og fyrir bættum lífskjörum í fátækustu hlutum heims. Með virkri þátttöku á þessu sviði leitist Ísland við að uppfylla pólitískar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna. Alþjóðleg þróunarsamvinna sé ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu.

Slegið er föstu að barátta gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri í heiminum sé áfram þungamiðja í stefnu Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Jafnframt verði lögð rík áhersla á mannréttindi, jafnrétti kynjanna, réttindi barna, frið og öryggi.

Íslensk þróunarsamvinna endurspegli þannig þau gildi sem íslenskt samfélag stendur fyrir, virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, fjölbreytni mannlífs, umburðarlyndi, réttlæti og samstöðu. Í ljósi þessa verði lögð áhersla á.“

Í aðdraganda jólahátíðar samþykkti Alþingi mikinn niðurskurð fjárveitinga til þróunarsamvinnu 2014. Í stað þeirra 4.332. milljóna króna sem ályktun Alþingis frá því í mars 2013 gerði ráð fyrir, samþykkti meirihluti þingmanna að framlag til þróunarsamvinnu verði 3.544 milljónir króna, sem er lækkun um 788 milljónir. Þar af verði framlag til Þróunarsamvinnustofnunar ekki 1.982 milljónir króna, eins og fyrirhugað var, heldur 1.593 milljónir króna, sem er lækkun um 389 milljónir.

**Mikið fé**

Þetta er mikið fé, sérstaklega í Afríku þar sem unnt er að framkvæma mun meira fyrir tiltekna upphæð en í vestrænum ríkjum. Þessi niðurskurður mun því leiða til þess að margvísleg verkefni í heilsugæslu og til menntunar ungmenna eða til drykkjarvatnsöflunar og jarðhitaverkefna ná ekki fram að ganga, þrátt fyrir loforð íslenskra stjórnvalda í þessum efnum.

Hvernig má það vera að jafn auðug þjóð og Íslendingar, með landsframleiðslu upp á 42 þúsund USD á mann, telur óhjákvæmilegt að skera svo harkalega niður stuðning sinn við þjóð eins og Malaví, sem er með landsframleiðslu upp á um 400 USD á mann, eða um 1% af landsframleiðslu Íslendinga?

Hefur orðið annað hrun? Hafa orðið stórkostlegar náttúruhamfarir, t.d. gos í Kötlu, sem lagt hafa landið í auðn? Nei, slíku er víst ekki til að dreifa. Hvað með alþingismenn, sem áttu lokaákvörðunina í þessu máli? Hafa þeir alveg gleymt einróma samþykkt Alþingis frá síðasta vetri? Eða hafa nýkjörnir alþingismenn að stórum hluta allt aðra sýn í málefnum þróunarsamvinnu en forverar þeirra á þingi? Fróðlegt væri að heyra meira frá þeim sjálfum um þetta mál.

Ef þessi afgreiðsla Alþingis á málefnum þróunarsamvinnu er til marks um það sem koma skal, þá virðast ekki efni til að vænta mikils af nýkjörnum alþingismönnum í málum eins og „baráttu gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri í heiminum“.




# Lýst er eftir manni

MENNING



Hermann Stefánsson
rithöfundur

**➜ Hann eða hún kann mjög illa við allan smásálarhátt og nánasarskap. Það er klassi yfir þessari manneskju. Aurasálir þykja henni auvirðilegar. Ekkert getur hún hugsað sér lítilmótlegra en sparðatíning. Hún setur manngildi ofar auðgildi og tekur það alvarlega.**

Lýst er eftir manni. Eða konu, það skiptir ekki máli. Ég lýsi eftir menningarsinnuðum hægrimanni. Nú er ég ekki að tala til vinstrimanna heldur er auglýsingunni beint til hægrimanna og ég er ekki að gantast með að menningarsinnaði hægrimaðurinn sé ekki til. Málið er að ég hef sáralítið orðið var við manninn að undanförnu og sakna hans. Hann þarf að vera allavega undir sextugu, kunna að meta bókmenntir, tónlist, myndlist og leiklist og hafa pólitíska trú á því að flokkurinn sem hann tilheyrir, Sjálfstæðisflokkur eða Framsóknarflokkur, geti sótt þangað gildi og innblástur, í allra minnsta lagi til þess að skreyta sig með á tyllidögum.

Síðast sást til mannsins á árunum fyrir hrun. Síðan hefur lítið til hans spurst og enn minna heyrst. Hinn týndi hefur skáld eins og Matthías Johannessen í metum en forsmáir ekki höfunda vegna stjórnmálaskoðana, enda lítur hann á skoðanafrelsi sem grunnstoð vestrænna gilda. Honum þykir sem oftar mættu hægrimenn njóta sannmælis í samfélagsumræðu og ekki síst í skáldskap, því hann trúir á eilífðina. Hann er aðdáandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og á stórt bókasafn. Hann aðhyllist gamaldags mannúðarstefnu og hefur skilyrðislausa óbeit á rasisma og öðrum haturstefnum. Hann er hófsamur í skoðunum, hæverskur og orðvar og hefur óbeit á upphrópunum. Sennilega er hann í þjóðkirkjunni. Hann hlustar á Rás 1 og harmar af heilum hug uppsagnirnar á Ríkisútvarpinu sem hann lítur á sem áras á eina af grunnstoðum íslenskrar menningar.

Hann eða hún kann mjög illa við allan smásálarhátt og nánasarskap. Það er klassi yfir þessari manneskju. Aurasálir þykja henni auvirðilegar. Ekkert getur hún hugsað sér lítilmótlegra en sparðatíning. Hún setur manngildi ofar auðgildi og tekur það alvarlega. Endurreisn íslenskrar menningar í sjálfstæðisbaráttunni finnst henni mögnuð, þar var svo sannarlega reisn, hugsar hún. Henni er slétt sama um sölutölur og skammast sín ekki fyrir snobb sitt, raunverulega virðingu fyrir raunverulegum gildum og raunverulegum kúltúr. Á hverju ári hlustar hún undrandi á umræðuna um listamannalaun, heyrir samflokksmenn sína punda á rithöfunda sem búi í miðbænum og séu afætur. Síðan hlustar hún á svör vinstrimanna um að hagræn áhrif listarinnar séu slík að allt fé til þeirra skili sér margfalt til baka. Vafalaust rétt, hugsar týndi hægrimaðurinn með sér, en þó skyldi ekki gleyma raunverulegu gildi listarinnar þegar leitað er raka og réttlætinga fyrir tilvist hennar. Af hverju tala menn ekki um innihald?

**Ekkert heyrist í menningarlega hægrinu**

Hægrimaðurinn lítur ekki svo á að heilbrigðiskerfi og menning séu náttúrulegar andstæður, fremur en heilbrigðiskerfi og eitthvað annað. Honum þykir niðurskurður ríkisstjórnarinnar til menningarmála hæpinn sparnaður og vafasöm sú þróun að auður safnist á fárra hendur meðan heilbrigðiskerfið drattist niður, það var ekki hans hugmynd þegar hann gerðist íhaldsmaður. Honum þykir sorgleg þróun að hægrimenn eru hættir að taka til máls um menningu öðruvísi en til að hæðast að henni af peningaástæðum eins og kúltúrlausir nurlarar.

Ekkert heyrist í menningarlega hægrinu. Það heyrist bara í einhverjum bæjarstjóra í Vestmannaeyjum, þeim annars merka menningarstað, í Vigdísi Hauksdóttur, í sólbrúnum lögfræðingum og athugasemdaskrifurum á netinu sem eru einhuga um að hatast við alla menningu, hægristefna sé menntahatur. Rökin eru alltaf þau sömu, peningamælikvarðinn, hægrimaður dagsins í dag lætur sig hafa það smæð að margtelja smáaurana sem til lista renna. Hann er sífellt eitthvað að reikna, aldrei að hugsa, og hefur ekki einu sinni skynsamlega afstöðu til valda, því það er gömul saga og ný að hlutdeild í menningu er einhver árangursríkasta aðferðin við að festa völd í sessi og veita þeim áru lögmætis. Nýja hægrið virðist ekki trúa á nokkurn skapaðan hlut nema peninga. Það notar hvert tækifæri til að fjargviðrast út í listamenn og byrjar strax og einhver úr þess röðum lætur gera skoðanakönnun sem sýnir að landsmenn séu andsnúnir listum.

Nú er ég ekki hægrimaður né reyndar í neinum stjórnmálaflokki. En ég held að það séu til nýjar kynslóðir af menningarlegu hægri. Ég held að manneskjan sem ég auglýsi eftir sé til en þegi þunnu hljóði. Ég held að þótt hún þegi sárni henni mjög að láta háværa samflokksmenn sína tjá fyrir sig hatursfullar skoðanir á menningu eins og um almenna stefnu sé að ræða. Ég lýsi eftir manni, ég bið hann um að fara að tjá sig. Því það er verið að hafa hann að erkifífli.

# 320 þúsund manna þjóð getur og verður

MENNING



Björg Árnadóttir
félagi í Reykjavíkur Akademíunni

**➜ Menningin er lífríki. Ef eitrað er fyrir Sinfóníuhljómsveitina deyr dægurtónlistin. Í ríkisreknum hámenningarstofnunum býr nefnilega þekking sem nærir grasrótina.**

Listin er ekki kökuskraut. Hún er lyftiduft. Að skera niður til menningar og lista er eins og að hætta að borga rafmagnsreikninginn en halda áskriftinni að Stöð 2. Menningin er undirstaðan. Hjarta þjóðarlíkamans. Án hjartans, ekkert líf.

Ríkisstyrkt list er þyrnir í augum margra á þeim forsendum að ekki sé þörf fyrir það sem ekki stendur undir sér. Listir eru dýrar í framleiðslu og á fárra færi að kaupa þær á raunvirði. Segjum til dæmis bækur. Bóksala sýnir að stór hluti þjóðarinnar telur að þörf sé á nýjum, íslenskum bókmenntum. Útgáfa einnar bókar skapar fjölda afleiddra starfa og virðisauka. Sama gildir um aðrar listgreinar. Vandamálið er að listamaðurinn sjálfur ber svo lítið úr býtum. Þess vegna hefur verið komið á því kerfi að hafa hverju sinni nokkra sjálfstætt starfandi embættismenn sem sjá okkur fyrir listum. Ég held að þeir sem þiggja listamannalaun geri síst minna gagn en aðrir ríkisstarfsmenn.

Íslensk list er spegill fyrir Íslendinga. Það segir mér margt um sjálfa mig og þjóð mína að horfa á nýtt, íslensk leikrit. Það segir mér meira um sjálfa mig og þjóð mína að horfa á sígildan harmleik í nýrri, íslenskri uppsetningu heldur en að hlusta á eldhúsdagsumræður. Klassík er ekki sett upp til að fræða okkur um forna tíma heldur til að sýna okkur gömul gildi í nútímanum. Listin er spegill nútíðar og vegvísir til framtíðar. Listin er ekki það sem var, varla það sem er, heldur það sem verður. Listin er skrefi á undan, þess vegna er oft erfitt að skilja hana.

Sköpunarkraftur er sterkt afl, það getum við til dæmis séð í börnum. Listnám snýst um að virkja sköpunarkraftinn, eignast sýn á sjálfan sig og samfélagið og þjálfa aðferðir til að klæða hugmyndir í búning. Listnemar þurfa að tileinka sér gríðarlegan sjálfsaga, sjálfsþekkingu og samvinnuhæfni. Kennsluaðferðir listaskóla hafa löngum þótt einkennilegar í öðrum skólum en eru nú að ryðja sér til rúms í allri menntun. Enn og aftur er listin í fararbroddi.

**Lífríki menningarinnar**

Eitt sinn var reynt að eitra fyrir mýflugur við stöðuvatn. Flugurnar hurfu vissulega en í kjölfarið visnaði vistkerfið allt. Menningin er lífríki. Ef eitrað er fyrir Sinfóníuhljómsveitina deyr dægurtónlistin. Í ríkisreknum hámenningarstofnunum býr nefnilega þekking sem nærir grasrótina. Við höfum þörf fyrir hágróður jafnt sem lággróður í vistkerfi menningarinnar líkt og í vistkerfi stjórnmálanna þar sem miðstjórnarmaðurinn, ráðherrann og barnið sem ber út bæklingana eru líffæri í sama pólitíska líkamanum.

Það gæti samt verið áhugaverð tilraun að skera niður það sem Íslendingar eru þekktastir fyrir. Hætta að „halda uppi“ menningu og listum. Ég held að annað tveggja myndi gerast: Að þeir sem ekki flyttu til Noregs dæju úr leiðindum – eða að sköpunarþörf fólks fyndi sér annan farveg. Kannski færu listamenn í auknum mæli að hafa bein áhrif á samfélagið í stað þeirra óbeinu. Reyndar er listin víða að færast yfir í pólitíska gjörninga af margvíslegum toga. Ég sé fyrir mér sinfóníuna setjast á þing og Íslenska dansflokkinn skipa ríkisstjórn. Grínistarnir mega alveg eiga sveitarstjórnarmálin. Við eigum afburða listafólk sem kann að vinna saman að verkefnum sem þarf að leysa. Eflum íslenskt listafólk til að vinna þá vinnu sem það er best í – að vera þjóðarspegill innanlands og skapa orðspor erlendis.

Sinfóníuhljómsveitin settist á þing. Íslenski dansflokkurinn skipaði ríkisstjórn. Grínistarnir tækju alveg yfir sveitarstjórnarmálin.

Sirkusinn í Vatnsmýrinni flyttist á Álftanes. Hmm, ekki svo vitlaus hugmynd. Þetta fólk hefur alla vega lært að vinna náið saman.

# NÝ SENDING


ANDREW SKYRTA 10.500


CALE PEYSA 8.990


CHASE PEYSA 9.900


DRILL BOLUR 2.990


FABIOS TONY BUXUR 10.900




ONE MIX SKYRTA 9500


GUERNSEY PEYSA 7.990

# SELECTED
## HOMME
KRINGLUNNI OG SMÁRALIND


PHILO BOLUR 8.990


PIMA BOLUR 3.990


ROWAN PEYSA 8.990


SPELL JAKKI 23.900


TOKEN JAKKI 21.900


VINCE PEYSA 7.990


VITO SKYRTA 10.900


WATT BOLUR 7.990

FYLGSTU MEÐ OKKUR
facebook.com/selected.island Instagram: selectediceland

# Það er drulluerfitt að breyta heiminum en lestu áfram

SAMFÉLAG

Kristín Elfa Guðnadóttir
pírati

Þér er sagt að það þýði ekkert að ybba gogg. Það er ekki satt. Þú getur hætt að versla við þá sem þér líkar ekki og kjósa þá sem þú treystir ekki. Þú getur hætt að borga reikninga, búið í tjaldi, veitt þinn eigin fisk og ég skal lofa þér því að það munu margir standa með þér. Þú getur meira að segja farið í stríð við stórfyrirtæki (sem okkur er sagt að sé ekki hægt) og milljónir munu standa með þér.

Það er hægt að breyta heiminum og við eigum nú þegar fólk úti um allan heim sem safnar saman og kemur á framfæri praktískum lausnum. Það er meira að segja hægt að breyta okkur þannig að okkur þyki nautakjöt ógeð. Það myndi nú aldeilis draga úr gróðurhúsaáhrifum. En við getum líka bara ákveðið hlutina sjálf og það er affarasælast.

Ég hvet þig til að skrifa niður á blað það sem þér finnst skipta mestu máli. Flestir hugsa um börnin sín og fjölskylduna. Margir hugsa um ást, lýðræði, mannréttindi, jafnrétti, menntun og frið – þessi stóru og yndislegu hugtök. Og að borin sé virðing fyrir okkur, að við séum ekki áhrifalaus. Þegar við vitum hvað skiptir okkur mestu máli er næsta skref að finna leiðir. Við getum þetta.

Við eigum fólk sem trúir ekki á fjórflokka, gamaldags pólitíska iðkun og hægri/vinstri, allt þetta sem við notum til að aðgreina okkur og koma í veg fyrir að við getum myndað gott samfélag. Við höfum alltaf átt svona fólk en núna höfum við til viðbótar miklu betri tæki og tól til að skipuleggja okkur, fá upplýsingar og láta í okkur heyra. Það er mikilvægt að verja netið fyrir einræði. Og líka fyrir okkur sjálfum.

### Tökum málin í eigin hendur

Það er drulluerfitt að breyta heiminum, ég ætla ekkert að skafa utan af því. Það er ekkert að Facebook og kó í hófi en neysla einfaldrar afþreyingar er alveg jafnhættuleg og þegar Neil Postman skrifaði þá frábæru bók „Amusing Ourselves to Death“. Hún rænir okkur þeim möguleika að breyta samfélaginu.

En ókei. Við erum með gott fólk, fína viðhorfsbreytingu og frábær tæki og tól. Málið er samt ekki í höfn. Við þurfum að skuldbinda okkur. Það er glæpsamlegt að leyfa LÍÚ að eiga landið. Það er fáránlegt að bankar græði milljarða á milljarða ofan á sama hátt og fyrir hrun. Það er súrrealískt að halda að til dæmis lyfjarisar eða landtökufyrirtæki beri hag okkar fyrir brjósti.

Og það er einfaldlega kjánalegt að trúa því að á meðan við sinnum okkar daglegu störfum þá reddist þetta allt saman einhvern veginn. Krefjumst alltaf svara og básúnum svörin, eða skort á þeim, á netinu.

**➜ Það er glæpsamlegt að leyfa LÍÚ að eiga landið. Það er fáránlegt að bankar græði milljarða á milljarða ofan á sama hátt og fyrir hrun.**

Peninga og völd gefa sárafáir eftir. Við þurfum að taka málin í okkar hendur. Það er eina leiðin til að umhyggja, kærleikur, samvinna, traust og allt þetta góða sem við viljum að umljúki okkur sjálf þrífist í samfélaginu. Jörðin er að gefast upp á okkur og jafnvel þótt við bregðumst hratt við þá þurfum við að læra að lifa á annan hátt en við erum vön. Þeir sem halda um budduna bjarga ekki málunum. Það gerum við.

# Reykjanesfólkvangur – samstarfsverkefni Sveitarfélaga

FÓLKVANGUR

Þorvaldur Örn Árnason
í samvinnunefnd fólkvangsins

Á tíma vaxandi ferðaþjónustu og áhuga á útivist og hreyfingu er gott að eiga Reykjanesfólkvang – ósnortið útivistarland við bæjardyrnar.

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti samhljóða árið 1969 að stofna fólkvang um óbyggðir í nágrenni borgarinnar til að tryggja útivistarmöguleika til framtíðar. Borgin leitaði til 15 nágrannasveitarfélaga sem leiddi til þess að nokkur þeirra stofnuðu í sameiningu tvo fólkvanga, Bláfjallafólkvang 1973 og Reykjanesfólkvang 1975. Í Bláfjallafólkvangi var byggt upp skíðasvæði þar sem fátt skortir hin síðari ár nema snjó, en að auki eru þar margar náttúruperlur. Í beinu framhaldi til vesturs er svo Reykjanesfólkvangur, nær m.a. yfir Brennisteinsfjöll, Kleifarvatn, Krýsuvík, Trölladyngju og Ögmundarhraun.

Þarna er gríðarflott land til útivistar steinsnar frá þéttbýlasta svæði landsins og Keflavíkurflugvelli, tilvalið til stuttra ferða allt árið, jafnt fyrir íbúa sem erlenda gesti. Það er mikið hagræði fyrir sveitarfélögin að vinna þar saman að uppbyggingu þjónustu og landvörslu. Þau hafa þó ekki sinnt sem skyldi að byggja upp þjónustu né heldur að vernda svæðið þannig að nýting þess verði sjálfbær. Landverðir eru lausráðnir bara yfir sumartímann. Síðustu tvö sumur hefur landvörður, sem gjörþekkir svæðið, verið í starfi frá maí til október. Fjárhagurinn leyfir ekki meira. Fyrir 3 árum voru sett upp klósett við Seltún í Krýsuvík, en þar koma 100.000 manns við árlega. Salernin eru lokuð yfir veturinn þrátt fyrir vaxandi vetrarumferð. Það hentar ferðaþjónustuaðilum vel að senda ferðafólk í Krýsuvík flesta daga ársins, en afleitt að þurfa að vísa því út í móa um hávetur á svo fjölförnum stað.

### Fólkvangur góð hugmynd

Í náttúruverndarlögum (44/1999) er fólkvangur skilgreindur sem „landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota“. Hlutaðeigandi sveitarfélög bera kostnað af stofnun og rekstri fólkvangs í hlutfalli við íbúatölu. Hvert sveitarfélag heldur óskertu skipulagsvaldi.

Samkvæmt lögum þessum er fólkvanginum stjórnað af samvinnunefnd sveitarfélaganna sem að honum standa, í samráði við Umhverfisstofnun. Skulu sveitarfélögin gera með sér lögbóðinn samning þar sem kveðið skal á um starfshætti nefndarinnar. Nefndin breytist gjarna þegar skipt er um sveitarstjórn. Þannig hefur aftur og aftur verið byrjað nánast upp á nýtt því fólkvangurinn á sér hvorki fast starfslið né formlegar starfsreglur, aðeins mjög grófan ramma í auglýsingu frá 1975.

Á þeim 38 árum sem Reykjanesfólkvangur hefur verið til hefur ekki tekist að koma á áðurnefndum lögboðnum samvinnusamningi. Fólkvangurinn hefur ekki haft einn einasta starfsmann í fullu starfi, aðeins landverði yfir sumartímann. Starf fólkvangsnefndarinnar hefur mest snúist um að leysa aðkallandi mál og stefnumörkun setið á hakanum. Þó hafa verið haldnar málstofur og gerðar skýrslur um náttúrufar og hugsanlega nýtingu og er mikið til af góðum hugmyndum. Núverandi nefnd nýtti aukafjárveitingu frá Reykjavíkurborg 2010 til að láta gera drög að metnaðarfullri stjórnunaráætlun sem

**➜ Á þeim 38 árum sem Reykjanesfólkvangur hefur verið til hefur ekki tekist að koma á áðurnefndum lögboðnum samvinnusamningi.**

er m.a. ágætur grundvöllur samvinnusamnings. Þar er góð lýsing á fólkvanginum með 7 þemakortum og settar fram ítarlegar hugmyndir um uppbyggingu þjónustu við gesti fólkvangsins og um vöktun náttúrunnar. Plagg þetta hefur síðan 2012 verið í höndum viðkomandi sveitarstjórna eða legið í skúffum þeirra. Sum sveitarfélögin hafa þó afgreitt það fyrir sitt leyti. Drögin má nálgast á www.reykjanesfolkvangur.is.

### Duga eða drepast!

Reykjanesfólkvangur er að mestu leyti í landi Grindavíkur og Hafnarfjarðar. Að auki er lítil sneið í Garðabæ og smáflís er þjóðlenda. Reykjavík, fjölmennasta sveitarfélagið, á þar ekkert land, en líklega koma flestir notendur fólkvangsins þaðan, jafnt íbúar sem ferðamenn sem þar dvelja og vilja upplifa íslenska náttúru án langra ferðalaga. Því er sanngjarnt að Reykjavík beri stóran hluta kostnaðar, en framlag sveitarfélaganna miðast við höfðatölu. Árlegt framlag hefur verið afar lágt, aðeins 17 krónur á íbúa. Núverandi fólkvangsnefnd lagði til tvöföldun þess, í 35 kr. Það hafa mörg sveitarfélaganna þegar samþykkt.

Nú er bara að vona að öll sveitarfélögin beri gæfu til að klára stjórnunar- og verndaráætlunina fyrir Reykjanesfólkvang, hækka fjárframlög upp í 35 kr. á íbúa og taka upp landvörslu allt árið svo fólkvangurinn þjóni betur vaxandi vetrarferðamennsku.

Höfundur ber einn ábyrgð á því sem hér er sagt.

# Lífskjör og lítil fyrirtæki

EFNAHAGSMÁL

Guðjón Sigurbjartsson
smáatvinnurekandi og viðskiptafræðingur

Fyrir hrun stefndi í að lífskjör hér væru almennt viðunandi en við hrunið drógumst við langt aftur úr þeim þjóðum sem við viljum miða okkur við. Aukin ferðaþjónusta og tekjur af sjávarútvegi, t.d. góðar makrílgöngur, hafa bætt stöðuna nokkuð en útlit er fyrir að lífskjör okkar verði í mörg ár talsvert lélegri en í nágrannalöndunum. Margir lifa hér undir fátæktarmörkum, meðallaun eru lág og sár atgervisflótti.

Það vantar skýra sýn og samheldni varðandi hvernig bæta á lífskjörin á landinu. Sjávarútvegur og orkufrekur iðnaður hafa verið meginundirstaðan en til framtíðar þarf fleiri stoðir. Upplýsingar liggja fyrir meðal annars í McKinsey-skýrslunni um hvað gera þarf en pólitíkin mun, að því er virðist, ekki ná saman um kröftugar aðgerðir, meira svona hálfkák. Fámenni í stóru norðlægu afskekktu landi, ónóg grunnmenntun, slök fjölmiðlun, margt er mótdrægt og betur má ef duga skal.

### Falda aflið

Félag atvinnurekenda stendur nú fyrir átakinu Falda aflið, þar sem athyglinni er beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Á vegum Samtaka atvinnulífsins er unnið að svipuðu verkefni. Til að bæta lífskjör í landinu er fátt mikilvægara en að bæta starfsumhverfi og vaxtaskilyrði minni fyrirtækjanna.

Fyrirtæki með innan við tíu starfsmenn eru um 90 prósent atvinnulífsins. Fyrirtæki með innan við 50 starfsmenn eru samtals 97 prósent allra fyrirtækja og veita um 2/3 af öllu starfandi fólki í landinu atvinnu, eða um 90 þúsund manns. Össur, Marel og CCP voru í byrjun lítil sprotafyrirtæki. Til að sem flest slík nái að vaxa úr grasi þarf þekkingu, gott starfsfólk, snaggaralegt regluverk, hæfilegt eftirlit og síðast en ekki síst fjármagn á samkeppnishæfum kjörum. Það síðastnefnda, fjármögnunartækifæri og fjármagnskostnaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja, er viðfangsefni þessa greinarkorns.

Fyrirtæki eru í aðalatriðum fjármögnuð með eigin fé og lánsfé. Eigið fé ræðst af fjárhagslegri getu eigendanna sem leggja til þolinmótt fjármagn, en lánsfé kemur aðallega frá bönkum og lífeyrissjóðum. Hlutafélagaformið er mikilvægt meðal annars til að takmarka áhættu eigendanna við það fjármagn sem þeir leggja fram. En eigendur minni fyrirtækja þurfa samt yfirleitt að leggja fram viðbótartryggingar til að fá lán. Þetta veldur því að þegar illa gengur, sem er óhjákvæmilegt í mörgum tilvikum, ekki síst eftir hrun

**➜ Mörg fyrirtækjanna hafa gefist upp en önnur hvorki vilja né geta það til dæmis vegna ábyrgða eigendanna á fjárskuldbindingum.**

aldarinnar, lenda eigendur í ábyrgðum í skuldakreppu sem þeir ná seint eða aldrei út úr. Við hrunið stökkbreyttust skuldir fyrirtækja, mörg misstu tekjur og töpuðu jafnvel ár eftir ár. Aðgangur að fjármagni versnaði og vextir hækkuðu. Mörg fyrirtækjanna hafa gefist upp en önnur hvorki vilja né geta það til dæmis vegna ábyrgða eigendanna á fjárskuldbindingum. Þau fyrirtæki sem enn þrauka, gegn öllum líkum, eru mörg alltof skuldsett.

Búið er að afskrifa umframskuldir af flestum stórfyrirtækjanna svo nemur hundruðum milljarða króna eða þau horfin af sjónarsviðinu. Stjórnvöld þurfa að hlutast til um að bankar og aðrir kröfuhafar afskrifi þann hluta skulda smærri fyrirtækja sem óraunsætt er að greiddar verði eða á mjög löngum tíma. Bankarnir vita af þörfinni og hafa í mörgum tilvikum lengt í skuldum en enginn þeirra vill ríða á vaðið og afskrifa óraunhæfar skuldir til að hinir bankarnir græði ekki á því. Það þarf samræmdar aðgerðir stjórnvalda til að þetta megi verða. Eftir hrun hafa bankarnir verið of varkárir í útlánum. Bankar ættu í núverandi ástandi að taka meiri en ekki minni áhættu en gert var fyrir hrun til að örva efnahagslífið.

### Aukið eigið fé

Fyrirtækin þurfa einnig aukið eigið fé. Í lífeyrissjóðum er stór hluti sparnaðar launamanna. Sjóðirnir hafa eðlilega fjárfest í stærri fyrirtækjunum en allt of lítið í þeim 97 prósentum fyrirtækja sem 2/3 hlutar landsmanna vinna hjá. Þetta kemur niður á lífskjörum í landinu. Lífeyrissjóðirnir þurfa að fjárfesta jafnt í stórum sem smáum atvinnurekstri. Til þess gætu þeir lagt fé í sjóði sem fjárfesta í minni og sprotafyrirtækjum og nýtt First North-markað Kauphallarinnar. Hvetja þarf almenning til hlutabréfakaupa með skattaafslætti.

Til að keppa á jafnréttisgrundvelli þurfa fyrirtækin traustan alþjóðlegan gjaldmiðil sem gjaldgengur er á heimsvísu. Krónunni fylgja gjaldeyrishömlur, verðbólga, hátt vaxtastig, umsýslukostnaður og fleiri vandamál. Notum okkar fáu en góðu krafta betur og gerum gott úr okkar aðstæðum. Það er vitað hvað gera þarf. Það vantar bara að nýta þá þekkingu betur.



# SKEMMTILEGAR JÓLAGJAFIR

VERSLAÐU Á NETINU HAGKAUP.IS

JÓLAGJAFIR ALLAN SÓLARHRINGINN 24 í Garðabæ og Skeifunni




2.799KR
2 Guns




2.799KR
Strumparnir 2




2.799KR
1D - This is Us




3.699KR
Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands




## KK OG ELLEN




## BJÖRGVIN ÁRITAR OG SYNGUR
LAUGARD. kl. 15 í Smáralind




## STEINAR ÁRITAR OG SYNGUR
LAUGARD. kl. 17 í Smáralind
SUNNUD. kl. 13 í Smárlind




## HELGI ÁRITAR OG SYNGUR
LAUGARD. kl. 16 í Smáralind
SUNNUD. kl. 14 í Smáralind



## EYÞÓR INGI OG ATÓMSKÁLDIN ÁRITA OG SPILA
LAUGARD. kl. 13 í Smáralind




## KALEO ÁRITA OG SPILA
SUNNUD. kl. 17 í Smáralind




## BUBBI




## FRIÐRIK ÁRITAR OG SYNGUR
SUNNUD. kl. 16 í Smáralind



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Við færum innilegar þakkir öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, tengdasonar og afa,

**EINARS SIGURÐSSONAR**
**matreiðslumeistara**
**Svöluási 1a, Hafnarfirði.**

Hjartans þakkir til allra sem önnuðust hann í veikindum hans og þá sérstaklega til starfsfólks á krabbameinsdeild Landspítalans. Guð gefi ykkur gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

**Fanney Ottósdóttir**
**Halldóra Einarsdóttir** **Hólmar Egilsson**
**Einar Einarsson** **Björg Össurardóttir**
**Helgi Einarsson** **Helga Íris Ingólfsdóttir**
**Halldóra Sæmundsdóttir og barnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð við andlát ástkærra foreldra okkar,

**GUÐNÝJAR MAGNÚSDÓTTUR OG SIGURGEIRS HALLDÓRSSONAR**
**frá Öngulsstöðum, Eyjafjarðarsveit.**

Innilegar þakkir fær starfsfólk Furuhlíðar fyrir einstaka umönnun síðustu árin.

**Börn, tengdabörn og fjölskyldur.**

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGER ÞÓRÐARSON**

lést miðvikudaginn 11. desember sl.

**Högni Óskarsson** **Ingunn Benediktsdóttir**
**Ásgeir Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**UNNAR JAKOBSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sunnuhlíðar fyrir frábæra umönnun.

**Bent Bjarnason** **Helga Helgadóttir**
**Anna Þórdís Bjarnadóttir** **Stefán R. Jónsson**
**Jakob Unnar Bjarnason** **Þóra Kristín Vilhjálmsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GARÐAR SIGURÐSSON**
**fv. prentsmiðjustjóri,**
**Mávahlíð 4, Reykjavík,**

lést laugardaginn 7. desember á Landspítalanum. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 27. desember kl. 15.00.

**Sigurður Egill Garðarsson**
**Karl Friðrik Garðarsson** **Áslaug Guðjónsdóttir**
**Guðrún Garðarsdóttir** **Snæbjörn Kristjánsson**
**Gunnlaugur Garðarsson** **Sigríður Halldórsdóttir**
**Kristín Fríða Garðarsdóttir** **Ólafur Fannberg**
**Anna María Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir mín og amma okkar,

**FJÓLA H. HALLDÓRSDÓTTIR**

lést 27. nóvember síðastliðinn.
Við þökkum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug á þessum erfiðu tímum, sérstakar þakkir til starfsfólks þjónustuíbúðanna í Lönguhlíð 3 og starfsfólks Landspítalans, 13E. Einnig sérstakar þakkir til Helgu Soffíu Konráðsdóttur sóknarprests.

**Hafdís Ingvarsdóttir**
**Ingvar Örn Hilmarsson**
**Svana Fjóla Hilmarsdóttir**
**Birna Svanhvít Hilmarsdóttir**

# Söng með þekktustu sópransöngkonu í heimi

Söngvarinn Andri Björn Róbertsson er að gera það gott í London þar sem hann býr og nemur. Hann kemur fram með Kór Langholtskirkju í kvöld og um helgina.



**SYNGUR HEIMA** Andri Björn Róbertsson söngvari kemur fram með Kór Langholtskirkju í kvöld og um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það var magnað að syngja með Dame Kiri Te Kanawa og mikill heiður, þetta er eins og að syngja með Carreras,“ segir söngvarinn Andri Björn Róbertsson. Hann kom fram á tónleikum með Dame Kiri Te Kanawa, sem er líklega ein þekktasta sópransöngkona allra tíma, í Cadogan Hall í London um síðustu helgi. Þau hafa þekkst í fimm ár og hefur hann notið leiðsagnar hennar.

Andri Björn var að skrifa undir samning um að syngja í tveimur nýjum óperum sem settar verða upp í samstarfi Aldeburgh Music, Royal Opera House Covent Garden og Opera North. „Hlutverkin sem ég syng eru samin með mína rödd í huga og þetta verður gríðarlega spennandi verkefni þar sem sýningar verða í Linbury Studio Theatre í Covent Garden, Aldeburgh og í Leeds.“

Andri Björn býr í London en stundar nám við The National Opera Studio. Stofnunin er rekin af sex stærstu óperuhúsunum í Bretlandi, sem eru Royal Opera House, Opera North, Scottish Opera, Welsh National Opera, Glyndebourne og English National Opera. „Það er gríðarlega mikil samkeppni um að komast inn og í ár eru 13 söngvarar og fjórir píanistar sem stunda þar nám. Námið er mjög krefjandi og til mikils er ætlast af þeim sem þar eru,“ útskýrir Andri Björn.

Hann syngur á Jólasöngvum Kórs Langholtskirkju í kvöld og annað kvöld og á sunnudag, verður þar einsöngvari ásamt Þóru Einarsdóttur og Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Jón Stefánsson stjórnar. Miðasala er á midi.is.

gunnarleo@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar yndislega sonar og bróður,

**TÓMASAR ÞÓRS ÞORGILSSONAR**
**Tröllaborgum 12, Grafarvogi.**

**Þorgils Garðar Gunnþórsson**
**Helga Steinunn Hauksdóttir**
**Steinar Darri Þorgilsson**



Sonur minn og bróðir okkar,

**HALLDÓR SÆMUNDSSON**
**frá Patreksfirði,**

andaðist 15. desember í Fögruhlíð, Skálatúni.

**Aðalheiður Kolbeins**
**systkini og fjölskyldur þeirra.**



Faðir okkar,

**STEINGRÍMUR SIGFÚSSON**
**loftskeytamaður,**
**Stóragerði 36, Reykjavík,**

lést þann 3. desember sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Vilhelm Björn Steingrímsson**
**Birna Steingrímsdóttir**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTINN GUÐJÓNSSON**
**framkvæmdastjóri,**
**Skúlagötu 40B, Reykjavík,**

lést á Landakotsspítala þ. 16. desember.

**Jóhannes Kristinsson** **Þorbjörg Jónsdóttir**
**Elín Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLFRÍÐUR ÁSMUNDSDÓTTIR**
**frá Kverná í Grundarfirði,**
**síðar Háaleitisbraut 151 í Reykjavík,**

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 16. desember. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju á Þorláksmessu kl. 11. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Finnbogi Grétar Kristinsson**
**Ásmundur Kristinsson** **Svava Loftsdóttir**
**Kristinn Finnbogason**
**Friðrik Heiðar Ásmundsson** **Hildur Helga Sævarsdóttir**
**Loftur Ásmundsson** **Bergdís Heiða Eiríksdóttir**
**og barnabarnabörn.**



Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁKI STEFÁNSSON**
**skipstjóri,**

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 14. desember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 27. desember kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Sjúkrahúsið á Akureyri.

**Sigurlaug Magnúsdóttir**
**Þóra Ákadóttir** **Ólafur B. Thoroddsen**
**Stefán Ákason** **Ólína Rakel Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÁSTA INGIBJÖRG ÁRNADÓTTIR**
**frá Höfða í Fljótshlíð,**

verður jarðsungin frá Breiðabólstaðarkirkju laugardaginn 21. desember kl. 14.00.

**Erna M. Sveinbjarnardóttir** **Jón S. Garðarsson**
**Sigurlín Sveinbjarnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.



## BUBBI OG JÓLIN

**Bubbi Morthens verður með þrenna Þorláksmessutónleika þetta árið eins og í fyrra. Hann byrjaði á Akranesi í gær, verður á Akureyri annað kvöld og í Eldborgarsal Hörpu á Þorláksmessu. Þetta er í 29. skiptið sem Bubbi er með Þorláksmessutónleika og hafa þeir alltaf verið vel sóttir.**




friendtex

ÚTSALA

40-70%

AFSLÁTTUR

AF NÝJUM VÖRUM

Friendtex.is • Praxis.is

Bonito ehf. | Friendtex | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2870
Opið mánudag - föstudag 11:00-18:00, lau. 21. des. kl. 11.00-18.00, sun. 22. des. kl. 12.00-18.00





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur apríkósugljáðan léttreyktan hátíðarfugl með lerkisveppasósu. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**HÁTÍÐARFUGL** Ljúffeng lerkisveppasósa ásamt góðu grænmeti skipar stóran sess í rétti vikunnar frá Holta. MYND/GVA

## APRÍKÓSUGLJÁÐUR LÉTTREYKTUR HÁTÍÐARFUGL MEÐ LERKISVEPPASÓSU

**FYRIR 4-6**
**1 léttreyktur hátíðarfugl, u.þ.b. 2,5 kg**
**3 msk. apríkósusulta**
**2 dl hvítvín**
**2 msk. apríkósusulta**

Setjið fuglinn í steikarpott ásamt 3 msk. af apríkósusultu og hvítvíni. Leggið lokið á og færið í 160°C heitan ofn í 1,5 klst. Takið þá lokið af steikarpottinum og penslið fuglinn með 2 msk. af apríkósusultunni. Bakið í 10 mínútur í viðbót eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C.

**LERKISVEPPASÓSA**
**2 msk. olía**
**1 askja sveppir í bátum**
**15 g þurrkaðir lerkisveppir, t.d. frá Holt og heiðar, lagðir í volgt vatn í 20 mínútur**
**1 dl brandí**
**2 dl púrtvín**
**2 dl sveppavatnið**
**1 msk. nautakjötkraftur**
**2,5 dl rjómi**
**Sósujafnari**
**Salt og nýmalaður pipar**

Hitið olíu í potti og steikið sveppina í 2 mínútur. Kreistið þá vatnið af villisveppunum og geymið.

Bætið þá villisveppunum í pottinn og steikið í 1 mínútu. Þá er púrtvíni og brandíi bætt í pottinn og soðið niður í síróp. Hellið sveppavatninu í pottinn ásamt rjóma og sjóðið í 2 mínútur. Þykkið sósuna með sósujafnara og smakkið til með salti og pipar og nautakjötkrafti. Berið fuglinn fram með sósunni og t.d. sætri kartöflumús, gljáðum gulrótum, rósakáli og trönuberjasultu.



**JÓLAMATUR** Léttreyktur hátíðarfugl er góður kostur yfir jólahátíðina. MYND/GVA




Afgreiðslutími fram að jólum:

Laugardagur 21.des. Opið:12:00 – 17:00
Sunnudagur 22.des. Opið:12:00 – 15:00
Þorláksmessa 23.des. Opið:11:00 – 20:00

Aðfangadagur 24.des. Lokað

Gleðileg jól og farsælt komandi nýtt ár.
Þökkum fyrir veittan hlýhug og viðskiptin á árinu.
Vertu vinur okkar á facebook

www.facebook.com/Parisartizkan.

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



www.nings.is



FYRIR PARTÝIÐ

Sushi-, spjót- og smáréttabakkar

NINGS

Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899

Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,**
sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512-5447

**Gleðileg jól**
**með Superbeets**

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna **Nitric Oxide.** **SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að ***30%*** æðaútvíkkun, ***30%*** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, ***20%*** meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna.
**Hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, þvagblöðru og ristil, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, heila, skapferli, þynnku, astma, lungnaþembu. Ríkt af andoxunarefnum.







**Rauðrófukristall**
100% lífrænt og því fullkomlega öruggt
30 daga skammtur. 1 teskeið daglega (2 tsk. fyrir æfingar) blandað í 150 ml af vatni. Bætt blóðflæði 30 min eftir inntöku.

**Náttúruleg kynörvun fyrir karla og konur**
Hvað gerir **VIAGRA - SILDENAFIL** The release of nitric oxide molecules causes erection.
**Fæst í apótekum, heilsubúðum, World Class og Sportlíf**

**Stingur keppinautana af**



Umboð: www.vitex.is



# LJÚF JÓLAVAKA Í BÓKASTOFU

**JÓLIN** *Hjónin Valgeir Guðjónsson og Ásta Kristrún Ragnarsdóttir bjóða til persónulegrar aðventustundar í bókastofu sinni við Lækjartorg.*

Á jólavökunni förum við yfir íslensku jólahefðirnar og hvernig þær tengjast því að lifa af í skammdeginu," segir Ásta Kristrún sem hefur ásamt Valgeiri manni sínum haldið jólavökur til margra ára. „Við byrjuðum heima þar sem við tókum á móti erlendum gestum svo þeir gætu kynnst íslenskri fjölskyldu og heimili. Þegar þetta spurðist út færðum við út kvíarnar, og höfum farið á milli menningarhúsa hér í 101 nú síðast á hafnarloftinu, efstu hæð gamla Strætóhússins á Lækjartorgi en um mánaðamótin október/nóvember síðastliðinn lokuðum við þar og færðum okkur tveimur hæðum neðar. Þar erum við með hlýlega bóka- og píanóstofu þar sem við getum tekið á móti allt að tólf manna hópum og átt innilega stund," segir Ásta en þau hjónin halda jólavökur í bókastofunni daglega fram yfir jól.

Ásta lýsir nánar hvað fram fer á jólavöku þeirra hjóna. „Þetta er nokkurs konar félagssálfræðilegt yfirlit yfir siði Íslendinga. Til dæmis af hverju við borðum reyktan mat um jólin en saltaðan og súrsaðan á þorranum, af hverju kveikt er á jólaljósum og hvaðan sögurnar af jólasveinunum og Grýlu er komnar. Allt var þetta hluti af því að þrauka á vissum tímabilum í íslenskri menningu," segir hún. Þau Valgeir ræða við gesti sína um íslensk jól fyrr og nú, segja jólasögur, syngja söngva og spjalla um það sem gestunum þykir áhugaverðast hverju sinni. „Ég bý svo vel að eiga bónda með barka og því sér hann um sönginn og tekur sýnishorn af því sem við erum að segja í textum og tónum," segir hún glaðlega.

Ásta segir Jólavökurnar vera orðnar hluta af jólahaldi þeirra hjóna. „Okkur finnst gaman að vera með fólki og geta gefið af okkur," segir hún en heilögustu dagarnir eins og aðfangadagur og jóladagur eru ekki undanskildir hjá þeim. „Í fyrra vorum við til dæmis með erlenda gesti á aðfangadag sem borðuðu með okkur fjölskyldunni," segir Ásta glaðlega og minnir á að bóka þarf á jólavökuna fyrirfram. Erlendir gestir hafa verið í meirihluta gesta á jólavökunni fram að þessu en vissulega geta Íslendingar bókað jóla- og nýársvökur fyrir sig og sína.



**NOTALEG STEMNING** Á annarri hæð gamla Strætóhússins á Lækjartorgi hafa Valgeir Guðjónsson og Ásta Kristrún Ragnarsdóttir komið upp notalegri bókastofu þar sem þau taka á móti gestum og fræða þá um íslenska jólasiði. MYND/DANÍEL

## JÓLASÖGUR

„Þetta er nokkurs konar félagssálfræðilegt yfirlit yfir siði Íslendinga. Til dæmis af hverju við borðum reyktan mat um jólin en saltaðan og súrsaðan á þorranum, af hverju kveikt er á jólaljósum og hvaðan sögurnar af jólasveinunum og Grýlu er komnar."




**HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN**
**Í FRÉTTABLAÐINU**

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!**

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

# BRÚNAÐAR KARTÖFLUR

**Sykurbrúnaðar kartöflur eru ómissandi með jólasteikinni. Ekki er mikið mál að brúna kartöflur en þó þarf að vera vakandi yfir verkinu svo vel takist til.**

**Nokkrar mismunandi aðferðir eru til en hér er gefin uppskrift að einni góðri sem inniheldur rjóma. Þeir sem vilja hann síður geta sleppt honum.**

**1 kíló kartöflur**
**sykur**
**smjör**
**rjómi**



*Sjóðið kartöflurnar og látið þær kólna. Flysjið kartöflurnar og skerið í bita ef þær eru stórar. Setjið sykur á pönnu, nóg til að dreifa þunnu lagi yfir alla pönnuna. Ekki hafa of háan hita og passið að brenna sykurinn ekki við. Þegar sykurinn er orðinn uppleystur og ljósbrúnn er sett góð smjörklípa saman við og hrært í. Síðan er rjóminn settur út í og hrært þar til blandan er falleg og jöfn. Þá er kartöflunum hellt varlega saman við enda er sykurinn mjög heitur og vont ef hann skvettist á hendur. Látið hitna í smá stund.*



**LJÚFFENGAR** Sykurbrúnaðar kartöflur eru alltaf jafn góðar og eiga vel við um jólin. MYND/ANTON

# Bókabúðin þín




Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2013

Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana 2013

Tilboð **2.699,-**
Fullt verð 2.999,-

**Bjarki Karlsson**
*Árleysi alda*



Þýðandi:
**Njörður P. Njarðvík**

Nóbelsverðlaun í bókmenntum 2012

Tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna 2013

Tilboð **4.499,-**
Fullt verð 4.999,-

**Tomas Tranströmer**
*Ljóð 1954-2004*



★★★½
***Morgunblaðið***

Tilboð **2.699,-**
Fullt verð 2.999,-

**Ari Trausti Guðmundsson**
*Bæjarleið*



Þýðandi:
**Ingunn Ásdísardóttir**

Tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2011

Tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna 2013

Tilboð **4.499,-**
Fullt verð 4.999,-

**Carl Jóhan Jensen**
*Ó-sögur um djöfulskap*



Þýðandi:
**Rúnar Helgi Vignisson**

Nóbelsverðlaun í bókmenntum 1949

Tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna 2013

Tilboð **2.999,-**
Fullt verð 3.299,-

**William Faulkner**
*Sem ég lá fyrir dauðanum*




**Ljóðstafur Jóns úr Vör 2013**

★★★★½
***Morgunblaðið***

Tilboð **2.690,-**
Fullt verð 2.990,-

**Magnús Sigurðsson**
*Tími kaldra mána*



Þýðandi:
**Sigurður Karlsson**

Tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2013

★★★★
***Fréttablaðið***

★★★★
***DV***

Tilboð **2.999,-**
Fullt verð 3.299,-

**Rosa Liksom**
*Klefi nr. 6*



**Aðeins 100 eintök framleidd, árituð og tölusett**

Allar þrjár bækur Bjarna um vélvæðingu landbúnaðarins saman í öskju

Tilboð **22.490,-**
Fullt verð 24.990,-

**Bjarni Guðmundsson**
*Vinnur meira vit en strit*



Þýðandi:
**Böðvar Guðmundsson**

Nóbelsverðlaun í bókmenntum 2012

Tilboð **2.699,-**
Fullt verð 2.999,-

**Mo Yan**
*Umskipti*



**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga til kl. 22.00**
**Opið Þorláksmessu til kl. 23.00**
**Opið aðfangadag frá kl. 10 til 14**
**Tilboð gilda til og með 23 des. 2013**




**EKKERT STRESS** Jólastressið líður úr sundlaugargestum á Kertakvöldi. Kertakvöld í Sundlaug Akureyrar er nú haldið í annað sinn en það tókst með eindæmum vel í fyrra.

# LOSAÐ UM JÓLASTRESSIÐ Í SUNDI

**SAMVERUSTUND Í SUNDI** *Kertakvöld verður haldið í Sundlaug Akureyrar í kvöld. Sundlaugargestir geta slakað á í laugunum við kertaljós og ljúf jólalög. Kertakvöldið var fyrst haldið í fyrra og sló í gegn. Líklega er það orðið að árlegum viðburði.*

Nú krossum við bara fingur og vonum að veðrið verði gott. Við vorum svo heppin með veðrið í fyrra," segir Elín H. Gísladóttir, forstöðumaður Sundlaugarinnar á Akureyri, þar sem hún leggur lokahönd á Kertakvöld á laugarsvæðinu fyrir kvöldið. Kveikt verður á útikertum um allt svæðið, ljósin deyfð og ljúf jólatónlist verður leikin í hljóðkerfinu.

„Við höfum verið að frysta ískristalla undanfarna daga til að setja utan um kertin sem vörn, en svo fór reyndar að hlána svo þetta er að verða mjög spennandi. Það eru margir óvissuþættir sem þurfa að ganga upp," segir hún hlæjandi.

„Kertakvöldið hefst klukkan 17 svo fólk geti komist með börnin með sér og leyft þeim að njóta kvöldsins líka. Við dimmum ljósin í klefunum og kveikjum á kertum þar. Svo bjóðum við öllum upp á kökur og kaffi og spilum jólalög. Þetta tókst frábærlega vel í fyrra og fólk fór héðan alsælt eftir notalega stund," segir Elín og bætir við að jólastressið líði úr fólki um leið í laugunum.

„Kertakvöldið er til þess gert. Við hvetjum auðvitað alla til að passa vel upp á börnin og hvert annað, þar sem við höfum minni lýsingu á svæðinu en annars og varlega þarf að fara kringum útikertin."

Er kertakvöldið jafnvel orðið að árvissum viðburði í sundlaugunum?

„Það gæti bara vel verið. Við vorum allavega margspurð að því í fyrra hvort kertakvöldið yrði ekki örugglega aftur að ári, en það er auðvitað margt sem þarf að ganga upp, til dæmis veðrið. Við vorum einnig með Kósýkvöld í lauginni í febrúar. Þá tók Purity Herbs þátt og bauð upp á vörur í klefunum sem gestir gátu gengið í. Eins fengum við nuddara sem nudduðu axlir gesta. Fólk hefur verið mjög hamingjusamt með þessi uppátæki okkar og vonandi verður þetta að árlegum viðburði."



**SAMVERUSTUND** Kertakvöldið hefst klukkan 17 í dag svo fjölskyldan geti átt notalega stund saman.




SKVÍSAÐU ÞIG UPP FYRIR JÓLIN

FLOTT ÚRVAL AF FATNAÐI Í STÆRÐUM 14-28

JÓLA OPNUN

Fimmtudag 19.des.........11:00 til 20:00
Föstudag 20. des.........11:00 til 20:00
Laugadag 21.des.........11:00 til 20:00
Sunnudag 22. des.........12:00 til 18:00
Mánudag 23.des.........11:00 til 21:00
Aðfangadag 24.des.........11:00 til 13:00

Úrvalið er á www.curvy.is

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER

Curvy.is

Sími 581-1552
Nóatún 17 , 105 RVK
www.curvy.is




**GAMAN** Haraldur Marinó, 4 ára, og Andri Marinó, 14 mánaða, voru hugfangnir á Jólahátíð Skoppu og Skrítlu og fengu mynd af sér á eftir með þeim stöllum.

# TÖFRAHEIMUR SKOPPU OG SKRÍTLU

*Skoppa og Skrítla laða þessa dagana börn á öllum aldri til sín á jólahátíð. Börnin eru dolfallin að sjá þær vinkonur í hátíðarskapi.*

Jólasveininnn er ekki langt undan og óvæntir gestir koma í heimsókn. Sýning fer fram á Nýja-sviði Borgarleikhússins í dag og á morgun klukkan 13, 14.30 og 16.

Höfundur verksins er Hrefna Hallgrímsdóttir, leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson en leikarar eru þau Linda Ásgeirsdóttir, Hrefna Hallgrímsdóttir, Vigdís Gunnarsdóttir og Viktor Már Bjarnason en auk þess koma fram fimleikastúlkur og ungar ballerínur auk annarra barna.

Skoppa og Skrítla ná einstaklega vel til barna í þessari sýningu en foreldrarnir eru ekki síður agndofa. Þannig sagði eitt foreldri að þarna tækist að sýna börnum töfra leikhússins í fallegri umgjörð. Börnin eru agndofa yfir ýmsum brellum eins og þegar kviknar á jólatré einungis með því að pota í það. Í sýningunni eru dansandi dádýr, svífandi stjörnur, englar og nýfallinn snjór. Sýningin hentar börnum allt niður í níu mánaða.

Skoppa og Skrítla taka á móti börnum og ræða við þau fyrir og eftir sýningu. Einnig er hægt að fá mynd af sér með þeim. Sýningin verður í gangi í Borgarleikhúsinu til áramóta.

# Lífið

FÖSTUDAGUR
20. DESEMBER 2013

*Lífsstíls-og tískublogg-ararnir hjá Trendnet.is*
**HALDA JÓLA-MARKAÐ Á KEX HOSTEL 2**

*Söngkonan Ada Szulc og Dj Adamus*
**TAKA UPP TÓN-LISTARMYNDBAND Á ÍSLANDI 6**

*Fáklæddir og harðir slökkviliðsmenn*
**SITJA FYRIR Á DAGATALI OG SPILASTOKK 14**



*Hafrún Alda Karlsdóttir*

# ÉG ER SKIPSTJÓRINN Á BAST MAGAZINE

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Það var margt um manninn á Kalda bar á þriðjudaginn síðastliðinn og margir sem fengu sér bjór eftir jólagjafainnkaupin. Þar voru meðal annars í miklu stuði **Erna Bergmann**, Hulda Hall-



dóra Tryggvadóttir og **Ellen Loftsdóttir**, en þær starfa allar sem stílistar. Sú síðastnefnda býr og starfar í Danmörku. Á Ölstofunni síðar um kvöldið mátti sjá



**Ásdísi Rán** skarta nýju klippingunni og Vilhelm Anton Jónsson, útvarpsmann og höfund, betur þekktan sem Villa naglbít, í góðu yfirlæti.





**Lífið**
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Ellý Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Helgi Ómarsson
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**

# JÓLIN SVONA SKREYTI ÉG Í ÁR

***Flestir halda í þá hefð að skreyta jólatréð á Þorláksmessu en sumir geta alls ekki beðið.***



### Ásta Sveinsdóttir
meðeigandi Roadhouse og suZushii.

Við ákváðum að skreyta tréð mjög snemma í ár vegna þess að við eyðum jólunum í Vestmannaeyjum þetta árið. Við erum með fallegt hvítt tré en ég dáðist alltaf að gulltrénu sem amma og afi áttu þegar ég var lítil en ég fann ekki gulltré. Skrautinu höfum við sankað að okkur undanfarin ár eftir að ég hóf búskap. Postulín geisur, hnetubrjótar, hreindýr, postulín-sveppir, gler og flauelskúlur í mismunandi litum. Við vildum hafa svolítið af andstæðum og því er þetta svolítið skipulagt kaós-þema. Dóttir mín hjálpaði mér að skreyta á meðan við hlustuðum á James Last Christmas Album. Hún kastaði síðan litlum stjörnum sem festast á trénu líkt og ég gerði sem lítil stelpa.



### Þórunn Hulda Vigfúsdóttir
förðunarfræðingur.



Í ár ákvað ég að hafa smá gamaldags fíling og nota kúlur í ýmsum litum, t.d. gull og brúnt, með blúndum. Ég hef aldrei verið að festa mig í einhverju ákveðnu þema, fjölskyldunni til mikillar ánægju. Á þriðja í aðventu keyptum við jólatré og spennan var svo mikil hjá dætrum mínum að við ákváðum að skreyta snemma í ár. Þessi yndislegi jólatími er alltof stuttur svo til hvers þá að vera að bíða. Að skreyta tréð er mikil athöfn hér á heimilinu og dætur mínar taka virkan þátt. Þá fáum við okkur eitthvað gotterí og hlustum á jólalög með Baggalút.



### Eva Sæland
starfar hjá Kronbykronkron.

Börnin mín eru fædd erlendis og förum við ávallt til Íslands yfir hátíðarnar. Ef við hefðum haldið okkur við þær hefðir sem ég ólst upp við sem barn þá hefðum við aldrei skreytt tréð né heimilið okkar úti. Ég tók því upp á því að skreyta snemma svo að börnin upplifðu jólastemninguna heima hjá sér, ekki bara á flakki milli ættingja á Íslandi. Þemað í ár er rautt og hvítt því það er svo jólalegt. Ég keypti fyrsta skrautið á tréð í þeim litum fyrir nokkrum árum og hef haldið mig við það. Yfirleitt bætast nokkrar nýjar kúlur í safnið á hverju ári. Ég setti ljósaseríuna á en börnin allt annað skraut. Hingað til hef ég svo þurft að „laga“ eftir þau en í ár skreyttu þau af mikilli lyst og mamman ansi ánægð með árangurinn.“

JÓLAKJÓLAR Í FLASH
20% afsláttur til jóla

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Sjá fleiri myndir á

# TÍSKA TRENTNET GLEÐI Á KEX

***Landsþekktir bloggarar halda jólalegan fata-og vörumarkað á Kexi hosteli á laugardaginn milli kl. 12 og 18 en þar er að finna eitthvað fyrir alla.***

Þetta er í fyrsta sinn sem við fleställ tökum þátt í svona uppákomu en við viljum gjarnan hitta sem flesta lesendur okkar á markaðnum,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, tískubloggari og annar eigandi Trendnet.is. Bloggarar síðunnar halda fata- og vörumarkað á Kexi hosteli á morgun, laugardag milli kl. 12-18 og boðið verður upp á jóladrykki og snarl. „Þetta verður sannkölluð jólagleði og það verður eitthvað í boði fyrir alla. Við sem búum erlendis komum heim með ansi mikla yfirvigt því við vorum að losa um í fataskápunum. Svo verður Theódóra að selja nýju hárbókina sína, Hilrag verður með svokallaða Einveru PopUp verslun og Svana vöruhönnuður verður með fullt af fallegum heimilismunum,“ útskýrir Elísabet.

Trendnet.is sameinar nokkra af helstu lífsstíls-, tísku- og hönnunarbloggurum landsins undir einum hatti en það eru þau Elísabet Gunnarsdóttir, Helgi Ómarsson, Theodóra Mjöll, Ása Regins, Erna Hrund Hermannsdóttir, Svana Lovísa, Þórhildur Þorkelsdóttir, Andrea Röfn, Pattra Sriyanonge, Hildur Ragnarsdóttir og Karen Lind. Á markaðnum kennir ýmissa grasa en þar munu meðal annars tveir lukkulegir lesendur taka við jólagjafabréfi frá Icelandair. Dregið verður úr Trendnet-jólapottinum í dag. „Það er svo gaman að gleðja og við vonum að fólk kíki á okkur á röltinu í miðbænum.“ segir Elísabet glöð í bragði.



Andrea Röfn, Theodóra Mjöll og Elísabet Gunnarsdóttir Trendnet-bloggarar.

MYND/STEFÁN




Farmers Market
ICELAND

WWW.FARMERSMARKET.IS

**FARMERS & FRIENDS** Verzlun • Hólmaslóð 2 • Grandi • 101 Reykjavík • S. 552 1960

# JÓLAGJAFIR ÞAÐ SEM ÉG ÓSKA MÉR Í JÓLAGJÖF Í ÁR

***Jólin eru tíminn þegar fagurkerar blómstra. Fallegar skreytingar, hátíðlegt borðhald og gæðatími með fjölskyldunni er mikilvægur en einnig eru jólin tíma jólagjafaóska. Hvað óskar þú þér í jólagjöf í ár?***



***„Mig vantar kaffivél á heimilið. Hún er frá Einari Farestveit og er rándýr en býr til svakalega gott kaffi. Ég drekk nú ekki kaffi að staðaldri en þetta er samt gott fyrir mig og gesti og gangandi. Ég skora á fjölskylduna og vini mína að byrja að safna strax, þau eiga líka eftir að græða á þessu.“***

***Páll Óskar,** söngvari*



***„Mig langar mjög mikið í jólapeysu og þá helst geðveikt skrítna jólapeysu.“***

***Elísabet Eyþórsdóttir,** tónlistarkona og meðlimur í hljómsveitinni Sísý Ey.*



***„Mig langar helst í nýtt Sakae-trommusett en annars vil ég nú samt helst kærleika og frið á jörð.“***

***Gunnlaugur Briem,** trommuleikari*



***„Efst á óskalistanum er skíðafrí yfir helgi með fjölskyldunni. Draumajólagjöfin í ár yrði því skíðafrí á hóteli fyrir norðan með börnunum. Morgunmaturinn tilbúinn, mjúkar sængur og svo heitt kakó uppi í fjalli. Mér finnst einnig alltaf gaman að fá íslenskar bækur en við fjölskyldan erum miklir lestrarhestar.***

***Guðrún Tinna Ólafsdóttir,** framkvæmdastjóri Ígló&Indí*



***„Mig dreymir mig um himneskan kross um hálsinn frá Siggu&Timo. Bolla með A - Ó - M og Í, fallega púða, væri ekki verra ef það væri Chanel-púði úr leðri. Draumabókin væri ævi og störf Coco Chanel. En allra dýrmætast er að fá eitthvað fallegt eftir börnin mín.“***

***Andrea Magnúsdóttir,** fatahönnuður*



***„Mig langar helst í tvöfalt gítarstatíf en annars skiptir það svo sem engu máli, það er bara hugurinn á bak við gjöfina sem skiptir máli.“***

***Eyþór Ingi,** söngvari*



***„Ég óska mér rafmagnstannbursta. Verkfæri ef ég skyldi ætla að fara að gera upp íbúðina í vor (einmitt) og Away-treyjuna hjá United.“***

***Auðunn Blöndal,** útvarps- og sjónvarpsmaður*




Peysa – litir: svört - grá – drapp. Stærðir XS-S-M-L-XL

Hlíðasmári 8 - 201 Kópavogur – s. 6183022



***„Mig langar í annan persa. Ég á þrjár persa-kisur og einn blandaðan norskan skógarkött. Ég á alltof mikið af kisum en langar alltaf í fleiri, enda yndisleg dýr.“***

***Svala Björgvinsdóttir,** söngkona*



***„Ég vil náttúrulega bara frið á jörðu, að Íslendingar læri að lesa, hætti að borða sykur og elski hverjir aðra. Annars er ég búinn að skrifa jólasveininum og óska eftir geimferð.“***

***Skúli Mogensen,** eigandi WOW air*



***„Ég hef ótrúlega gaman af því að fá gjafabréf í leikhús eða á tónleika, eða út að borða í jólagjöf. Mér finnst svo gaman að gefa slíkar jólagjafir og finnst voða gaman að fá svoleiðis sjálf.“***

***Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir***



***„Ég er alltaf í vandræðum með að láta mér detta eitthvað í hug sem mig langar í. En um daginn rakst ég á dásamlega fallegt hálsmen hjá Dýrfinnu Torfadóttur sem ég setti strax á listann. Svo finnst mér alltaf gaman að fá falleg rúmföt og góðar bækur. Já, og hlý föt, ég elska allt sem er hlýtt og mjúkt.“***

***Sigrún Ósk Kristjánsdóttir,** fjölmiðlakona*

Opnunartími
IÐU í Lækjargötu
20. - 23. desember
9.00 - 23.00
**Aðfangadagur**
9.00 - 14.00

# Fallegar bækur í jólapakkann!

IÐA




Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík





Dj Adamus og Ada Szulc stefna á að ferðast um allan heim og upplifa framandi staði. Ísland varð fyrir valinu að þessu sinni.

# TÓNLIST PÓLSKUR DÚETT TIL LANDSINS

***Söngkonan Ada Szulc og Dj Adamus njóta gífurlegra vinsælda í heimalandi sínu, Póllandi, fyrir tónlist sína. Milli jóla og nýárs koma þau til Íslands.***

Ísland hefur verið vinsæll viðkomustaður meðal stjarnanna undanfarin ár, hvort sem er innan kvikmynda- eða tónlistariðnaðarins og færist það enn í aukana. Nú hafa pólskar stjörnur einnig komist á bragðið en milli jóla og nýárs er von á tónlistartvíeyki til landsins sem hyggst taka upp tónlistarmyndband fyrir verkefnið „1000 places“. Söngkonan Ada Szulc og Dj Adamus eru dúett sem njóta gífurlegra vinsælda í Póllandi um þessar mundir. Szulc vann X-Faktorkeppnina í Póllandi en hefur einnig sungið inn á pólskar kvikmyndir og pólska Disney-framleiðslu. Dj Adamus er best þekktur fyrir danstónlist sína en hann hefur samið tónlist síðastliðin tíu ár fyrir sjónvarp, leikhús og kvikmyndir. Lífið ræddi við Dj Adamus um væntanlega heimsókn.

***Segðu örlítið frá verkefninu „1000 places“ eða 1000 staðir.***

„Hugmyndin að verkefninu tengist ósk okkar um að heimsækja þúsund staði áður en við deyjum. Forsendan fyrir verkefninu er ekki aðeins tengd tónlistinni heldur einnig sjónrænni upplifun og þess vegna viljum við ferðast með tónlist okkar á áhugaverða og ótrúlega staði. Tónlistin er að vissu leyti innblásin af þeim stöðum sem sýndir eru í myndböndunum en sem dúett eru persónuleikar okkar og tónlistarbakgrunnur mismunandi.“

***Um hvað fjallar lagið í myndbandinu sem tekið verður upp hér á landi?***

„Titill pólsku útgáfunnar er „Allt eða ekkert“ og lýsir því örlítið að stundum missum við eitthvað allt of hratt. Stundum erum við of blind til að sjá smáu hlutina í kringum okkur og svo þegar við missum þá er of seint í rassinn gripið. Lagið minnir okkur á að gera eitthvað mikilvægt á hverjum degi þrátt fyrir að það sé lítið, því tíminn hleypur frá okkur öllum.

Enska útgáfan heitir Ocean og hefur annan texta. Hann tengist meira Íslandi og fegurð landsins. Þetta eru í raun tvö sjálfstæð verk.“

***Hvenær er nýja platan væntanleg?***

„Platan kom út 11. nóvember í Póllandi en við erum einnig að gera enska útgáfu af öllum lögunum og myndbönd á tveimur tungumálum svo að heimsfrumsýning er áætluð í byrjun 2014.

***Hafið þið ekki hugsað ykkur að vera hér yfir áramótin?***

„Hluti af hópnum vill vera áfram á Íslandi þegar nýja árið gengur í garð en við hin verðum að fara til baka til Varsjár eftir tökurnar. Það er án efa mögnuð tilfinning að vera á svona köldum og fallegum stað þegar nýja árið færist yfir en á þessari stundu einbeitum við okkur að myndbandinu, sem er algjörlega að gleypa okkur.“

***Hvers vegna varð Ísland fyrir valinu?***

„Áætlun okkar var að sýna ótrúlega hrífandi og skemmtilega staði í heiminum í okkar fyrsta myndbandi en við völdum fyrst Kúbu. Síðan fórum við til Japans og nú er komið að Íslandi en þar er hægt að ná skotum af magnþrungnum tilfinningum, spennandi menningu og landslagi. Á Kúbu vildum við fanga tilfinninguna af hlýju loftslagi og í Tókýó náðum við að sýna framúrstefnulega tæknimenninguna. Á Íslandi viljum við tengja betur við náttúruna en tónlistin okkar býður upp á allan þennan fjölbreytileika. Við höfum fengið mikinn stuðning frá góðum Íslendingum en án umboðsmannsins okkar, Magdalenu Dybka, og fleiri á borð við Gunnhildi Gunnars, Söru McMahon, Andra Frey, Alexander Zaklynsky og Boston-fólkið væri þetta ekki framkvæmanlegt. Við erum mjög spennt og hlökkum til að upplifa þetta ævintýri því þetta myndband er okkur afar mikilvægt,“ segir Dj Adamus.

**AUGLÝSING: COBRA KYNNIR**

# FLOTTIR GRÍNSOKKAR Í JÓLAPAKKANN

**Sokkabúðin Cobra er sérverslun með sokka og sokkabuxur af öllum gerðum og stærðum fyrir alla fjölskylduna. Cobra býður meðal annars upp á alls kyns grínsokka sem eru íslensk/bresk hönnun.**

Verslunin hefur verið í Kringlunni frá 1998. Hún hefur verið í eigu Ara Steinþórssonar og Oddnýjar Teitsdóttur frá upphafi. „Það hefur alltaf gengið mjög vel hjá okkur og við eigum marga trygga viðskiptavini sem þekkja vörurnar okkar,“ segir Ari. „Búðin er troðfull af alls kyns sokkabuxum og sokkum. Aðalmerkið sem við erum með er FALKE frá Þýskalandi. Sokkarnir og sokkabuxurnar frá þeim eru þekkt fyrir þægilegt snið og góða endingu. Við erum líka með Happy Socks-sokka frá Svíþjóð. Einnig bjóðum við upp á mikið úrval af vörum frá Trasparenze, Bonnie Doon og fleirum.

Þá má ekki gleyma vönduðum og mjúkum leðurskóm á ungbörn á mjög góðu verði,“ segir Ari. Starfsfólk Cobru leggur áherslu á að veita góða þjónustu og viðskiptavininum er leiðbeint við að finna réttu stærðirnar.

„Það hefur verið draumur okkar í mörg ár að láta framleiða fyrir okkur glaðlega og litríka grínsokka. Í lok nóvember kom fyrsta sendingin af nýrri vörulínu okkar sem heitir KIKK. Þetta eru sokkar úr bómull í stærðum 36-40 og 41-46 og eru með myndum, texta eða grafísku mynstri. Sokkarnir henta vel sem tækifærisgjöf og það er sniðugt að stinga þeim í jólapakkann til að skapa smá gleði á aðfangadagskvöld,“ segir Ari. „Það er líka bara svo gaman að byrja daginn á að klæða sig í svona djók sem getur skapað skemmtilegar samræður við vini eða vinnufélaga. Móttökurnar eru frábærar og sokkarnir hafa selst eins og brakandi laufabrauð.

Við kynntumst þremur mjög góðum hönnuðum í Bretlandi sem hafa hannað sokkana eftir okkar hugmyndum. Við völdum að framleiða þá í S-Kóreu þar sem við höfum góða reynslu af sokkum þaðan. Nú þegar höfum við fengið pöntun frá aðila í Singapúr sem ætlar að dreifa sokkunum okkar þar, þannig að við vonum að það sé bara byrjunin á að við getum selt þá víðar. Eins og er seljum við sokkana í Sokkabúðinni Cobru Kringlunni, Iðu í Lækjargötu og versluninni Konur og menn á Ísafirði.“ Sokkabúðin er virk á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem myndir af nýjum vörum eru birtar en þar er einnig hægt að fylgjast með afslætti og tilboðum.

**Hægt er að skoða og panta á www.cobra.is.**



Frábært starfsfólk er í Cobru, Katla Hlöðversdóttir og Andrea Lilja Sigurðardóttir. Verslunin er á fyrstu hæð Kringlunnar. MYND/DANÍEL




Mjúkir og þægilegir ungbarnaskór fyrir stelpur og stráka.



# Snilld

S, C , Air, Mini ... þetta er allt snilld.



iPhone 5S
Snjallasti snjallsíminn frá Apple
**109.990 kr**



iPhone 5C
Llitaglaðir snillingar á góðu verði
**92.990 kr**



iPad Air
Léttari · Þynnri · Hraðari
**frá 89.900 kr**

iPad mini
Hann er knár þó hann sé smár
**frá 54.900 kr**



JÓLATILBOÐ

Macbook Air
128GB 12 tíma rafhlaða
**166.900 kr**



JÓLATILBOÐ

Apple TV 3
Netflix, Hulu+ m.m.
**19.900 kr**

## Einstakt úrval af aukahlutum fyrir Apple græjurnar þínar.

**Opið**
mán. - mið. 10-18.30
fim. 10-21
fös. 10-19
lau. 10-18
sun. 13-18

iStore
í Kringlunni

566 8000

istore.is

Góð þjónusta, góð verð og samfélagsleg ábyrgð

**Við viljum að þú brosir þegar þú kemur til okkar. Þess vegna bjóðum við góð verð, ljúft viðmót og fagle ga þjónustu. Að auki renna 1000 kr. af hverju seldu tæki í styrktarsjóð sem úthlutar hreyfi- hömluðum börnum iPad í hverjum mánuði.**

# HAFRÚN ALDA MAÐUR ÞARF AÐ HAFA BEIN Í NEFINU Í HÖRÐUM BRANSA

***Hafrún Alda Karlsdóttir lifir og hrærist í tískubransanum í Kaupmannahöfn en hún rekur veftískutímaritið BAST Magazine. Blaðið þykir sérstaklega áhugavert og hefur lesendur í yfir fimmtíu löndum. Lífið ræddi við Hafrúnu um búsetuna erlendis, módel- og tískubransann og hvers vegna hún var skírð átta ára. gömul.***

Hafrún Alda ólst upp á Borðeyri við Hrútafjörð hjá ömmu sinni og afa en flutti til borgarinnar átta ára gömul. Hafrún Alda segist hafa átt fullt af draumum þegar hún var yngri en einna helst langaði hana að bjarga heiminum eða að verða bóndi. Hún var mikið náttúrubarn sem erfitt var að ná úr stígvélunum, því best leið henni þegar hún var skítug upp fyrir haus. Tímarnir hafa breyst til muna og í dag býr hún í stórborginni Kaupmannahöfn, starfar með þekktum hönnuðum og stýrir sínu eigin tískuveftímariti, BAST Magazine.

***Hvenær fluttir þú til Danmerkur og hvers vegna?*** „Í janúar árið 2007 flutti ég til Parísar. Ég var orðin leið á því að vera á Íslandi og langaði að prófa eitthvað nýtt. París þekkti ég reyndar ágætlega þar sem ég hafði búið þar í skamman tíma árið 2004. París er æðisleg borg og ég sakna þess oft að búa þar. Ég flutti svo til Kaupmannahafnar í júní 2007 þegar ég fékk atvinnutilboð hjá dönskum fatahönnuði. Rúmlega sex árum seinna er ég enn þá hér.

***Danski hönnuðurinn reyndist vera Henrik Vibskov, ekki satt? Hvernig kom það til?*** „Ég datt eiginlega alveg óvart þar inn. Ég prófaði að sækja um og var boðin „intern"-staða í þrjá mánuði í sölu- og markaðsdeildinni hjá Henrik Vibskov. Ég var svo fastráðin í kjölfarið. Þetta var ótrúlega lærdómsríkur tími. Ég kynntist fullt af frábæru fólki og ég held enn þá góðu sambandi við gömlu vinnufélagana. Henrik Vibskov er einstaklega klár og mikill fagmaður þannig að það var frábært að fá að fylgjast með og taka þátt frá innsta hring. Ég hef samt aldrei lært neitt í fatahönnun en hafði þó nokkra sölureynslu frá fyrri störfum sem nýttust mér vel."

## Fyrirsætuferillinn ekki glamúr

Hafrún Alda bjó bæði í París og New York nokkrum árum fyrir Kaupmannahafnarævintýrið og starfaði sem fyrirsæta á vegum Eskimó Módels þegar hún var aðeins 19 ára gömul. „Það var ótrúlega skemmtilegur tími, Eskimó Módels reyndust mér vel og ég kynntist fullt af skemmtilegu fólki. Annars var þetta nú aldrei neitt fyrir mig, ég hafði alltaf miklu meiri áhuga á því sem var að gerast bak við myndavélina og öllu ferlinu sem því fylgdi.

Ég var því ekki lengi í módelbransanum. Ég var eitt sumar í New York sem ég fílaði strax rosalega vel en flutti svo aftur heim til að fara í skólann. Þegar ég flutti fyrst til Parísar leigði ég ásamt nokkrum íslenskum vinkonum mínum hrikalega íbúð á fyrstu hæð. Rakalyktin yfirgnæfði allt og það eina sem við borðuðum var baguette með tómötum og mozzarella. Þegar ég kom til baka til Íslands þurfti ég að henda töskunum mínum og megninu af fötunum mínum sem lyktuðu af fúkkalykt. Það var því ekki mikill glamúr í þeirri ferð. Hins vegar notaði ég tímann vel í að skoða borgina og kynnast frönsku menningunni sem hefur alltaf heillað mig."

***Hvernig líkar þér þá að búa í Kaupmannahöfn?*** „Borgin er æðisleg. Hún er ekki of stór og maður kemst allra sinna ferða á hjóli. Það er alltaf eitthvað spennandi að gerast hér innan tónlistar og tísku og svo er stutt að fara héðan til að ferðast um Evrópu. Helsti galli við Kaupmannahöfn er kannski að maður hefur ekki fjölskylduna sína nálægt sér og því þarf maður að reiða sig á sjálfan sig. Það er til dæmis ekkert hlaupið að því að fá pössun. Ég hef þó kynnst fullt af frábæru fólki hér sem er ómetanlegt."

## Skipstjórinn á BASTi

Hafrún Alda stofnaði bloggsíðu og veftímaritið BAST Magazine árið 2011 ásamt Írisi Dögg Einarsdóttur og Sif Kröyer en stýrir blaðinu ein í dag með hjálp ýmissa samstarfsaðila í bransanum.

***Hvaða áherslur eru í blaðinu og hvert eruð þið að stefna með vefútgáfunni?*** „Helstu áherslur BAST Magazine eru að kynna skandinavíska tísku, tónlist, listir og menningu og við munum halda því áfram. BAST hefur fengið frábærar móttökur og við erum með stóran fastan lesendahóp. Fram undan eru spennandi samstarfsverkefni þannig að það er nóg að gera á næstunni. Þetta er harður bransi og maður þarf að hafa bein í nefinu. Það er gríðarleg samkeppni á þessum markaði og margir að gera flotta hluti. Blaðið er rekið með auglýsingum og svo fékk BAST styrk þegar það var stofnað. Með nýrri heimsíðu sem fer í loftið í nýju ári verður möguleiki á að hafa auglýsingar á síðunni. Ég þéna ekki fullt af peningum á þessu enn þá en það lítur vel út fyrir að BAST Magazine geti rúllað vel með hækkandi lesendatölum."

***Hefurðu velt fyrir þér að gefa út blaðið á prenti?*** „Ég hef oft hugsað um að setja BAST í prent, það væri mjög gaman. Tíunda tölublaðið kemur út í febrúar, hver veit nema að maður geri eitthvað skemmtilegt í tilefni þess."

***Hvers vegna skrifið þið á ensku?*** „Við vildum alltaf skrifa á ensku svo blaðið væri aðgengilegt sem flestum, og þar af leiðandi höfum við lesendur um allan heim eða í yfir 50 löndum.Við höfum meðal annars lesendur frá Sádi-Arabíu, Brasilíu og Úkraínu svo eitthvað sé nefnt. Það er gaman að sjá hvað það er mikill áhugi utan að frá í því sem er að gerast hérna í litlu Skandinavíu. Ég er með stórt teymi á bak við BAST. Það er meðal annars Ellen Lofts sem er tískuritstjóri, Kristín Larsdóttir Dahl sem er tónlistarritstjóri, Arnar Freyr sem er grafískur hönnuður, Snjólaug Lúðvíksdóttir sem les prófarkir og svo er ég með „freelance" penna sem skrifa fyrir bæði heimasíðuna og sjálft blaðið. Við erum því mörg sem stöndum á bak við hvert tölublað. Það má kannski segja að ég sé skipstjórinn en BASTi væri ekki það sem það er í dag ef ég væri ekki með allt þetta frábæra fólk með mér."

***Þú hlýtur að vera með gott tengslanet með alla þessa fögru tískuþætti frá Evrópu, er það ekki?*** „Okkur berst mjög mikið af tískuþáttum og færri komast að en vilja. Við erum með gott tengslanet en mest af efninu berst frá fólki sem hefur verið að lesa tölublöðin okkar og fylgist með okkur á heimasíðunni og telur að BAST sé góður vettvangur til að koma sinni vinnu á framfæri. Margir hafa svo fengið ný og spennandi verkefni í kjölfarið þannig það er alltaf mjög gaman að fylgjast með fólki vaxa og dafna í bransanum. Við erum í samstarfi við ljósmyndara og ►




**NAFN** Hafrún Alda Karlsdóttir
**ALDUR** 30
**STARF** Ritstjóri og eigandi Bast Magazine
**HJÚSKAPARSTAÐA** Í sambúð með Hjalta Þór Sverrissyni
**BÖRN** Erpur Hjaltason 5 ára

MYND/HELGI ÓMARSSON

## Uppáhalds

**MATUR** Sushi.

**DRYKKUR** Vatn, kaffi og TOKYO á Boutique Elise á Istedgade.

**VEITINGAHÚS** Sticks and Sushi og Grái Kötturinn.

**VEFSÍÐA** www.bast-magazine.com.

**VERSLUN** Spútnik, Kiosk, Weekday, Dover Street Market.

**HÖNNUÐUR** Alexander Wang, ACNE, KALDA, Asger Juel Larsen, Henrik Vibskov.

**HREYFING** Ég hjóla allra minna ferða.

**DEKUR** Kíkja í búðir, setjast niður með kaffibolla og lesa tímarit.



***Henrik Vibskov er einstaklega klár og mikill fagmaður þannig að það var frábært að fá að fylgjast með og taka þátt frá innsta hring.***

## Myndaalbúmið



Ýmis tölublöð Bast Magazine.

▶ stílista, einnig tónlistar- og listafólk víðs vegar að. Oftast eru það nýir aðilar í hverju tölublaði.“ ***Nýlega frumsýnduð þið tískustuttmynd í samstarfi við Narvi Creative. Í hvaða tilgangi var stuttmyndin gerð?*** „Narvi Creative hefur unnið að mörgum skemmtilegum verkefnum og okkur hjá BASTi langaði til að gera verkefni með þeim en úr varð tískumyndin Beat Street. Okkur langaði að taka nýjan vinkil á tískuþætti, hafa hann í lifandi formi því það eru margir möguleikar á að kynna tísku í öðru en hefðbundnum tískuþætti. Við fengum herramódelið Zakaria Khiare til að leika aðalhlutverkið en hann hefur unnið fyrir marga stóra hönnuði. Þetta var ótrúlega skemmtilegt verkefni og við erum mjög ánægð með útkomuna. BAST á pottþétt eftir að vinna fleiri verkefni í svipuðum dúr.“

### *Var skírð 8 ára gömul*

***Hefur þú alltaf verið meðvituð um tísku og hönnun?***
„Ég hef alltaf verið með það á hreinu í hverju ég vil vera, þó ég hafi nú kannski ekki alltaf verið mjög smart. Mín fyrsta minning um það er þegar ég var skírð. Ég var 8 ára gömul og mamma fór með mig til Reykjavíkur að velja skírnarföt. Ég féll alveg fyrir rauðri pilsdragt með hvítum doppum og hárspöng með risastórri rós og mér varð ekki haggað, alveg sama hvað mamma reyndi að sýna mér, það var bara þessi dragt. Ég fékk hana að sjálfsögðu og ég man vel enn í dag hvað mér fannst ég ótrúlega flott í henni.“

***Af hverju heillar tískubransinn svona mikið?*** „Ég hef alltaf heillast mikið af tískubransanum frá því að ég var ung, ég byrjaði að vinna í Morgan í Kringlunni 18 ára gömul. Svo vann ég sem verslunarstjóri í Spútnik í þrjú ár en þar sinnti ég líka innkaupum. Það er alltaf áhugavert að sjá hvað hönnuðir sækja mikinn innblástur í „vintage“ sem sést oft svo greinilega. Tískubransinn hér í Kaupmannahöfn er frekar stór og er fatnaður stór útflutningsvara hér í Danmörku. Danska ríkið passar upp á að styðja vel við bakið á tísku- og menningarheimunum sem hefur skilað sér. Danir státa af þekktum hönnuðum sem selja í fleiri hundruð búðir úti um allan heim. Ég hef alltaf haft gaman af tísku og öllu sem henni fylgir og einhvern veginn þá er allur vinahópurinn meira og minna á kafi í þessum bransa á einn eða annan hátt. Engir tveir dagar eru eins og það er alltaf eitthvað nýtt og spennandi að gerast.

***Það hefur verið mikil gróska í íslenskri fatahönnun, áttu einhverja uppáhaldshönnuði, íslenska og erlenda?*** „Það eru margir hönnuðir að gera frábæra hluti bæði heima á Íslandi og hérna erlendis. Ég fylgist mjög vel með hvað er að gerast og sérstaklega í Skandinavíu. Af íslensku hönnuðunum verð ég að nefna Kalda, Rey og Jör og hérna úti eru það Anne Sofie Madsen, Henrik Vibskov, Asger Juel Larsen og Freya Dalsjö sem eru öll að gera frábæra hluti. Ég er líka alltaf mjög hrifin af tískurisanum ACNE og Alexander Wang klikkar seint.“ ▶






Hafrún Alda klárar stúdentinn um jólin og segist tilbúin að takast á við hvað sem er í framtíðinni.

### Ég get vel eins og hinir

Hafrún Alda situr á skólabekk ásamt því að ritstýra BAST Magazine. Hún lauk ekki stúdentsprófi á tilsettum tíma en segir að skólakerfið í Danmörku bjóði upp á námstækifæri sem ekki voru í boði á Íslandi.

„Ég er að ljúka stúdentsprófi núna um jólin og svo er stefnan tekin á markaðsfræði í febrúar. Ég er að klára stúdentinn svona meira fyrir sjálfstraustið til að sanna fyrir sjálfri mér að ég geti það eins og allir hinir. Ég var aldrei mikill lærdómshestur þegar ég bjó á Íslandi og skólakerfið í Danmörku er svolítið ólíkt og virðist henta mér betur. Það eru til að mynda yfirleitt bara munnleg próf en ekki þessi týpísku skriflegu próf sem maður þurfti að þreyta heima á Íslandi. Það hefur gengið ótrúlega vel að klára stúdentinn og ég á bara eitt próf eftir. Það verður klárlega skálað í kampavíni og dansað fram á rauðanótt þegar þessum áfanga lýkur loksins. Ég hugsa að markaðsfræði geti nýst mér í allt mögulegt og hún er spennandi og praktískt nám. Ef mér snýst einhvern daginn hugur og ég nenni ekki lengur að vera að vinna við tískubransann þá get ég snúið mér að næstum hverju sem er.“

***Hvar verðið þið fjölskyldan um jólin og hvernig eru jólin þín?*** „Mamma, fósturpabbi minn og tvö yngri systkini mín búa í Kolding á Jótlandi sem er voða kósý. Við höfum oft verið hjá þeim á jólunum og þar sem við erum öll íslensk þá eru þetta alltaf mjög týpísk íslensk jól, með Rás 1 á fóninum og rjúpu eða önd í matinn með öllu tilheyrandi. Þau eru reyndar örugglega að flytja heim í sumar eftir níu ár í Danmörku, þannig að það verður eflaust svolítið skrítið að hafa þau ekki. Við ætlum að vera á Íslandi yfir jól og áramót og erum mjög spennt því við við náum að slappa af og hitta alla fjölskylduna. Svo förum við alltaf í Hrútafjörðinn þar sem amma og afi búa. Ég verð reyndar í próflestri svo það setur eitthvert strik í reikninginn þar sem ég er að fara í próf í janúar. Annars er ég voða lítið að stressa mig á jólunum, það er svona happa og glappa ef ég næ að skrifa jólakort. Við Erpur skelltum reyndar í piparkökur um daginn sem er mikið afrek út af fyrir sig.“

*Við vildum alltaf skrifa á ensku svo blaðið væri aðgengilegt sem flestum, og þar af leiðandi höfum við lesendur um allan heim eða í yfir 50 löndum.*


## ferskleiki & fegurð án fyrirhafnar

### Nýtt á Íslandi

Eitt best geymda leyndarmál náttúrunnar, Aloe Ferox, er uppistaðan í virkum innihaldsefnum EyeSlices gelpúðanna. Augnpúðarnir eru ofnæmisprófaðir og í þeim er hvorki paraben né latex. EyeSlices augnpúðar sameina öflugar jurtir úr náttúrunni annars vegar og margverðlaunaða nýsköpun hins vegar.

Klínískar rannsóknir hafa sýnt að EyeSlices augnayndi vinnur á hrukkum, þrota, baugum, ummerkjum þreytu og rauðum augum. Gelpúðana þarf aðeins að nota í 5 mínútur í hvert sinn en þá má nota í 10 skipti.





EyeSlices augnayndi er tilvalin jólagjöf

eyeslices® augnayndi

Lyfja, Lyf og heilsa, Hagkaup, Fríhöfnin, Fjarðarkaup, Garðsapótek, Akureyrarapótek, Árbæjarapótek, Apótekið Setbergi, Lyfjaver, Reykjavíkur apótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Reykjavík SPA, Sóley natura spa, Snyrtistofa Ásdísar, Snyrtistofan Dimmalimm, Snyrtistofan Mizú, Snyrti- og nuddstofan Paradís, Snyrtistofan Þema, Snyrtistofa Grafarvogs, Torfhildur Theodórs - Snyrtistofa Reykholti, Snyrtivöruverslunin Glæsibæ, Snyrtistofan Abaco Akureyri.




# ILMANDI HEIMILI

*Lyktin af greni, kanil og mandarínum segir nefinu að jólin séu fram undan. Skemmtileg og ódýr leið til þess að heimilið ilmi hátíðlega er að búa til jólablöndu í pott sem þú hitar upp aftur og aftur og jólalegur ilmur dreifist um heimilið og vekur góðar minningar og stemningu. Einnig er hægt að setja það sem til þarf í krukku eða fallegan poka ásamt leiðbeiningum og gefa sem gjöf.*

**Blandaðu öllu saman í lítinn pott og helltu vatni yfir svo að það fljóti yfir. Stilltu helluna á lágan hita og leyfðu blöndunni að malla og þá mun ilmurinn dreifast um heimilið. Svona blanda dugar í viku og er hægt að hita upp aftur og aftur, en muna þarf að bæta vatni í blönduna í hvert skipti.**

### *Appelsínu- og trönuberjailmur*

1 appelsína, skorin í þunnar sneiðar
½ bolli af ferskum trönuberjum
3 kanilstangir
1 matskeið af heilum negul

### *Kryddaður eplailmur*

1 epli, skorin í sneiðar
5 kanilstangir
2 matskeiðar af heilum negul
2 matskeiðar af nýmöluðu múskati
appelsínubörkur eftir smekk

# DERMATUDE

THE FACELIFT ALTERNATIVE

# META THERAPY
# JÓLAGJÖFIN Í ÁR

Byltingarkennd snyrtimeðferð sem hefur farið sigurför um allan heim. Meðferð sem skilar árangri.
Gjafakort og meðferðir fást á eftirtöldum snyrtistofum:

**Aqua Spa,** Strandgötu 14, 600 Akureyri sími: 461 4445

**Snyrtistofan Ágústa,** Hafnarstræti 5, 101 Reykjavík sími: 552 9070

**Bonita snyrtistofa,** Hæðasmára 6, 201 Kópavogi sími: 578 4444

**Gallerí Útlit – Hildur,** Bæjarhrauni 6, 220 Hafnarfirði sími 555 1614

**Carita snyrting,** Dalshrauni 11, 220 Hafnarfirði sími: 555 4250

**Dekurstofan/Ný Ásýnd,** Kringlunni 8, 103 Reykjavík sími: 568 0909 / 899 7020

**Snyrtistofan Dögg ehf,** Smiðjuvegi 4, 200 Kópavogi sími: 552 2333

**Snyrtistofan Eva,** Austurvegi 4, 800 Selfossi sími: 482 3200

**Snyrtistofan Gyðjan,** Skipholti 50d, 105 Reykjavík, sími: 553 5044

**Snyrti,- nudd og fótaaðgerðastofan Líkami og sál,** Þverholti 11, 270 Mosfellsbæ sími: 566 6307

**Snyrtistofan Jóna fótaaðgerða- og snyrtistofa,** Hamraborg 10, 200 Kópavogi Sími: 554 4414

**Snyrtingar Margrétar,** Núpalind 1, 201 Kópavogi, sími: 566 6100

**Snyrti- og nuddstofan Paradís,** Laugarnesvegi 82, 105 Reykjavík sími: 553 1330

**Snyrtistofan Þema,** snyrti- og fótaðgerðastofa, Dalshrauni 11, 220 Hafnarfirði sími: 555 2215

**Face snyrtistofa,** Stillholt 13, 300 Akranes sími: 431 5500

**Snyrtistofan Mizu ehf,** Borgartúni 6 - 105 Reykjavík sími: 551 1050

**Snyrtimiðstöðin Lancóme,** Húsi Verslunarinnar Kringlunni 7. 101 Reykjavík Sími: 588 1990









WWW.DERMATUDE.IS

# HEIMILI LEÐUR PÚFFAR MEÐ FALLEGUM BOÐSKAP

*Lína Móey og Ágústa Dagmar reka netverslunina Silvan.is og selja leðurpúffa.*

Þetta átti bara að vera gæluverkefni en vörurnar frá Marokkó eru svo fallegar að ég gat ekki annað en slegið til," segir Lína Móey sem nú flytur inn leðurpúffa í mörgum skemmtilegum litum ásamt vinkonu sinni, Ágústu Dagmar. „Mig langaði að opna verslun og var með ákveðna framtíðarsýn svo ég lagðist í rannsóknarvinnu á netinu og fann þessa fallegu púffa." Púffarnir eru handunnir og hverjum púffa fylgir ævintýralegur texti með mismunandi boðskap, eftir textahöfundinn Sölva Fannar. „Fólk man eftir þessum púffum frá því í gamla daga og þá má vel vera að þeir finnist í gömlum geymslum hjá fjölskyldunni en við vildum vera með meiri fjölbreytni hvað varðar liti og útsaum á púffunum." Hægt er að panta púffana hjá netversluninni silvan.is og fá senda heim, innpakkaða fyrir jólin. Púffarnir koma ófylltir og segist Lína Móey fylla sína eigin púffa með gömlum rúmfötum, handklæðum, fötum og jafnvel dagblöðum.


Lína Móey og Ágústa Dagmar.

Hægt er að setja bakka á púffana eða sitja á þeim.


Fallegt barnaherbergi með púffum.



***Hægt er að panta púffana hjá netversluninni silvan.is og fá senda heim, innpakkaða fyrir jólin.***

nn cosmetics

Jólin 2013



120 LITA PALLETTAN SÍVINSÆLA
8.900 KR.
**JÓLATILBOÐ:**
**6.600 KR.**



STIFTFARÐI OG MINI KABUKI BURSTI Í VESKI SAMAN: 10.200 KR.
**JÓLATILBOÐ:**
**9.280 KR.**



7 BURSTA FERÐASETT: 12.900 KR.
**JÓLATILBOÐ:**
**11.600 KR.**

Jólatilboð NN Cosmetics 2013
gilda á öllum sölustöðum okkar
(á meðan birgðir endast)
Útsölustaðir NN Cosmetics:
Dekurstofan Dagný - Ísafirði; Snyrtistofan Hildur Magg - Dalvík; Abaco Heilsulind - Akureyri;
Snyrtistofa Ágústu - Vestmannaeyjum; Klipp-Art Hólagarði; Reykjavík Spa - Grand Hótel;
Snyrtistofan og naglaskólinn Makeover - Rjúpnasölum 1 (ný staðsetning); Systrasel - Háaleitisbraut;
Bonita - Snyrtistofa - Hæðasmára Kópavogi; Heilsa og fegurð - Smáraturni;
Hársnyrtistofan Sara - Brekkuhúsum 1, Rvk.; Snyrtistofan Táin, Sauðárkróki;
Coco Snyrtistofa - Iðavöllum 9a Reykjanesbæ; Snyrtistofan Pandora - Mjódd;
Erla Maren Gísladóttir - Patreksfirði; Fótaaðgerðastofan Líkami og sál, Mosfellsbæ;
Snyrtistofa Ásdísar, Hlíðarbyggð 39 - Garðabæ
NN Make Up Studio Hlíðasmára 8, 200 Kópavogi - www.noname.is - f: /nncosmeticsiceland


Hafdís Heiðarsdóttir og Vilborg Aldís Ragnarsdóttir, höfundar bókarinnar Galdraþulan.

# BÓK GALDRAÞULAN OG SÍGAUNASPIL

*Hafdís Heiðarsdóttir og Vilborg Aldís Ragnarsdóttir töldu sig upplifa álög á nýju bókinni sinni.*

Vinkonurnar Hafdís Heiðarsdóttir og Vilborg Aldís Ragnarsdóttir hafa báðar haft unun af sígaunaspilum frá því að þær voru litlar stelpur. Sígaunaspil eru gömul spáspil sem þykja auðveldari í notkun en tarotspil.



„Við eigum báðar unglinga sem hafa verið að stelast í spilin okkar svo við ákváðum að hanna okkar eigin sígaunaspil sem væri þægilegra að meðhöndla fyrir yngri kynslóðina," segir Vilborg Aldís. „Þegar við vorum að byrja að hanna spilin þá kom bókin eiginlega til okkar, ég veit að það er klisja en það er satt. Á þremur vikum varð hún að veruleika, við fengum útgefanda strax og allt gekk eins og í sögu. Þangað til allt fór að ganga á afturfótunum," segir Hafdís. Þær segja frá óútskýranlegum vandamálum sem komu upp í kringum prentun og flutning bókarinnar Galdraþulan, en bókin var prentuð erlendis. „Það mætti því halda að það væru álög á sjálfri bókinni en það þykir okkur bara enn meira spennandi," segir Hafdís.

Bókin fjallar um hina 14 ára Kæju sem er ósköp venjuleg stelpa sem er hálfrúmensk og hálf-íslensk. Á 15 ára afmælisdaginn fær hún að gjöf gamlan nornakistil frá ömmu sinni í Rúmeníu en í honum finnur hún eldgömul spáspil. Atburðarásin er spennandi og undarlegir hlutir fara að gerast hjá henni. Sígaunaspil fylgja hverri bók og fléttast inn í söguþráðinn. Nánari útskýringar á spilunum er að finna á Facebooksíðunni, Galdraþulan.


INDISKA
KRINGLAN







# DAGATALIÐ FÁKLÆDDIR SLÖKKVILIÐSMENN HEILLA

***Dagatalið er fjáröflun slökkviliðsmanna á höfuðborgarsvæðinu fyrir heimsleika lögreglu og slökkviliðsmanna.***

Strákarnir vildu ekki vera á drottningarspilinu svo við plötuðum Evu Sveinsdóttur fitnessdrottningu til að sitja fyrir á nokkrum myndum. Hún vann með okkar í allt sumar í sumarafleysingum en hún er hjúkrunarfræðinemi sem vildi fá smá reynslu á sjúkrabílinn,“ segir Gunnar Steinþórsson slökkviliðsmaður. Gunnar segir að ein önnur kona starfi með Slökkviliðinu en hún hafi ekki tekið vel í það að sitja fyrir fáklædd á myndum fyrir spilastokkinn sem nú er fáanlegur í sölubásum bæði í Smáralind og Kringlunni á vegum Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. „Þetta er sniðug smápakkagjöf sem inniheldur myndir af slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum sem hafa setið fyrir á dagatölunum okkar í gegnum tíðina. Þetta er eins konar „The Greatest Hits“ úr dagatölunum.

Þetta er í sjöunda sinn sem Slökkviliðið gefur út dagatal en útgáfan er liður í fjáröflun vegna þátttöku á heimsleikum slökkviliðs-og lögreglumanna. Heimsleikarnir eru íþróttaviðburður sem haldinn er annað hvert ár en næst verða þeir haldnir í Fairfax árið 2015. Gunnar segir dagatalið hafa fengið frábær viðbrögð og sé mjög vinsælt. Sérstaklega hafi spilastokkurinn hitt beint í mark. Við erum einnig að selja reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnarteppi fyrir jólin og förum yfir eldvarnirnar á heimilinu með fólki svo við stöndum ekki bara með dagatalið í höndunum á sölubásunum,“ segir Gunnar hlæjandi. Nánar um dagatalið á Facebook-síðunni Heimsleikafarar slökkviliðsmanna höfuðborgarsvæðisins.


Spilastokkurinn sem inniheldur myndir af slökkviliðsmönnunum.




# Jólagjafir hestamannsins fást í Líflandi



Óðinn hnakkur unga hestamannsins nú á jólatilboði með ístöðum, ístaðsólum og gjörð á aðeins **79.900.-**



Völdum hjálmum fylgja My Style endurskinsrendur að eigin vali.
Verð frá **17.990.-**



Með hverju pari af Mountain Horse skóm fylgja hlýir og góðir Dritech sokkar.
Verð frá **13.990.-**



Hófhnífur fylgir öllum járningaverkfærum.
Verð frá **5.990.-**



Lífland verslanir | Lynghálsi, Reykjavík | Akureyri
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | www.lifland.is

LÍFLAND
• FRÁ 1917 •




# JÓLAKÖKU GOTTERÍ

***Á gotteri.is er að finna einfalda og litríka uppskrift af Rice Krispies jólatrjám fyrir gotterísdaga. Hjá Gotterí og gersemum er einnig 3 fyrir 2 tilboð á gjafabréfum á kökunámskeið fram til 24. desember.***

**JÓLATRÉ**

3 msk. smjör
1 poki sykurpúðar (um 40 stk.)
6 bollar Rice Krispies
Grænn matarlitur

Skraut
Hvítt súkkulaði (um 100-150g)
Kökuskraut að eigin vali/ nammi
Íspinnaprik

Annað sem þarf
Bökunarpappír
Matarolía/sprey
Piparkökumót (jólatré)

- Bræðið smjör í stórum potti við lágan hita.
- Bætið sykurpúðunum út í og hrærið þar til þeir hafa bráðnað alveg saman við smjörið.
- Setjið nokkra dropa af grænum matarlit í blönduna og hrærið vel, bætið við eftir því hversu dökk þið viljið hafa trén.
- Bætið Rice Krispies út í, einum bolla í einu og hrærið vel.
- Setjið bökunarpappír á plötu/ bakka og hellið blöndunni þar á.
- Spreyið/berið matarolíu á sleif og dreifið úr blöndunni á bökunarpappírnum. Notið þykktina á piparkökumótinu ykkar til að áætla þykktina (betra að hafa aðeins þykkari en þynnri til að koma prikinu í)
- Þegar þykktin er um það bil sú sama er gott að leggja bökunarpappír ofan á blönduna og pressa létt með stórri bók til að trén muni verða sem sléttust þegar stungið er út.
- Kælið, berið matarolíu á piparkökumótið (svo það klístrist ekki við) og stingið síðan út eins mörg jólatré og þið getið og stingið pinnanum svo í, sé þess óskað.
- Bræðið hvítt súkkulaði (má líka vera flórsykursblanda/ icing), klippið lítið gat á ziplock poka (eða notið brúsa með litlu gati/kökuskreytingarpoka m. stút) og skreytið að vild.
- Munið að setja kökuskrautið á hvert tré jafnóðum því súkkulaðið harðnar fljótt.

*Nánar um uppskriftirnar á gotteri.is*

Casali

# Romm kúlur

-ómissandi þáttur í jólaundirbúningnum

Romm kúlur eru góðar og vinsælar súkkulaðikúlur, fylltar með desert-rommi og kókós.

Þú getur nálgast spennandi uppskriftarbækling í næstu búð.











## ...SPJÖRUNUM ÚR

### Saga Garðars- og Sigrúnardóttir

ALDUR: 26
STARF: leikkona, pistlahöfundur og grínkúnstner

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Móður mína.

**En kysstir?** Sigmund Davíð, í öllum mínum villtustu draumum.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Sambýlismenn mínir, Oddur og Birkir, með því að vera bara ferlega flinkar og fallegar manneskjur sem spila fyrir mig fallega tónlist, borða með mér dýrindis morgunmat og faðma mig þegar ég kem heim.

**Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi?** Það að ég smjatta og hvað ég er óþolinmóð og tapsár.

**Ertu hörundsár?** Já, því miður. Ég er stöðugt að glíma við hörundsæri mitt og ég er oft hörundsár fyrir hönd dýra. Ég er hins vegar alltaf að æfa mig í að verða betri og stærri manneskja og stefni á 30% lækkun á hörundsæri á næsta ári.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Já, og líka þegar allir sjá til. Ég er ekki mjög klár í því en eftir að ég komst að því að hopp er gjaldgengt dansspor og að dans er mjög teygjanlegt hugtak vil ég meina að ég dansi í gegnum lífið.

**Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig?** Hugmynd mín um fíflaskap er loðin. Allt svona að sulla niður á sig, prumpa í fjölmenni og fara óvart ber að neðan í virðulega veislu er bara fyndið og skemmtilegt. Og þannig fíflalegheitum á að fagna. Svo er til annar fíflaskapur eins og að skera niður til þróunarmála, upphefja vini sína á kostnað annarra og ljúga. Þannig fíflaskapur er mér ekki að skapi. Ég varð síðast uppvís að skrökvi þegar ég sagði sambýlismönnum mínum að ég gæti ekki vaskað upp af því að ég væri nýbúin að tattúa á mig sleeves. Þeir sáu fljótt í gegnum mig.

**Tekurðu strætó?** Nei, sem er óvenjulegt því ég er ekki með bílpróf. Ég hleyp og hjóla milli staða og reiði mig á góðmennsku vina minna og ókunnugra bílstjóra sem stundum taka mig upp í.

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?** Prófa „christal meth", lenda í slag og missa auga. Það færi alveg með mömmu svona rétt fyrir jólin.

## HELGARMATURINN KJÚKLINGARISOTTO

*Sandra Fairbairn er hér með mjög ljúffengan og sparilegan rétt sem passar vel undir lok aðventunnar rétt fyrir jólahátíðina sjálfa.*

**Fyrir 4-6**
**3 kjúklingabringur**
**2 l kjúklingasoð (vatn og teningar)**
**2 sellerístilkar**
**2 laukar**
**2 gulrætur**
**Ólífuolía til steikingar**
**2 dl þurrt hvítvín**
**1 dós hakkaðir tómatar**
**500 g Arborio-risottogrjón (ekki venjuleg hrísgrjón)**
**75 g smjör**
**100 g parmesan-ostur, rifinn**
**Salt og pipar eftir smekk**

Útbúið soðið. Skerið niður 1 sellerístilk, 1 gulrót og 1 lauk og bætið í soðið. Látið sjóða stutta stund og haldið svo heitu.
Skerið kjúklingabringurnar í litla bita og steikið vel á stórri pönnu þar til kjúklingurinn er brúnaður. Skerið niður afganginn af grænmetinu og blandið saman við.
Steikið í nokkrar mínútur til viðbótar. Bætið síðan hvítvíninu saman við og látið það gufa upp.
Bætið tómötunum saman við og saltið og piprið eftir smekk. Látið malla í 8-10 mínútur og vökvið með soðinu ef blandan verður þurr. Bætið risotto-grjónunum út á pönnuna ásamt um 200 ml af soðinu. Eldið í 20 mínútur á meðalhita. Hrærið og vökvið með soðinu ef blandan er að þorna, passa þarf vel að hún þorni ekki og brenni.
Takið pönnuna af hellunni og blandið smjörinu og parmesanostinum varlega saman við. Gott er að pipra létt yfir réttinn áður en hann er borinn fram. Skreyta má með litlum tómötum eða öðru fíneríi.




# FALLEGAR JÓLAGJAFIR


Plötuspilari
59.900,-


Skúta
Verð frá 34.900,-


Hnöttur
19.900,-


Hauskúpupúði
8.900,-



Ljósmyndabækur


Silfurrefur trefill
14.900,-


Plötuspilari
39.900,-



Hljómplötur


Loftbelgur
Verð frá 3.900,-



Bréfapressa
3.900,-


Glerbox
4.900,-


Dýraljós í miklu úrvali


Þvottabjörn
14.900,-

MYCONCEPTSTORE

Verslun: Innst í Dalbrekku ofan við Nýbýlaveg / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is


Veiðivörur.is
Síðumúli 37
581-2121
Hafnarstræti 99
462-1977
Reykjavík • Akureyri
Þú færð jólagjöfina hjá Veiðivörum
Vaxtalaus kortalán í boði
Minnum á gjafabréfin okkar
Vision Kura Jakkar
Jólatilboð: 39.990
Vision Opas Jakki
Jólatilboð: 49.990
Vision Caribou
Veiðivesti
Verð: 19.990
A. Jensen Tvíhendutilboð
Jólatilboð: 79.990
Verð áður: 102.700
Vision Loikka
Vöðluskór
Jólatilboð: 29.990
Vision Kura Vöðlutilboð
Jólatilboð: 54.900
Verð áður: 79.800
Vision Keeper Vöðlusett
Jólatilboð: 34.900
Verð áður: 52.800
Wychwood
Bankman
Taska
Verð: 19.900
A. Jensen
Stangartaska
Verð: 15.990
Vision
Veiðigleraugu
Verð frá: 6.990
Veiðikortið
2014
Verð: 6.990
Norfin
Snjóþrúgur
Jólatilboð: 27.990
Norfin
Mannbroddar
Jólatilboð: 6.990
Norfin Innan
undirfatnaður
Verð frá: 9.900
Takmarkað magn til
Norfin Camo Galli
Jólatilboð: 34.990
Verð áður: 59.900
Norfin
Veiðihanskar
Verð frá: 5.990
Norfin Húfur
Verð frá: 1.990
Norfin Vettlingar
Verð frá: 3.490
Finndu okkur
á facebook
facebook.com/veidivorur
Skannaðu kóðann til að
heimsækja facebook
síðuna okkar.
Fluguhnýtingarsett
Verð: 14.990
WILLIAM JOSEPH
NORFIN
VISION
FLY FISHING
Badlands
SALMO

## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ E 200 ngt. Árgerð 2012, ekinn 28 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.990626.



SKODA Superb ambition 170 hö. Árgerð 2012, ekinn 66 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.140870.



MERCEDES BENZ B 180 cdi blue efficiency. Árgerð 2012, ekinn 22 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.990670.



KIA Sportage ex 4wd 136 hö disel. Árgerð 2012, ekinn 33 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.690.000. Rnr.990289. 5.5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MMC Pajero sport gls 3000. Árgerð 2002, ekinn 170 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 890.000. Rnr.990281. TILBOÐ 690.000,-



MMC Pajero instyle+. Árgerð 2008, ekinn 140 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.850.000. Rnr.990297. TILBOÐ kr: 3.890.000,-



KIA Sorento ex luxury 164 hö. Árgerð 2010, ekinn 50 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.180034.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bílaplan.is



**ÚTSALA FRÁBÆRT VERÐ 4990 ÞÚS**

KIA SPORTAGE EX 4WD DÍSEL árg. 2013 ek. 38 Þkm Sjálfskiptur m öllu, listaverð 5790 þús, tilboðsverð í dag 4.990 þús, möguleiki á góðu bílaláni, Rnr 146947 gsm 893-9500



**ÚTSALA SPARIBAUKUR**

HYUNDAI i10 árg. 2011 ek. 53 Þkm, 5 gíra, tilboðsverð nú 990 þús, 100% vísalán í boði, Rnr 106659 gsm 893-9500



**ÚTSALA FJÖLSKYLDUBÍLL**

CHEVROLETT LASETTI árg. 2011 ek. 68 Þkm 5 gíra, ný vetrardekk og tímareim, tilboðsverð í dag 1390 þús, möguleiki á 100% láni Rnr 193790 gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**ÚTSALA FRÁBÆRT VERÐ !!!**

POLARIS SPORTSMAN 800 4WD árg. 2008 ek. 11 Þkm, tveggja manna, götuskráð, spil, handhlífar, gler, hiti í handföngum, 27" ný dekk og álfelgur, tilboðsverð 1.290.000 !! áhvílandi 1.000.000.- Rnr.146845.gsm 695-2015

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

bifreidar.is
577 4777



**STAÐGREIÐSLUTILBOÐ 990ÞÚS !**

Toyota landcruiser ,38 vel breyttur, aukatankur og fl. árg 1997 disel, bsk 5 gíra, 8 manna. Flott eintak TILBOÐSVERÐ 990þús stgr. Raðnúmer 121570 Uppl. í s. 577 4777 eða 895 4444 skipti ath

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLASALAN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2005, ekinn aðeins 68 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.650.Gullmoli Rnr.113740.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100bílar.is bílasala



FORD Escape XLS 4x4. Árg 6/2008, ek 122 Þ.KM, bensín, sjálfsk, Loftkæling, Hraðastillir, heilsársdekk omfl Fínn bíll, Ásett verð 1.950.000. Rnr.150833. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

Seldur.is

KAUPUM BÍLA...sendu okkur upplýsingar um bílinn í gegnum seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð!!



Nizzan sunny árg ,99, sjálfskiptur, ek 90þ km. V. 220þ. S:616 2597

## 250-499 þús.



NISSAN TERRANO II 2,4 árg'00 ek aðeins 145 þús, beinskiptur, ný skoðaður , ryðlaus ásett verð 620 þús tilboð 399 þús möguleiki á 100% vis/euro s. 841 8955



**GÓÐUR BÍLL Á GÓÐU VERÐI !!**

VW Bora árg ,99 ekinn 179þús. skoðaður ,14. smurbók frá upphafi. dráttarkrókur. 4 dyra. beinskiptur. Tilboðsverð aðeins 390þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696





**7 MANNA 4X4 - ÚTSALA 290 ÞÚS**

Chrysler town & country 4wd árg'00 ek.198 þús km.sS, leðurklæddur 7 manna, cruize control ofl. er á nýjum heilsársdekkjum og ný skoðaður ódýrasti bíll á bílasölum er 790 þús, þessi fæst á aðeins 290 þús ef hann fer fljótt! 100%visa/euro er í góðu standi! s 841 8955

## 500-999 þús.



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 690ÞÚS!**

Opel Vectra 1.8 árg.'03 ek. aðeins 145þús. km. sko ,14. BS. ný tímareim. ný vetrardekk. álfelgur. filmur. eyðsla aðeins 7L/100km. Fallegur bíll og góður í akstri. ásett verð 1.1mill. Tilboðsverð aðeins 690þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696.



**POLO 2005 - ÚTSALA 499 ÞÚS!**

VW POLO 1,2 árg. 2005 ek.143 þús., beinskiptur, 5 dyra, sk.14 , tímakeðja, eyðir mjög litlu ásett verð 750 þús. TILBOÐ 499 ÞÚS. möguleiki á 100% visa/euro s.841 8955.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
**Má þarfnast lagfæringa.**
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Snjómokstur

**GARÐAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS**

Snjómokstur, salt og sandur f. einstaklinga. Afsláttur veittur f. eldriborgara. S. 779 0900.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- pípulagnir
- þakviðgerðir
- raflagnir
- málningarvinnu
- flísalagnir
- trésmíðavinnu
- jarðvinna
- gluggaskipti
- hellulagnir
- glerskipti

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

bílaland
- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



OPEL Astra Enjoy. Nýskr. 06/08, ekinn 136 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.530.000** **Tilboðsverð 1.190.000.** Rnr.270537.



TOYOTA Corolla. Nýskr. 05/12, ekinn 31 Þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 2.790.000** **Tilboðsverð 2.390.000.** Rnr.281184.



NISSAN Pathfinder SE. Nýskr. 06/09, ekinn 96 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 4.980.000** **Tilboðsverð 3.990.000.** Rnr.151054.



KIA Sorento Luxury. Nýskr. 02/11, ekinn 183 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 4.990.000** **Tilboðsverð 3.990.000.** Rnr.120147.



HYUNDAI Sonata GLS. Nýskr. 04/06, ekinn 172 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.150.000** **Tilboðsverð 690.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.151545.



SUBARU Legacy Wagon. Nýskr. 05/06, ekinn 168 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.440.000** **Tilboðsverð 1.190.000.** Rnr.120270.



LEXUS RX350 EXE. Nýskr. 07/08, ekinn 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 4.990.000** **Tilboðsverð 4.390.000.** Rnr.270552.

Klettháls 11
525 8000
www.bilaland.is

## þjónusta

**Tökum að okkur snjómokstur á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn.**

LÍNUBORUN EHF

820 0070 577 5177

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000:

**Heiðarár– og Þverárvirkjun, Bláskógabyggð**

**Urðunarstaður í Laugardal við Húsavík, Norðurþingi**

**Stækkun sorpförgunarsvæðis við Kópasker, Norðurþingi**

**Færsla óss Lagarfljóts og Jöklu í Héraðsflóa, Fljótsdalshéraði**

**Hringvegur (1). Bygging brúar yfir Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði og veglagning í Skútustaðahreppi og Norðurþingi**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis– og auðlindamála og er kærufrestur til **21. janúar 2014.**

## fasteignir

110 Reykjavík






Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

- Góð 3 svefnherbergi
- Opið eldhús inn í stofur
- Útgengi úr eldhúsi á svalir
- Parket á gólfum



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **22,8 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Nudd



**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## HEIMILIÐ

## Húsgagnaviðgerðir

Smiður með reynslu í húsaviðgerðum ó.e vinnu. Hurðir, parket, flísar, gipsveggir og fl. s. 7718013.

## Dýrahald



**TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI**

Tilboð á svörtum grindarbúrum
Stærð 61 cm verð 5.990,-
Stærð 76 cm verð 7.990,-
Stærð 91 cm verð 9.990,-
Stærð 107 cm verð 10.990,-
Stærð 122 cm verð 13.590,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744



**TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI**

Tilboð á fiskabúrum með ljósi, hitara og hreinsidælu
Stærð 40 cm verð 9.990,- án hitara
Stærð 60 cm verð 12.990,-
Stærð 80 cm verð 19.995,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744



**TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI**

30-50% afsláttur af öllum kattaklórum.
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-074.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 4 herb. 105 fm. íbúð ofanlega við Laugarveg. Uppl. í síma: 897 1488




**LEIGUHÚSNÆÐI Í 101**

Bakhús á Baldursgötu, 101 rvk. 70 fm íbúð. 2 svefnherbergi, eldhús, bað, stofa og pallur í garði. Laus eftir mánaðarmót Upplýsingar og tilboð óskast. Tölvupóstur: huldavil@gmail.com

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr per month

gsm 824 4535
leiga@leiguherbergi.is

Tvær íbúðir á svæði 105, 35 fm & 15fm. Leigðar út með öllu. S. 8982866.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

kvosin
FERSKT OG FLJÓTT

**VERSLUNIN KVOSIN**

leitar að framtíðarstarfsfólki á fastar vaktir. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, dugleg(ur) til verka, 18 ára eða eldri og með góða íslensku og ensku kunnáttu. Vinsamlegast sendið ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 1. janúar.

SÓLAR

**SÓLAR EHF**

Óskum eftir fólki í ræstingarvinnu, þarf að hafa bílpróf og eigin bíl. We are looking for people for cleaning jobs, must have driving license and own car. Must speak Icelandic or English. Upplýsingar í s.820 4069 milli 11-16.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál










## fasteignir

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**

**Landmark leiðir þig heim!**



| Magnús Einarsson | Sigurður Samúelsson | Sveinn Eyland | Íris Hall | Þórarinn Thorarensen | Kristberg Snjólfsson | Eggert Maríuson | Haraldur Ómarsson | Sigurður Fannar Guðmundsson | Benedikt Ólafsson |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Löggiltur fasteignasali | Löggiltur fasteignasali | Löggiltur fasteignasali | Löggiltur fasteignasali | Sölustjóri | Sölufulltrúi | Sölufulltrúi | sölufulltrúi | Sölufulltrúi | sölufulltrúi |
| Sími 897 8266 | Sími 896 2312 | Sími 690 0820 | | Sími 770 0309 | Sími 892 1931 | Sími 690 1472 | sími 845 8286 | Sími 897 5930 | Sími 661 7788 |

**100% þjónusta = árangur***

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

Valette
FOIE GRAS - GASTRONOMIE

# Veislumatur fyrir sælkera






Andabringur
Reykt önd
Andalifur
Andalifrarpaté












**3.594 KR**

**Útkallsbækur Óttars Sveinssonar eru eitt vinsælasta lesefni Íslendinga 20 ár í röð**

Magnþrungnar frásagnir úr íslenskum veruleika. Hér er lýst fórnfýsi og þrautseigju hversdagsfólks á úrslitastundum. Hver einustu jól grúfa þúsundir Íslendinga sig niður í Útkallsbækurnar.

Eftir að jeppa er ekið yfir sprungu á Langjökli í janúar 2010 á sér stað slys.
Móðir og sjö ára sonur hennar falla niður í sprungu og festast á dýpi sem svarar til átta hæða húss.

Tólf íslenskir síldveiðisjómenn höfðu verið hátt í viku í björgunarbátum í Norður-Íshafi þegar fólk í landi fór loks að sakna þeirra.

# TVÆR SPENNANDI Í NETTÓ






**3.594 KR**

Elín Hirst er þekkt fjölmiðlakona eftir 30 ára starf á þeim vettvangi. Hún skrifaði sögu Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur sem kom út árið 2011. Einnig hefur hún framleitt margar heimildarmyndir. Elín er með meistaragráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands og BA-gráðu í fjölmiðlun frá University of Florida. Hún situr nú á Alþingi Íslendinga.

Þegar Ranka fæðir langþráð barnrétt eftir að stríð skellur á í Júgóslavíu er henni sagt að það sé dáið. Hún og maður hennar hrekjast til Belgrad þar sem þau lifa við hörmuleg kjör sem flóttamenn, en þá kemur Kastljós Sjónvarpsins til sögunnar. Þegar Ranka lýsir neyð sinni grátandi í viðtali sem flestir Íslendingar sjá bregst Ingibjörg Vagnsdóttir úr Bolungarvík við og segir: „Ég ætla að bjarga Rönku."

# Umskipti í Kína

BÆKUR ★★★★☆

**Umskipti**
Mo Yan
Þýðing: Böðvar Guðmundsson
**UPPHEIMAR**

Mo Yan hlaut Bókmenntaverðlaun Nóbels árið 2012 en Umskipti er fyrsta bókin sem kemur út eftir hann á íslensku. Sagan er hluti af stærra verki, safni níu nóvella en hefur komið út stök á ensku undir heitinu Change. Þýðing Böðvars Guðmundssonar er gerð eftir þeirri útgáfu. Umskipti birtist á Vesturlöndum sem hluti af ritröð um framkvæmd kommúnismans á 20. öld undir ritstjórn bresk-pakistanska rithöfundarins Tariq Ali sem skrifar stuttan eftirmála að sögunni.




Umskiptin lýsa ævi höfundar í heimalandinu frá barnæsku þegar hann er rekinn úr skóla til samtímans þegar hann er orðinn virtur og frægur rithöfundur. Frásögnin er nokkuð sérkennilega skrúfuð saman, hún er blanda af nokkuð nákvæmum lýsingum á einstökum eftirminnilegum atvikum annars vegar og lengri sögum sem sagðar eru í stuttu máli af lífi sögumanns og samferðamanna hans, skólasystkinum, ættingjum og félögum úr hernum.

Saman mynda þessar frásagnir mósaík af sögu Kína undanfarin 40 ár sem, að minnsta kosti fyrir lesanda sem ekki þekkir þá sögu nema mátulega vel fyrir, er bæði upplýsandi og heillandi. Mo Yan kann vel þá list að segja frá miklu í fáum orðum, Umskiptin eru lítil fyrir bók að sjá en undirtextinn er umfangsmikill. Einstök smáatvik varpa ljósi á einkenni kínversks samfélags og kerfisins. Gagnrýnin er aldrei beinskeytt eða hávær heldur liggur hún oft og tíðum á milli línanna. Ekki síst birtist gagnrýni á kerfið í lýsingum á örlögum persónanna, í því hvernig þær eru annaðhvort heftar og bundnar af kerfinu eða læra að leika á það stundum með vafasömum aðferðum.

Þegar Mo Yan fékk Nóbelsverðlaunin rökstuddi sænska akademían val sitt meðal annars með því að í verkum hans mætti finna „samruna fantasíu og raunsæis og sagnfræðilegra og félagslegra viðmiða“. Nú veit ég ekki hvort Umskiptin eru lýsandi fyrir verk höfundarins, en fantasían er hér fjarverandi. Á hinn bóginn beitir Mo Yan táknsæi af mikilli fimi og sagan er hugvitsamlega upp byggð.

Um þýðingu Böðvars Guðmundssonar er erfitt að segja margt fyrir þann sem ekki kann staf í kínversku og hefur ekki ensku útgáfuna við höndina. Böðvar er vanur skáldsagnahöfundur og þýðandi og honum tekst að skila texta Mo Yan á sannfærandi hátt án þess að maður verði var við höfundareinkenni hans sjálfs. Kínverskar samtímabókmenntir rata ekki oft til okkar í íslenskum þýðingum. Þess vegna er ástæða til að fagna þessu framtaki þýðanda og útgáfu og gaman væri að fá meira að heyra og fá að kynnast þeim verkum þessa Nóbelshöfundar þar sem fantasían leikur stærra hlutverk.

Jón Yngvi Jóhannsson

**NIÐURSTAÐA:** Áhugaverð sjálfs–ævisöguleg nóvella eftir kínverskan Nóbelshöfund sem leynir á sér.


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SIGRÚN ELDJÁRN** „Fólki hættir til að taka ekki almennilegt mark á barnabókum sem er náttúrulega fáránlegt.“

# Börnin flýja átök fullorðinna um auðlind

**Strokubörnin á Skuggaskeri eftir Sigrúnu Eldjárn er ein þeirra barnabóka sem hæst ber á vertíðinni, hún er tilnefnd til tvennra bókmenntaverðlauna og hefur fengið rífandi dóma. Sigrún segir viðhorf til barnabóka vonandi vera að breytast.**

„Þetta er spennandi saga um börn sem strjúka að heiman vegna þess að fullorðna fólkið hefur brugðist þeim,“ segir Sigrún Eldjárn beðin að segja í stuttu máli frá innihaldi bókar sinnar, Strokubörnin á Skuggaskeri. „Þau búa í dal sem heitir Fagridalur. Áin sem rennur eftir dalnum skiptir honum í tvennt. Öðrum megin er þorpið Vesturhlíð og hinum megin Austurhlíð og þar hefur allt leikið í lyndi og íbúar þorpanna hafa alltaf verið vinir. Það breytist hins vegar þegar í ljós kemur að í hólma úti í miðri ánni er auðlind í jörðu.“

Er þetta sem sagt pólitísk allegoría? „Ja, ástæðan fyrir því að börnin strjúka að heiman er að líf þeirra verður óbærilegt þegar fullorðna fólkið fer að berjast um þennan hólma. Fyrst fylgir sagan börnum úr Vesturhlíð sem flýja á báti út í drungalegt sker sem heitir Skuggasker og koma sér þar fyrir, síðar koma krakkar úr Austurhlíð og setjast þar að og sagan fjallar mest um samskipti þessara krakka sem hittast á Skuggaskeri.“

Spurð hvort sögutími og -staður sé Ísland samtímans segir Sigrún að það komi reyndar hvergi fram að þetta sé á Íslandi en sagan sé samtímasaga. Hún dregur hins vegar seiminn þegar spurt er hvort sagan sé að einhverju leyti fantasía. „Nei, ekki beinlínis,“ segir hún. „Mér finnst reyndar svona flokkun óþægileg. Í sögum mínum gerist reyndar oft eitthvað yfirnáttúrulegt, en það er minna af því í þessari sögu en oft áður, þótt vissulega sé ýmislegt skrítið sem gerist í sambandi við þessa auðlind og hólmann.“

Bókin er tilnefnd bæði til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna og hefur fengið rífandi dóma. „Ég er mjög glöð með það,“ segir Sigrún. „Ég hef reynt að vanda mig, eins og ég geri reyndar alltaf. Eins og í öllum mínum bókum er í þessari mikið af myndum, enda legg ég mikið upp úr því, það er bara partur af minni sköpun.“

Þetta er í fyrsta sinn sem barnabækur fá sérstakan flokk í Íslensku bókmenntaverðlaununum, en hingað til hafa þær verið gjaldgengar í hinum flokkunum. Sigrún segir það skipta máli fyrir barnabókmenntirnar að hljóta þessa viðurkenningu. „Ég held að tvær bækur hafi verið tilnefndar í flokki fagurbókmennta og ein í flokki fræðibóka á þessum 25 árum sem verðlaunin hafa verið veitt, þannig að það er augljóst að þær hafa átt erfitt uppdráttar. Fólki hættir til að taka ekki almennilegt mark á barnabókum sem er náttúrulega fáránlegt, því þær skipta miklu máli. Vonandi breytist það með tilkomu þessa flokks og því að barnabækur hafa fengið sinn flokk í Norrænu bókmenntaverðlaununum.“

fridrikab@frettabladid.is





**KAMMERKÓRINN HYMNODIA** Útgáfutónleikar númer tvö í Akureyrarkirkju á laugardag.

# Jólalög frá ýmsum öldum á Akureyri

**Hymnodia fagnar útgáfu nýs geisladisks, Þar ljós inn skein, í Akureyrarkirkju á laugardaginn.**

Kammerkórinn Hymnodia frá Akureyri fagnar útgáfu jóladisks síns, Þar ljós inn skein, í annað sinn í Akureyrarkirkju á laugardaginn. Á disknum eru jólalög frá ýmsum öldum, innlend og erlend, en líka nýjar tónsmíðar íslenskra tónskálda. Meðal annars eru þar þrjú lög eftir Daníel Þorsteinsson, píanóleikara í Eyjafjarðarsveit, sem ekki hafa komið út áður á plötu og enn fremur tvö áður óútgefin verk eftir Michael Jón Clarke, söngkennara og tónskáld á Akureyri.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21. Auk kórsins koma fram hljóðfæraleikararnir Lára Sóley Jóhannsdóttir, sem leikur á fiðlu, Emil Þorri Emilsson slagverksleikari og Eyþór Ingi Jónsson, sem spilar á harmóníum en hann er líka stjórnandi Hymnodiu.

Forsala aðgöngumiða á útgáfutónleikana í Akureyrarkirkju er í Eymundsson á Akureyri og tónleikarnir hefjast klukkan 21.




DYNAMO REYKJAVÍK



**KVÖLDLOKKUR** Blásarakvintett Reykjavíkur heldur sína árlegu aðventutónleika á sunnudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fagrar kvöldlokkur blásara í Fríkirkjunni

## Árlegir aðventutónleikar Blásarakvintetts Reykjavíkur, Kvöldlokkur, verða á sunnudagskvöldið.

Blásarakvintett Reykjavíkur og félagar flytja árlega aðventutónleika sína undir heitinu Kvöldlokkur á jólaföstu sunnudaginn 22. desember klukkan 20 í Fríkirkjunni í Reykjavík.

Þessi gamla hefð blásarakvintettsins þar sem boðið er upp á unaðslegar blásaraserenöður eða kvöldlokkur, sem eiga ekkert skylt við hárlokk heldur sögnina að lokka, hefur glatt eyru borgarbúa í áratugi og á sinn fasta aðdáendahóp. Fríkirkjan í Reykjavík er afar falleg og hljómfögur umgjörð um þessa áhrifamiklu blásaratóna sem að þessu sinni eru eftir tónskáldin Mozart, Krommer og Blasé. Tónleikarnir standa yfir í eina klukkustund.

# Eins kærkomið happ og hugsast getur

## Kristján Jóhannesson söngvari hlaut í gær viðurkenningu og hálfa milljón króna úr styrktarsjóði Önnu K. Nordal. Hann er á leið í framhaldsnám í Vínarborg.

„Ég er mjög þakklátur. Styrkurinn kemur sér ákaflega vel því ég er á leiðinni út til Vínar í janúar en skólinn byrjar ekki fyrr en í febrúar og ég þarf að taka þátt í verkefni áður, launalaust.“ Þetta segir Kristján Jóhannesson söngvari um 500 þúsund króna styrk sem hann tók við í gær úr styrktarsjóði Önnu K. Nordal.

Kristján upplýsir að verkefnið sé nemendauppfærsla á barnaóperunni Hans og Grétu eftir Engelbert Humperdinck sem sett verður upp við skólann sem hann er að hefja nám í. „Ég hef engan rétt á námslánum fyrr en ég byrja fyrir alvöru í skólanum í febrúar og þess vegna er styrkurinn eins kærkomið happ og hugsast getur.“

Skólinn sem Kristján talar um er Konservatoríið í Vínarborg. Þar hyggst hann dvelja við BA-nám í fjögur ár. „Svo er það bundið því hvernig gengur hvað ég geri.“

Kristján lauk burtfararprófi í vor frá Söngskóla Sigurðar Demetz. Kennarar hans voru Sigrún Hjálmtýsdóttir, Kristján Jóhannsson og Keith Reed. Nú í haust þreytti hann frumraun sína sem einsöngvari hjá Íslensku óperunni í Carmen. Hann hefur líka verið í fastakór óperunnar og sungið með honum í La bohème og Il trovatore.

Kristján er tuttugu og eins árs og kveðst vita um fleiri íslenska nemendur við Konservatoríið. Meðal þeirra sem stunda þar nám er kærastan hans, Fjóla Kristín Nikulásdóttir, sem er í mastersnámi. Hann kveðst hafa dvalið hjá henni tvo mánuði síðastliðið vor. „Það var þá sem ég sótti um,“ segir hann.



**VIÐ AFHENDINGUNA** Jónas Ingimundarson, Aino Freyja Järvelä, Kristján Jóhannesson og Þórður Júlíusson.

### Styrktarsjóður Önnu Nordal

Styrktarsjóðurinn sem Kristjáni var veitt úr er stofnaður af Önnu Karólínu Nordal sem fæddist í Vesturheimi árið 1902 og lést árið 1998. Hún bjó alla tíð í Kanada og kom aldrei til Íslands. Hún hafði engu að síður sterkar taugar til landsins og sýndi ættlandi sínu og Íslendingum mikla ræktarsemi eins og sjóðurinn er fagur vitnisburður um. Anna var alþýðukona og mikill unnandi tónlistar og vildi styrkja ungt tónlistarfólk í námi og hvetja til frekari árangurs.



# Jólabækur við allra hæfi




## Skáldaspegill Ólafs Ormssonar

„... dregur upp skarpar og skemmtilegar myndir af íslensku þjóðlífi síðustu áratuga - ekki síst af pólitík og menningarlífi. ... Margar mannlýsingar hans eru eftirminnilegar. Virkilega fín bók ...“

*Ólafur Þ. Harðarson*

„Bráðskemmtilegar og áhugaverðar lýsingar á mönnum og málefnum þessara ára og fram á okkar dag.“

*Sveinn Guðjónsson*




## Endurminningar Ragnars Stefánssonar

**Opinská og heiðarleg baráttusaga, og jafnframt stórskemmtileg!**




## Gullmoli eftir Jules Verne

Hin fræga skáldsaga Jules Verne, *Ferðin að miðju jarðar,* kemur nú í fyrsta sinn út óstytt og þýdd úr frummálinu með myndskreytingum frumútgáfunnar.

**Sannkallaður happafengur handa öllum unnendum ævintýra og vísindaskáldsagna.**




## Jólagjöf jeppamannsins

Glæsilegt rit um Ferðaklúbbinn 4x4 í 30 ár. Um sex hundruð ljósmyndir og kort. Í bókinni er fjallað um sögu klúbbsins og einstakra deilda frá upphafi, sögu jeppa á Íslandi, landmælingar og slóðamál, skála klúbbsins, umhverfis- og tæknimál, ýmis hagnýt ráð fyrir fjallamenn og þannig má lengi telja.

**Það má enginn fjallamaður missa af þessari bók!**

**SKRUDDA**

www.skrudda.is

## Jólastemning á Kjarvalsstöðum



**Barmahlíðarkórinn flytur ljúfar söngperlur á Kaffi Kompaníinu á Kjarvalsstöðum á morgun klukkan 13. Kórinn hefur komið fram við hin ýmsu tækifæri síðustu ár við góðar undirtektir. Kórstjóri er Örlygur Benediktsson.**

**Ókeypis kakó og kleinur fyrir 12 ára og yngri og aldrei að vita nema jólasveinar láti sjá sig á svæðinu.**



**KAMMERSVEIT REYKJAVÍKUR** árlegir jólatónleikar fara fram á sunnudag

# Jólatónleikar í Norðurljósasal

Kammersveit Reykjavíkur heldur sína árlegu jólatónleika í Norðurljósasal Hörpu á sunnudaginn, en sveitin fagnar um þessar mundir 40 ára starfsafmæli sínu. Á tónleikunum mun hinn margrómaði Jóhann Már Nardeau leika á trompet en konsertmeistari verður Una Sveinbjarnardóttir. Verk tónskáldanna Händels og Telemanns munu óma um Norðurljósasalinn í flutningi strengjasveitar, sembals, óbóa, fagotts og trompets.

Kammersveitin hefur í gegnum tíðina sinnt flutningi tónlistar frá barokktímabilinu við góðar undirtektir, en í huga margra eru jólatónleikar sveitarinnar ómissandi hluti af aðventunni. Tónleikarnir hefjast klukkan 17, en miðasalan fer fram á midi.is og í Hörpu.

# Verða að vera bækur undir jólatrénu

Hvernig líður bókaútgefendum þessa síðustu daga fyrir jól? Of seint að endurprenta og lítið að gera nema bíða eftir sölutölum. Guðrún Vilmundardóttir, útgáfustjóri Bjarts, segist vera í ljómandi skapi enda líti út fyrir frábært útgáfuár.

„Þetta er skrítinn tími því nú slokknar á öllu fyrir okkur,“ segir Guðrún Vilmundardóttir, útgáfustjóri Bjarts, spurð hvernig bókaútgefendum líði þegar allar bækur eru komnar út og ekkert hægt að gera nema bíða eftir viðtökunum. „Í byrjun þessarar viku var enn hægt að vera andvaka og liggja yfir kúrvunum og tölunum til að sjá hvort þyrfti að endurprenta, en núna er mjög fátt sem við getum gert nema bíða. Við erum með fullt af góðu fólki úti í búðunum sem fylgist með hreyfingunni þar og lagerinn verður að tæmast í dag og á morgun.“

Guðrún segir mikilvægt að fylgjast með því að réttar bækur séu í réttum búðum, því það sé misjafnt hvar einstakar bækur seljist mest. „Nú eru tveir metsölulistar í gangi, því Eymundsson, og nokkrir bóksalar til, eru því miður ekki með í bóksölulista Félags bókaútgefenda. Með því að skoða muninn á þessum tveimur listum fæst smjörþefur af því að það selst ekki allt jafnt á ólíkum stöðum.“

Salan hefur farið vel af stað, að sögn Guðrúnar, og hún er feikiánægð með sína höfunda. Þriðja prentun af skáldsögu Jóns Kalmans Stefánssonar, Fiskarnir hafa enga fætur, var sett í gang á mánudaginn og Guðrún segir henni verða dreift í búðirnar í dag. „Skáldsögurnar okkar tvær, Fiskarnir hans Jóns Kalman og 1983 Eiríks Guðmundssonar, eru tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og hafa verið endurprentaðar. Þeir eru báðir að seljast reglulega vel. Hlustað eftir Jón Óttar Ólafsson er að taka góðan kipp og í heild liggur þetta ár hjá Bjarti, og samsteypunni Bjarti & Veröld, á milli þess að vera mjög gott eða frábært, þar liggur eini efinn. Því er ég auðvitað mun rólegri og afslappaðri núna en oft áður á þessum tíma.“



**Í JÓLASKAPI** Guðrún Vilmundardóttir segist vera mun afslappaðri í ár en oft áður á þessum tíma, enda hafi útgáfuárið verið gott. Fréttablaðið/Valli

Þú vilt væntanlega helst fá eitthvað annað en bækur í jólagjöf? „Nei, svo sannarlega ekki. Mig langar alltaf í bækur í jólagjöf! Það er auðvitað auðveldara að koma mér á óvart með erlendum bókum í jólapakkanum, en það verða að vera bækur undir jólatrénu, annað eru ekki jól.“

fridrikab@frettabladid.is


## Ted Hughes

# Afmælisbréf

Þýðing: Hallberg Hallmundsson og Árni Blandon

*Loksins er metsöluljóðabók Ted Hughes komin út í íslenskri þýðingu. Hreinskilið uppgjör karlmanns eftir erfitt hjónaband hans og skáldsnillingsins Sylviu Plath. Í ljóðunum lýsir Ted ást þeirra og erfiðleikum, hvernig kona komst upp á milli þeirra hjóna, dólgafeministunum sem lögðu hann í einelti eftir sjálfsmorð Sylviu og svo framvegis.*




-------------------



**Þegar Hallberg Hallmundsson dó í janúar 2011 hafði hann lokið við að þýða þriðjung *Afmælisbréfanna*. Ættingjar Hallbergs hafa nú gefið verkið út í heild sinni í samræmdri þýðingu. Bókin samanstendur af 88 ljóðum (fjórum sinnum fjöldi stafa í hebreska stafrófinu og Tarot spila) og er 198 blaðsíður. Bók sem ljóðavinir hafa lengi beðið eftir.**

Útg.: BRÚ Dreifing: JPV.

Komin í bókabúðir


# Brosið sem hvarf

BÆKUR ★★★☆☆

**Brosbókin**
Jóna Valborg Árnadóttir
og Elsa Nielsen
**SALKA**

Brosbókin eftir Jónu Valborgu Árnadóttur fjallar um litla stúlku í fjarlægu ríki, hana Sólu, sem hefur það einstaka persónueinkenni að vera alltaf brosandi. Gleði hennar er smitandi, eins og gjarnan er raunin, og hún er hvers manns hugljúfi. Einn daginn gerist nokkuð sem engan hafði órað fyrir en þann dag vaknar Sóla og brosið hennar er horfið. Það sem áður veitti henni hina mestu gleði hefur engin áhrif á þessa skyndilegu fýlu. Þetta veldur uppnámi í ríkinu og allir hjálpast að við að leita að brosinu úti um allan bæ. Í ljós kemur að þau hafa leitað langt yfir skammt, því brosið leynist auðvitað dulbúið á andliti Sólu. Boðskapur sögunnar er einfaldur: Allir fara einhvern tímann í vont skap og þá þarf maður sjálfur að „finna brosið sitt aftur“.




Bókin er sniðug að því leyti að börn halda gjarnan að heimurinn snúist um þau ein – enda gerir hann það að mörgu leyti. Þess vegna er hreint ekki skrýtið að gleði Sólu sé svo mikilvæg fyrir þegna ríkisins að þeir verði allir miður sín þegar brosið hverfur. Auk þess er ágætt að hafa í huga að lundarfar er gjarnan smitandi, hvort sem það er jákvætt eða neikvætt. Það gildir bæði um börn og fullorðna.

Hugmyndin er góð en hugsanlega hefði mátt verja meiri tíma í að fínpússa söguþráðinn. Hann gengur þó ágætlega upp og bókin ætti að höfða vel til yngstu kynslóðarinnar. Auk þess er sagan kjörin til þess að skapa umræður um skapsveiflur og áhrif þeirra á annað fólk.

Bókin skartar litríkum og fjölbreytilegum myndlýsingum eftir Elsu Nielsen. Þær eru blanda af tölvuunnum klippimyndum og teikningum. Að því leyti minna þær á bækurnar um Einar Áskel. Á hverri opnu er margt að skoða og myndirnar eru ekki hugsaðar sem einfaldar myndskreytingar heldur bæta þær við söguþráðinn.

Uppsetningin er skemmtileg og letrið er nógu stórt fyrir börn sem eru að læra að lesa. Aftur á móti eru setningarnar margar hverjar í lengri kantinum fyrir þessi sömu börn.

Halla Þórlaug Óskarsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtilega myndlýst bók fyrir unga krakka með áhugaverðum boðskap sem ætti að vekja umræður.


Jólahátíð
Skoppu og Skrítlu
Allra síðustu sýningar
Næstu sýningar:
21. des. - kl. 13 - örfá sæti laus
21. des. - kl. 14:30 - Uppselt
21. des. - kl. 16 - örfá sæti laus
22. des. - kl. 13 - Uppselt
22. des. - kl. 14:30 - örfá sæti laus
22. des. - kl. 16 - Uppselt
27. des. - kl. 13 - aukasýning
27. des. - kl. 14:30 - aukasýning
28. des. - kl. 13 - aukasýning
28. des. - kl. 14:30 - aukasýning
29. des. - kl. 13 - aukasýning
29. des. - kl. 14:30 - aukasýning
Fylgdu okkur á
facebook
Borgarleikhúsið
Miðasölusími 568 8000 | borgarleikhus.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Lax
2359
krónur kg.
NORÐANFISKUR
ÍSLENSKUR LAX REYKTUR / GRAFINN
Fiskbúðin okkar
979
krónur kg.
FIKSBÚÐIN OKKAR
SÖLTUÐ OG KÆST SKATA
pepsi
pepsi MAX
198
krónur 2 ltr
198
krónur 2 ltr
Coca-Cola
198
krónur 1.5 ltr
209
krónur 680g
HEIMA RAUÐKÁL 680g
HEIMA
RAUÐ RÓFUR
209
krónur 670g
HEIMA RAUÐRÓFUR
Jólaís
759
kr. 1.5 ltr
898
krónur kg.
NORÐANFISKUR ÚTVATNAÐUR
FROSINN SALTFISKUR
1298
kr. kg
ÍSLANDS GRÍS
ÍSLANDSGRÍS
HAMBORGARHRYGGUR M.BEINI
Ali
1698
krónur kg.
Hamborgarhryggur
MEÐ BEINI
198
krónur 500g
BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500gr
ÍSLANDS LAMB
Hangikjöt
2998
krónur kg.
ÍSLANDSLAMB TAÐREYKT HANGIKJÖT
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
Fylltir molar
1798
kr. 630gr
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
KOFARAREYKTUR
ÚRBEINAÐUR
HANGIFRAMPARTUR
1998
krónur kg.
KOFARAREYKT
ÚRBEINAÐ
HANGILÆRI
2998
krónur kg.
Fjalla HANGIKJÖT
ÚRBEINAÐ
HANGILÆRI
2598
kr. kg
Fjalla HANGIKJÖT
ÚRBEINAÐUR
HANGI-
FRAMPARTUR
1998
krónur kg.
Bónus konfekt
Konfekt
1098
krónur 700g.
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-20:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLANDS NAUT
2598 krónur kg.
STEIK ÚR INNRA LÆRI
ÍSLANDSNAUT FERSK PIPARSTEIK
3598 krónur kg.
ÍSLANDSNAUT FERSKT NAUTA RIBEY
3598 krónur kg.
ÍSLANDSLAMB FERSKT LAMBAFILLET
FRÁ ÞÝSKALANDI
3998 kr. kg.
FROSIN Heil nautalund
Ali
1598 krónur kg.
ALI FERSKAR GRÍSALUNDIR
FRÁ ÞÝSKALANDI
100% KJÖT
2298 krónur kg
FROSIN ÞÝSK ÚRBEINUÐ KALKÚNABRINGA
ÍSLANDSNAUT
3598 krónur kg.
ÍSLANDSNAUT
FERSKT NAUTAFILLET
AÐEINS 1198 KR.KG
2875 kr. 2,4 kg
ÞÝSK FROSIN
HEIL PEKINGÖND
BÓNUS
Grísalundir
1598 krónur kg.
BÓNUS FERSKAR GRÍSALUNDIR
BÓNUS Kjúklingur
759 krónur kg.
BÓNUS HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
SLÁTRUN 2013
KS
1298 krónur kg.
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
Grísabógur
598 krónur kg.
BÓNUS FERSKUR GRÍSABÓGUR
HEIMA
GRÆNN ASPAS Í BITUM
159 krónur 283g
HEIMA
ASPAS Í BITUM 283g
AFGREIÐSLUTÍMI
TIL JÓLA
Í VERSLUNUM BÓNUS
Föstudagur 20.des 10.00-20.00
Laugardagur 21.des 10.00-21.00
Sunnudagur 22.des 10.00-22.00
Mánudagur 23.des 10.00-22.00
Aðfangadagur 24.des 10.00-14.00
Föstudagur 27.des 10.00-19.00
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
BÓNUS
Grísahryggur
1298 krónur kg.
BÓNUS FERSKUR ÚRBEINAÐUR
GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU
Reyktur Hátíðar kjúklingur
979 krónur kg.
HOLTA FROSINN REYKTUR HÁTÍÐAR KJÚKLINGUR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-20:00



**NÓG AÐ GERA** Logi Bergmann lofar fjöri í kvöld.

# Mikil læti og vesen

## Logi Bergmann stýrir risastórum jólaþætti í kvöld.

„Það verður alveg mökkur af fólki þarna,“ segir Logi Bergmann Eiðsson sjónvarpsmaður um sérstakan jólaþátt sem verður á dagskrá á Stöð 2 í kvöld klukkan fimm mínútur í átta. Þátturinn heitir einfaldlega Risastóri jólaþátturinn og mun Logi taka á móti ófáum góðum gestum.

„Ég held að þátturinn hafi aldrei verið svona stór, það eru einhver sjö, átta tónlistaratriði og nóg að gera,“ segir hann, en meðal þeirra sem flytja munu lög í þættinum má nefna Jón Jónsson, KK og Ellen, Lay Low og Ragga Bjarna ásamt fleirum. „Hápunkturinn verður svo þegar Helgi Björns kemur og tekur Ef ég nenni,“ bætir Logi við.

Að sögn Loga mun þátturinn standa í um einn og hálfan tíma, þó að erfitt sé að segja til um það með vissu. „Við reynum alltaf að gera aðeins meira en við ráðum við,“ segir Logi. „Það verða allavega mikil læti og mikið vesen.“ **- bá**









# Leyfum útlendingum að svitna á jólunum

## Nýtt barnaefni kynnir gömlu, íslensku jólahefðirnar fyrir yngstu kynslóðinni.

Lög, kvæði og þjóðlegan fróðleik er að finna á nýútkomna DVD-disknum Íslensku jólasveinarnir okkar. Það er framleiðslufyrirtækið Sítrus sem gefur diskinn út og er ætlunin með honum að fræða börn um gömlu jólasiðina.

„Þetta er svona kynning á íslensku jólasveinunum,“ segir Stefán Sigurjónsson hjá Sítrus. Allir þrettán jólasveinarnir eru kynntir með leik, söng og þekktum vísum Jóhannesar úr Kötlum, en þær eru lesnar af Ólafi Darra Ólafssyni leikara. Einnig fylgir með alls konar fróðleikur tengdur hverjum jólasveini.

„Til dæmis má nefna að Hurðaskellir hét einnig Faldafeykir,“ segir Stefán. „Þá er ekki átt við faldinn á pilsum, heldur faldið á höfuðbúnaði skautbúningsins.“

Að sögn Stefáns verður haldið í það eftir jól að taka upp enska talsetningu á efninu og kynna alþjóðamarkaðinn fyrir íslensku jólunum. „Við höfum reyndar lögin rammíslensk og leyfum útlendingunum bara að svitna,“ segir hann, en jólasveinarnir syngja meðal annars lög á borð við Jólasveinar ganga um gólf og Á jóladaginn fyrsta.

Stefán segir gott að gleyma ekki þjóðlegum siðum þó börn í dag þekki frekar hinn alþjóðlega „Coca-Cola-jólasvein“.

„Þetta er bara til að minna á gömlu, góðu, íslensku jólin.“ **- bá**

> **Þetta er bara til að minna á gömlu, góðu, íslensku jólin.**
>
> *Stefán Sigurjónsson.*



**SPRÆKUR** Giljagaur bregður á leik ásamt bræðrum sínum á nýja disknum.

### → Nokkrir fróðleiksmolar af disknum

**Íslenskir jólasveinar hafa alltaf verið hrifnir af hinum ýmsu mjólkurafurðum. Ásamt Skyrgámi voru eitt sinn til jólasveinirnir Smjörhákur og Rjómasleikir, en þeir hafa fallið í gleymsku.**

**Kertasníkir** lagði sér kerti til munns hvenær sem færi gafst. Kerti voru áður fyrr ekki gerð úr vaxi heldur úr tólg, harðri fitu af nautgripum eða sauðfé. Tólgur var meðal annars notaður til að geyma kjötmeti.

**Askur** er tréílát með loki sem fólk borðaði úr á árum áður. Hver átti sinn ask sem var geymdur undir rúmi þar sem heimilisdýrin sleiktu hann hreinan, eða uppi á hillu fyrir ofan rúm eigandans. Askasleikir var fljótur að ná í askana áður en þeir voru settir fyrir hundana og kettina til að sleikja úr þeim afgangana.

**Stekkjarstaur** dregur EKKI nafn sitt af staurfótum sínum, þrátt fyrir það sem stendur í kvæði Jóhannesar frá Kötlum. Sérstök gerð fjárréttar kallaðist stekkur, og þar faldi fyrsti jólasveinninn sig eins og staur ef einhver kom í fjárhúsið þegar hann var að sjúga mjólk úr kindunum.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FÖSTUDAGUR

**20. DESEMBER**

### Tónleikar

**17.00** Aukatónleikar Baggalúts fara fram. Um er að ræða jólatónleika hópsins.

**19.30** Boðið verður til óvenjulegra jólatónleika á Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju. Þýsku jazztónlistarmennirnir Markus Burger og Jan von Klewist flytja mörg þekkt sálma- og jólalög á píanó og saxófón. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Sigríður Thorlacius heldur tónleika á Græna hattinum. Á þessum jólatónleikum flytur Sigríður m.a. lög af nýútkominni jólapötu ásamt hljóðfæraleikurunum Guðmundi Óskari Guðmundssyni (bassi), Bjarna Frímanni Bjarnasyni (píanó og fiðla), Ómari Guðjónssyni (gítar) og Helga Svavari Helgasyni (trommur).

**20.00** KK og Ellen halda aðventutónleika í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Aðventutónleikarnir eru orðnir ómissandi þáttur í aðdraganda jóla og koma gestum ávallt í hátíðarskap. Í mörg ár hafa þau haldið í hefðina og komið saman, ýmist þau tvö eða ásamt hljómsveit sem spilað hefur með þeim.

**20.00** Fjölskyldujólatónleikar sem haldnir eru fimmta árið í röð. Þar fer Regína Ósk fremst í flokki frábærra tónlistarmanna. Þar munu þau flytja lög af jólaplötu Regínu ásamt flottum klassískum jólaperlum. Kærleikur, gleði og gospel verða við völd þetta kvöld í kirkjunni.

**20.00** Í tilefni útgáfu á annarri breiðskífu sinni blæs hljómsveitin JOHNNY AND THE REST til veglegrar tónleikaveislu í Tjarnarbíói. Nýja afurðin ber heitið Wolves in the Night og hefur að geyma lög á borð við Mama Ganja sem fengið hefur afbragðs viðtökur á öldum ljósvakans síðan í sumar.

**20.00** Jólatónleikar X-ins, Xmas fara fram. Miðaverð er 1977 krónur og rennur óskipt í minningarsjóð Lofts Gunnarssonar, sem vinnur að því að bæta hag útigangsmanna í Reykjavík. Tónleikarnir fara fram í Austurbæ og margir helstu rokkarar landsins skemmta.

**21.00** Hin einlægu og líflegu söngvaskáld Kristjana Stefáns, Ragga Gröndal og Svavar Knútur blása til tónleika í jólatónleikaröðinni Eitthvað fallegt á Café Rosenberg í kvöld.



**23.00** Áratugalöng hefð er fyrir Jólasöngvum Kórs Langholtskirkju. Einsöngvarar eru Andri Björn Róbertsson, Guðrún Matthildur Sigurbergsdóttir, Jóna G. Kolbrúnardóttir, Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Þóra Einarsdóttir. Þetta verða þrítugustu og sjöttu jólasöngvarnir við kertaljós og að vanda er boðið upp á rjúkandi jólasúkkulaði og piparkökur í hléi. Mikill jólaandi ríkir á tónleikunum og geta fjölmargir gesta vart hugsað sér upphaf jólahátíðarinnar án þess að mæta á jólasöngva.

**23.00** Hljómsveitin Steed Lord mun koma fram á hörkutónleikum á Harlem og trylla lýðinn í Reykjavík! Hljómsveitin heldur ekki oft tónleika á Íslandi og þess vegna er um að gera að tryggja sér miða til að sjá sveitina spila. Steed Lord hefur verið við upptökur í Los Angeles.

### Söngskemmtun

**21.00** Tónlistarverkefnið Lonewolf mun standa fyrir útgáfu/frumsýningarpartíi á Bar 11. Lonewolf var að gefa út plötuna It Was My Mind og hefur nú gert myndbönd við þrjú lög sem finna má á plötunni. Á laugardaginn verða myndböndin spiluð auk þess sem platan verður spiluð í heild sinni.

### Tónlist

**23.00** Lifandi tónlist verður á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# LOFTLJÓS

BELID
MADE IN SWEDEN





**Rafkaup**

Ármúla 24 • S: 585 2800 • rafkaup.is



**HENTI KARTÖFLUNNI ÚT** Prjóskan eltist af Herði Sveinssyni.

# Herramaður og prúðmenni í dag

## Hörður Sveinsson ljósmyndari fékk kartöflu í skóinn þegar hann var barn og reyndar líka á jólum í fyrra.

Hörður Sveinsson ljósmyndari fékk kartöflu í skóinn þegar hann var fjögurra ára gamall. „Ég man mjög vel eftir því, þetta var mjög trámatískt í þeim skilningi að ég man þetta enn þó að ég muni fátt annað frá því að ég var fjögurra ára. Ég man ekki hvað ég gerði af mér, en ég vaknaði og mér brá rosalega þegar ég sá að ég hafði fengið kartöflu. Ég henti henni út um gluggann á kjallaraíbúðinni sem við fjölskyldan bjuggum í við Laugateig. Þegar mamma spurði mig hvað ég hefði fengið í skóinn sagðist ég hafa fengið mandarínu og að ég væri búinn að borða hana. Svo gekk mamma eitthvað á mig til að fá mig til að segja satt en ég þrjóskaðist við og laug, enda var ég mjög þrjóskt barn. Ég er ekki jafn þrjóskur í dag. Ætli þetta hafi ekki orðið til þess að ég varð þessi herramaður og þetta prúðmenni sem ég er í dag.

Reyndar fékk ég líka kartöflu í skóinn í fyrra. Þá vildu börnin mín að ég setti skóinn út í glugga. Svo fékk ég innpakkaða kartöflu með skilaboðum frá Stekkjarstaur þar sem stóð að ég myndi ekki fá neitt í skóinn af því að ég færi alltaf svo seint að sofa. „Hvað ertu eiginlega að pæla að setja skóinn út í glugga,“ stóð í skilaboðunum. Börnunum mínum fannst þetta mjög fyndið. Börnin mín hafa aldrei fengið kartöflu frá jólasveininum, enda einstaklega prúð börn. Þau fá bara kartöflur í matinn.“ - ue


Saga SPRON er komin í bókabúðir




Saga SPRON er saga vaxandi veldis, velgengni og að síðustu umdeildra endaloka.

Verkið varpar nýju ljósi á fjármálasögu Íslands og mun vafalítið vekja umtal.

Sögufélag, Skeifunni 3b, 108 Reykjavík.


# Vertu fyrirmyndarforeldri um jólin

Ýmislegt er hægt að gera með yngstu börnunum í aðdraganda jólanna og yfir sjálfa jólahátíðina. Skemmtanirnar eru á ýmsu verði og því ætti hver að geta fundið eitthvað við sitt hæfi – hvort sem pyngjan er þung eða létt.

**VIÐBURÐIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**




**ÓKEYPIS**

### Tónleikar Barmahlíðarkórsins

Barmahlíðarkórinn flytur söngperlur á Kaffikompaníinu á Kjarvalsstöðum laugardaginn 21. desember klukkan 13. Ókeypis kakó og kleinur fyrir 12 ára og yngri, aldrei að vita nema jólasveinar láti sjá sig á svæðinu.

**ÓKEYPIS**

### Jóladagatal Norræna hússins

Á hverjum degi klukkan 12.34 frá 1. til 23. desember er opnaður nýr gluggi og gestir fá að njóta atriðis í sal Norræna hússins. Aldrei er tilkynnt hvaða skemmtiatriði verður hvern dag og en uppákomurnar fjalla ekki endilega allar um jólin.

**ÓKEYPIS/550 KR./750 KR.**

### Jólakötturinn

Hægt er að heimsækja Jólaköttinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, og auðvitað öll hin dýrin líka. Ókeypis er fyrir börn til fjögurra ára aldurs, börn 5 til 12 ára borga 550 krónur og unglingar 750 krónur.

**750 KR./1.200 KR.**

### Bíóferð

Nóg er um að vera í kvikmyndahúsum og meðal annars hægt að bjóða börnunum á teiknimyndirnar Frosinn, Risaeðlur og Furðufugla. Verð fyrir börn að átta ára aldri er 750 krónur og fyrir 9 til 12 ára 1.200 krónur.



**2.700 KR.**

### Jólahátíð Skoppu og Skrítlu

Í aðdraganda jóla halda Skoppa og Skrítla mikla hátíð í Borgarleikhúsinu til að bjóða sjálfan jólasveininn velkominn til byggða.



**3.950 KR.**

### Óvitar

Leikrit Guðrúnar Helgadóttur er sýnt í Þjóðleikhúsinu en í því fæðast börnin stór en minnka með aldrinum.



**ÓKEYPIS**

### Jólasveinar á Þjóðminjasafni

Jólasveinarnir mæta á Þjóðminjasafnið klukkan 11 á hverjum degi til jóla og hafa gert það í 25 ár.

**ÓKEYPIS FYRIR BÖRN**

### Jólasýning Árbæjarsafns

Ungir sem aldnir geta rölt á milli húsanna og fylgst með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. Hrekkjóttir jólasveinar gægjast á glugga og kíkja í potta, börn og fullorðnir fá að föndra og syngja jólalög. Sýningin er opin sunnudaginn 22. desember frá klukkan 13 til 17 og er aðgangseyrir 1.200 krónur fyrir fullorðna.

**200 KR./1.000 KR.**

### Skautaferð

Leikskólabörn borga 200 krónur fyrir aðgang að Skautahöllinni í Laugardal en sextán ára og yngri borga 1.000 krónur.

**1.900 KR.**

### Leitin að Jólunum

Tveir skrítnir og skemmtilegir náungar taka á móti litlum leikhúsgestum í anddyri Þjóðleikhússins. Með þeim í för eru tveir hljóðfæraleikarar og þessi fjörugi hópur leiðir börnin með leik og söng um leikhúsið. Börnin ferðast inn í ævintýraveröld jólanna og sjá leikþætti um jólin í gamla daga og á okkar tímum.



**2.900 KR.**

### Horn á Höfði

Fjölskyldusöngleikur í Tjarnarbíói sem fjallar um Björn sem vaknar einn morguninn með horn á höfði og fær Jórunni vinkonu sína til að hjálpa sér við að rannsaka málið.




**5.950 KR.**

### Mary Poppins

Ein vinsælasta sýning ársins í Borgarleikhúsinu þar sem Mary Poppins lífgar upp á heimilislífið í Kirsutrjárunni og breytir grárri Lundúnaborg í litríkt ævintýri þar sem sótarar dansa upp um veggi og loft.

# JÓLABÓKAFLÓÐ Á FISKISLÓÐ!

*Opið til kl. 19 alla daga til jóla*

**LEIKHORN FYRIR BÖRNIN**

**JÓLAMERKIMIÐI FYLGIR HVERRI KEYPTRI BÓK**




Forlagsverð
kr. 6.790




Forlagsverð
kr. 4.290




Forlagsverð
kr. 5.390




Forlagsverð
kr. 2.545




Forlagsverð
kr. 5.190




Forlagsverð
kr. 3.910




Forlagsverð
kr. 2.590




Forlagsverð
kr. 3.790




Forlagsverð
kr. 3.655




Forlagsverð
kr. 4.290

Birt með fyrirvara um villur.

**NÆG BÍLASTÆÐI OG HEITT Á KÖNNUNNI**




**ÞÚSUNDIR TITLA FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS – Á FORLAGSVERÐI**

FORLAGIÐ Bókabúð

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636 | forlagid.is



**EFTIRRÉTTAHLAÐBORÐ** Fjölskylda Rikku útbýr gjarnan eftirréttahlaðborð á aðfangadagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Rikka með hamborgarhrygg og hnetusteik

Rikku þykir sérstaklega vænt um hefðirnar í kringum jólahátíðina. Hún deilir með lesendum uppskrift að Biscotti-kökum og súkkulaðibitakökum.

„Ég er hefðbundin þegar snýr að hátíðunum,“ segir Friðrika Hjördís Geirsdóttir, betur þekkt sem Rikka.

„Ég ætla að vera með hamborgarhrygg eftir minni fjölskylduhefð á aðfangadagskvöld. En ég ætla samt sem áður að bæta við hnetusteik til hliðar, svo að það sé svona sitt lítið af hverju og eitthvað fyrir alla á boðstólum,“ segir Rikka jafnframt.

„Ég er að elda fyrir stóra fjölskyldu!“ segir Rikka, létt í bragði. „Ég er ekki alveg búin að ákveða hvað ég ætla að hafa í eftirrétt og ætla að vera nokkuð spontant í því – mér finnst pekanpæ ótrúlega hátíðlegt og það er vel hugsanlegt að það verði fyrir valinu,“ útskýrir Rikka.

„En svo erum við oft með pínu hlaðborð, mamma gerir ís og ég eina köku og stundum verður úr heilt hlaðborð af eftirréttum!“ segir Rikka.

„En í heildina litið er ég rosalega vanaföst í kringum jólin. Það er það sem mér þykir svo fallegt við jólin – hefðirnar, og mér þykir svo vænt um þær,“ segir Rikka.

- ós



## Karamellu og nutella-súkkulaðibitakökur Rikku

**Sextán stykki:**
- 110 g smjör
- 350 g púðursykur
- 2 egg
- 55 g kakó
- ¼ tsk. salt
- ¾ tsk. lyftiduft
- 260 g hveiti
- sjávarsalt
- 8 msk. nutella
- 8 Dumle-karamellur, skornar í tveinnt

*Hitið ofninn í 180°C. Bræðið smjörið og bætið púðursykrinum og eggjunum saman við og hrærið. Bætið afganginum af hráefnunum saman við og hrærið þar til blandan er orðin slétt og falleg.*

*Setjið 1 tsk. af deiginu á smjörpappírsklædda ofnplötu, leggið 1 tsk. af nutella og hálfa karamellu ofan á, setjið aðra teskeið af kökudeiginu ofan á og lokið karamelluna inni. Gerið þetta þar til allt hráefni er uppurið. Stráið örlitu sjávarsalti yfir og bakið í 8-10 mínútur.*



## Biscotti með pekanhnetum, trönuberjum og hvítu súkkulaði

**25-30 stk.**
- 60 ml ólífuolía
- 150 g sykur
- 2 tsk. vanilludropar
- 2 egg
- 180 g hveiti
- 1 tsk. lyftiduft
- salt á hnífsoddi
- 85 g þurrkuð trönuber
- 150 g pekanhnetur grófsaxaðar
- 50 g hvítt súkkulaði, saxað

*Hitið ofninn í 150°C. Hrærið ólífuolíu og sykri saman í hrærivél og bætið vanilludropum og eggjum saman við. Blandið þurrefnunum saman í skál og stráið þeim smám saman við eggjablönduna. Handhrærið trönuber, pekanhnetur og súkkulaði saman við deigið.*

*Skiptið deiginu upp í tvo hluta og mótið eins konar brauðhleifa úr þeim. Leggið deigið á pappírsklædda ofnplötu og bakið í 35 mínútur. Takið kökurnar úr ofninum og kælið í 10 mínútur. Lækkið hitann á ofninum niður í 100°C. Skerið kökurnar í u.þ.b. 1 cm þykkar sneiðar og bakið áfram í 10 mínútur eða þar til að þær eru þurrar viðkomu.*



# @ HARÐIR PAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

### LEIKJAMÚS — Razer



**Razer DeathAdder**
Mögnuð leikjamús, Optical 4G, 6400dpi.

**12.450**

### LEIKJALYKLABORÐ — Razer



**Razer DeathStalker**
Flott leikjalyklaborð með grænum upplýstum og forritanlegum tökkum.

**15.950**

### 2.1 HÁTALARKERFI — Logitech



**Logitech Z313**
25W RMS hátalarakerfi með 2 kraftmiklum hátölurum og bassaboxi. Fjarstýring með heyrnatólstengi.

**8.750**

### 180GB SSD DISKUR — intel



**Intel 335 SSD**
Hraðvirkur 180GB SATA 3 SSD diskur. SSD er ein besta uppfærslan sem hægt er að fá fyrir fartölvu eða borðtölvu.

**23.950**

### 7" SPJALDTÖLVA




Falleg og nett spjaldtölva, tilvalin til að vafra á netinu, horfa á kvikmyndir, lesa rafbækur og til að spila leiki. Yfir milljón forrita í boði í gegnum Google Play Store.

nextbook — android 4.0

**Nextbook Premium 7SE**

- 1GHz Cortex A9 örgjörvi
- 512MB vinnsluminni
- 4GB Flash geymslupláss
- Micro SD kortarauf tekur allt að 32GB
- 7" LCD capacitive snertiskjár 840x480
- Innbyggðir hátalarar og hljóðnemi
- Innbyggð 0.3 MP myndavél að framan
- Android 4.0 stýrikerfi

**13.950**

### LEIKJATÖLVA — COOLER MASTER



LÍTIL, HLJÓÐLÁT OG ÖFLUG

**Intel Tölva 3**

- CoolerMaster Silencio 352 turn
- Intel Core i5 Haswell 4570 örgjörvi
- 8GB Dual DDR3 vinnsluminni
- 1TB SATA3 harðurdiskur
- Radeon 7850 2GB OC skjákort
- Kortalesari og USB3 tengi að framan
- Windows 8.1 stýrikerfi

Windows 8.1

**149.950**

### 21,5" LED SKJÁR — acer




**Acer 21,5" V223HQLCbd**
Góður skjár með Full HD 1920x1080 upplausn, 5ms svartíma, VGA og DVI tengi.

**22.950**

### 15,6" FARTÖLVA — acer



**Acer Aspire E1-531-030**
15,6" fartölva fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu á ótrúlegu verði. Intel Dual Core örgjörvi, Intel HD skjákort, 4GB vinnsluminni, 500GB harður diskur.

Windows 8.1

**69.950**

### 3TB FLAKKARI

Seagate

**Seagate Expansion**
Hraðvirkur 3TB flakkari frá Seagate með USB 3.0.



3TB

**19.950**

### 1 TB TV FLAKKARI

1TB DISKUR FYLGIR

A.C.Ryan



**Playon!HD**
Flottur H.264 háskerpu sjónvarpsflakkari sem spilar myndefni upp í 1080p. HDMI, Composite, optical tengi. Spilar einnig efni af USB lyklum og kortum. Spilar AVI, MP4, MKV ofl.

1080P HDMI

**29.950**

### VEFMYNDAVÉL



Logitech

**Logitech WebCam C170**
Einföld, ódýr og góð vefmyndavél.

**2.950**

### TÖLVUVIÐGERÐASETT — MANHATTAN



**Manhattan TOOLKIT**
13 stykkja viðgerðasett fyrir tölvur og tengd tæki.

**1.750**

**OPNUNARTÍMI TIL JÓLA**
Föstudagur 10-18
Laugardagur 12-18
Sunnudagur 12-18
Þorláksmessa 10-18

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 950 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is — Allt tölvutengt á betra verði

# Tíu bestu sjónvarpsþættir ársins 2013

Sjónvarpsgagnrýnandinn John Griffiths hefur tekið saman tíu bestu sjónvarpsþætti þessa árs og kennir þar ýmissa grasa. Lokaseríur bæði 30 Rock og Breaking Bad ná inn á listann sem og pólitíska dramað Scandal.



1 **MAD MEN (AMC)** Sixtísdramað var hrífandi þegar Don Draper (Jon Hamm, aldrei betri) gekkst loksins við vafasamri fortíð sinni.



2 **BREAKING BAD (AMC)** Metamfetamínkóngurinn Walter White (Bryan Cranston) og þetta hráa drama endaði með hvelli. Skylduáhorf fyrir alla í ár.

3 **ORPHAN BLACK (BBC AMERICA)** Tatiana Maslany fangar athygli manns sem sjö dauðadæmdir klónar.






4 **THE GOOD WIFE (CBS)** Hörkulögfræðingurinn Alicia valdi vald í staðinn fyrir vini sem gaf þessu fágaða drama nýjan blæ.



5 **SCANDAL (ABC)** Pólitík og leigumorðingjar létu mann alltaf bíða eftir næsta þætti með gæsahúð.



6 **30 ROCK (NBC)** Liz Lemon (Tina Fey) fann ástina en sjónvarpið tapaði súrrealískum og fyndnum gamanþætti.



7 **HOUSE OF CARDS (NETFLIX)** Kevin Spacey sem brögðóttur þingmaður gerði þetta drama þess virði að horfa á.



8 **THE WALKING DEAD (AMC)** Þetta sombídrama keyrði hasarinn í gang með klassískri baráttu milli hetju og illmennis.



10 **BATES MOTEL (A&E)** Vera Farmiga fer á kostum sem móðir Normans Bates í þessari forsögu Psycho.



9 **BEHIND THE CANDELABRA (HBO)** Frægi píanistinn Liberace (Michael Douglas) og leikfangið hans (Matt Damon) voru sjónvarpspar ársins!

### → Þessir komust næstum á listann

Veep
American Horror Story: Coven
Game of Thrones
Downton Abbey
Shark Tank


## FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ



# KONURNAR Á HEIMILINU RÁÐA

**Björgvin Halldórsson** ætlar rjúfa áralanga hefð á aðfangadagskvöld og hafa íslenskan lambahrygg upp á gamla mátann í stað kalkúns á borðum. Það gerir hann til að þóknast Ragnheiði konu sinni og Svölu dóttur sinni sem býr í Los Angeles en er í jólafríi á landinu.

## Semur alla sína tónlist á fullu tungli



**Steinunn Eldflaug Harðardóttir** skipar eins manns hljómsveitina dj. flugvél og geimskip. Frumraun hennar, Glamúr í geimnum, er af mörgum tónlistarspekingum talin ein besta íslenska plata þessa árs.



## Hefur enga lyst á jólamatnum

**Ragnheiður Steindórsdóttir** leikkona fær lítið jólafrí því hún stendur á sviðinu á annan í jólum í Þingkonunum. Hún hefur verið meira og minna á sviði frá sjö ára aldri og finnst ekkert eðlilegra en að Þorláksmessa fari í generalprufu fyrir jólasýninguna.

## Magabolurinn gerði stuttan stans

**Tískuárið 2013** var fjölbreytt og sportfatnaður hlaut meðal annars uppreisn æru.



FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | visir.is

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS**
*Ómissandi hluti af góðri helgi*



**FAGNA Í KVÖLD** Útgáfutónleikar Johnny and the Rest fara fram í kvöld. MYND/GUNNAR MÁR PÉTURSSON

# Fjölskyldan syngur saman með 70 manna gospelkór bak við sig

Regína Ósk stendur fyrir árlegum jólatónleikum í kvöld ásamt fjölskyldu sinni.

„Við fjölskyldan syngjum öll saman og verðum með sjötíu manna kór á bak við okkur,“ segir tónlistarkonan Regína Ósk Óskarsdóttir sem stendur fyrir jólatónleikum í kvöld í Lindakirkju. Þetta er í fimmta skiptið sem tónleikarnir fara fram í hverfiskirkju fjölskyldunnar og hafa þeir stækkað að umfangi frá ári til árs.

„Ég var nýbúin að eignast barn árið 2009 og langaði til að gera eitthvað jólalegt, þannig að þetta byrjaði sem hálfgert fjölskylduverkefni,“ segir Regína Ósk. Eiginmaður hennar, Svenni Þór, leikur á gítar, slagverk og syngur á tónleikunum og þá munu dæturnar tvær, Aníta Daðadóttir ellefu ára og Aldís María Sigursveinsdóttir fjögurra ára syngja. Ásamt fjölskyldunni koma fram bæði gospelkór og unglingagospelkór Lindakirkju undir leiðsögn Óskars Einarssonar. Kristján Grétarsson leikur á gítar og þá mun stórsöngvarinn Ragnar Bjarnason koma fram sem sérstakur heiðursgestur.

„Ég gaf út jólaplötuna Um gleðileg jól og við flytjum lög af henni, ásamt því að syngja jólalög úr öllum áttum sem flestir ættu að kannast við.“



**ÖLL FJÖLSKYLDAN** Regína Ósk Óskarsdóttir kemur fram ásamt fjölskyldu sinni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Miðasala fer fram á midi.is, einnig er hægt að fá aðgöngumiða við innganginn. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00. - glp

## Tónleikar við tjörnina í kvöld

Í tilefni útgáfu annarrar breiðskífu sveitarinnar Johnny and the Rest er blásið til veglegrar tónleikaveislu í Tjarnarbíói í kvöld. Nýja platan ber heitið Wolves in the Night og hefur að geyma lög á borð við Mama Ganja sem fengið hefur afbragðs viðtökur á öldum ljósvakans síðan í sumar.

Húsið verður opnað klukkan 20.00 og Smári Tarfur mun sjá um að hefja hljóðveisluna með fögrum tónum af sinni alkunnu snilld en hann hefur verið að koma sterkur inn með nýtt efni þar sem hann siglir á ný mið, einsamall með kassagítarinn og röddina að vopni.

Forsöluverð á midi.is og annars staðar er 1.500 krónur en 2.000 krónur við innganginn. Á tónleikunum verður platan á sérstöku tilboðsverði og veglegar veitingar í boði. - glp

## Bylting í Smárabíói

48 ramma byltingin er komin í Smárabíó. Á dögunum voru sýningarvélar Smárabíós uppfærðar. Það var gert til að geta sýnt kvikmyndir sem teknar eru upp á 48 römmum á sekúndu í fullum gæðum, en hingað til hafa flest kvikmyndahús notað búnað sem styður helmingi færri ramma, eða 24 ramma á sekúndu.

Tæknin eykur á skýrleika þrívíddarmynda til muna með því að varpa römmunum tvöfalt hraðar á tjaldið og niðurstaðan verður sú að myndin verður raunverulegri og áhorfendur fá betri tilfinningu fyrir þrívíddinni.

Með nýrri 48 ramma tækni gefst áhorfendum nú tækifæri til að njóta sagna Tolkiens líkt og þeir sjálfir væru í hringiðunni miðri. The Hobbit: The Desolation of Smaug verður sýnd í þessum nýju myndgæðum í Smárabíói.



**PATTI SMITH** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Patti Smith á íslensku

Út er komin bókin Bara börn, eða Just Kids, eftir Patti Smith í íslenskri þýðingu Gísla Magnússonar.

Í bókinni segir Patti Smith frá einstöku sambandi sínu og listamannsins Roberts Mapplethorpe. Bara börn hefst sem ástarsaga sumarið sem Coltrane dó, árið 1967, og lýkur sem tregasöng rúmum tveimur áratugum síðar. Bókin endurspeglar andrúmsloftið í New York í lok sjöunda áratugarins og byrjun þess áttunda. Þetta er sönn frásögn, mynd af tveimur listamönnum á uppleið. Bara börn hefur notið gífurlegra vinsælda um allan heim og hlotið fjölda viðurkenninga. - ósk




# Svipbrigði Sigmundar Davíðs



Árið 2013 var merkilegt í lífi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Hann leiddi Framsóknarflokkinn til kosningasigurs og tók við embætti forsætisráðherra. Óhætt er að segja að hann hafi sett svip sinn á samtímann. Fréttablaðið tók saman nokkur mikilvæg augnablik Sigmundar Davíðs á árinu, frá því að hann kom fram í sjónvarpi fyrir kosningar og fram í desember.



1



2



3



4



5

## ➜ Sigmundur Davíð ...

1. ...og Bjarni Benediktsson í kosningasjónvarpi Stöðvar 2 í apríl.
2. **...ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni forseta við stjórnarmyndunarviðræður um miðjan maí.**
3. ...fundaði með öllum þingmönnum Framsóknar áður en þinghald hófst. Þessi mynd er tekin þegar hann situr andspænis Jóhönnu M. Sigmundsdóttur.
4. **...tekur við lyklunum að Stjórnarráðinu úr hendi Jóhönnu Sigurðardóttur.**
5. ...og Bjarni Benediktsson kynna stjórnarsáttmálann í lok maí.
6. **...viðstaddur sprengingu við Vaðlaheiðargöng í júlí.**
7. ...hitti aðstandendur Beikon-hátíðarinnar í september og fékk beikon og ullarpeysu að gjöf.
8. **...situr og hlustar á aðra þingmenn í eldhúsdagsumræðum í upphafi þingárs.**
9. ...slær á létta strengi með utanríkisráðherranum Gunnari Braga Sveinssyni í október.
10. **...leggur við hlustir í umræðu um skýrslu hans um skuldavanda heimilanna.**
11. ...hugsi í Stjórnarráðinu í desember.



6



7



8



9



10



11


Harðir pakkar



Skullcandy Navigator
Nokkrir litir
Verð: 16.990.-



Metsölubók Epli.is
Verð: 4.490.-



iHome hátalarar
Nokkrir litir / þráðlaus
Verð: 9.990.-



iPad mini Verð frá: 54.990.-

Apple TV



Jólatilboð:
Verð: 17.990.-
Fullt verð: 22.990.-

epli.is

Smáralind
Opið 11-22 | Þorláksmessa 11-23 | Aðfangadagur 11-13

Laugavegi 182
Fim-fös 10-18 | Lau 10-22 | Sun 11-16
Þorláksmessa 10-21 | Aðfangadagur 10-12

# HÖFUM ÞAÐ KÓSÝ YFIR HÁTÍÐIRNAR

JÓLAGJAFIR ALLAN SÓLARHRINGINN
24
í Garðabæ og Skeifunni

NÝTT






2.499KR

## AULINN ÉG 2



NÝTT




2.499KR

## FÓLKIÐ Í BLOKKINNI

Allir 6 þættirnir á DVD




2.299KR

## LATIBÆR JÓLAANDINN

Þáttaröð 3 - diskur 2




## BARBIE Í BLEIKU SKÓNUM

2.499KR

VERSLAÐU Á NETINU HAGKAUP.IS




4.999KR

## STIKLUR ÓMARS

Seinni hluti 1977-2005

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

markhönnun ehf

# nettó
## Í JÓLASKAPI

KJARNAFÆÐI · KJÖTSEL · KEA

# Jólakjöt frá SS, KEA, Fjallalambi, Kjarnafæði og Kjötsel á frábærum verðum!








**Besta svarið**
**4.990 kr**




**Jóakim**
**3.798 kr**




**Meistarasögur**
**1.995 kr**

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
BORGARNESI | EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI
MJÓDD | GRANDA

OPIÐ 6. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið

## MACINTOSH EPLI
1,36 KG



50% afsláttur

**294** kr/pk

Verð áður **588** kr/pk




Celebrations - 750g
**1.999** kr/pk




Mackintosh 820gr
**1.698** kr/pk



Toblerone 400g
**989** kr/pk

## OPIÐ FRAM AÐ JÓLUM

| | | AKUREYRI | BORGARNES EGILSSTAÐIR GRINDAVÍK REYKJANESBÆR HÖFN | HVERAFOLD | SALAVEGUR | SELFOSS | MJÓDD GRANDI |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **19.** | FIM | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | DAG&NÓTT |
| **20.** | FÖS | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | DAG&NÓTT |
| **21.** | LAU | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | DAG&NÓTT |
| **22.** | SUN | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | DAG&NÓTT |
| **23.** | MÁN | 10 - 23 | 10 - 23 | 10 - 23 | 10 - 23 | 10 - 23 | DAG&NÓTT |
| **24.** | **ÞRI** | **10 - 13** | **10 - 13** | **10 - 13** | **10 - 13** | **10 - 13** | **OPIÐ TIL 13** |

**Tilboðin gilda 19. - 22. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Sorrí, Jón Gnarr

**BAKÞANKAR**
Lilju Katrínar
Gunnarsdóttur



Ég varð fyrst ástfangin þegar ég var fimm ára. Hélt ég hefði fundið draumaprinsinn. Hann var íðilfagur á velli, söng eins og engill og brosið hans bræddi mann og annan. Eini gallinn var að hann var ívið of gamall fyrir mig. Þetta var sjálfur Helgi Pé í Ríó tríó. Guð, hvað ég tilbað manninn.

**DRAUMAPRINSINN** bankaði aftur á dyrnar þegar ég var ellefu ára. Þá sá ég Pál Óskar syngja í Perlunni og varð agndofa. Hvernig gat einn maður verið svona guðdómlegur? Sú ást dó hraðar en hún kviknaði þegar ég heyrði að ég ætti engan séns.

**STUTTU** seinna varð ég yfir mig ástfangin af strák með mér í bekk. Sá leit út eins og Robbie Williams í Take That. Hann bjó yfir eiginleika sem hafði ekki prýtt draumaprinsinn minn hingað til – hann var nefnilega sjúklega fyndinn.

**Í FRAMHALDSSKÓLA** kom draumaprinsinn til mín í enn annarri mynd. Hann var rauðhærður, ekki sá myndarlegasti í bransanum en svo fyndinn að ég pissaði næstum því í mig í hvert sinn sem hann opnaði munninn. Hann er háttvirtur borgarstjóri í dag en í mínum huga var hann hinn eini sanni draumaprins.

**Á FULLORÐINSÁRUNUM** reyndi ég að búa mér til nýjan draumaprins. Hann ætti að vera hávaxinn, dökkhærður og fáránlega myndarlegur. Hann ætti að vera af erlendu bergi brotinn – helst frá framandi landi. Ekki skemmdi fyrir ef hann gengi í jakkafötum og væri talsvert eldri en ég.

**ÞESSA** tilbúnu draumaprinsa fann ég vissulega. En þessi eldheita ást kviknaði aldrei. Rauðhærða hárið og húmorinn togaði alltaf í mig.

**NÚ** er árið næstum liðið. Einn af hápunktunum var þegar draumaprinsinn kom inn í líf mitt algjörlega óvænt og henti Jóni Gnarr af toppnum. Rauðhærður, pissfyndinn og óstjórnlega fagur.

**SORRÍ,** Jón Gnarr – það hlaut að koma að þessu.



**RAKEL VÍGIR** Rakel McMahon verður með fyrstu sýninguna á Studio Salerni, en hún rak áður Gallerí Klósett ofar á Hverfisgötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Myndlist á klósettinu

## Dóra Takefusa opnar Studio Salerni á Bast á Hverfisgötu klukkan fimm í dag.

„Við erum svo miklir listunnendur á Bast,“ segir Dóra Takefusa, eigandi Basts, en á föstudaginn hyggst hún opna myndlistargallerí inni á einu af salernum kaffihússins Bast á Hverfisgötu. Hugmyndin er fengin frá listakonunum Rakel McMahon, Jóhönnu Kristbjörgu og Ragnheiði Káradóttur, en þær stöllur ráku hið nýstárlega sýningarými Gallerí Klósett við Hverfisgötu 61 sem lokaði fyrir tæpu ári. „Mér finnst þetta svo mikil snilldarhugmynd og algjör synd að væri ekki virkt. Þess vegna ákvað ég með þeirra samþykki að endurvekja þetta óhefðbundna sýningarrými og opna hjá mér Studio Salerni,“ segir Dóra, sem hlakkar til að takast á við galleríreksturinn. „Eins og nafnið gefur til kynna er sýningarrýmið inni á salerni, eða í sal þar sem maður gengur örna sinna,“ segir Dóra, kímin.

Í dag verður fyrsta myndlistarsýning Studio Salernis.

„Okkur fannst tilvalið að Rakel McMahon vígði galleríið,“ útskýrir Dóra.



**STUDIO SALERNI** Galleríið verður á salerninu á kaffihúsinu Bast.

Rakel hefur getið sér gott orð sem myndlistarkona undanfarin misseri. „Rakel hefur haldið einkasýningar út um víðan völl og tekið þátt í fjölda samsýninga, og rekstri alls kyns verkefna á sviði menningar og lista. Hún er stjórnarmeðlimur Nýlistasafnsins og annar hluti tvíeykisins Wunderkind Collective,“ segir Dóra.

Viðfangsefni Rakelar einkennast gjarnan af tvíræðni, myndlíkingu og endurmati á viðteknum samfélagsnormum. „Mér finnst Rakel svo dásamlegur myndlistarmaður því það er líka svo mikill húmor í verkunum hennar sem snúast oft um kyn, kynhlutverk, kynhneigð, klisjur og staðalímyndir!“ segir Dóra að lokum og hvetur sem flesta til að kíkja við á opnunina á föstudaginn kl. 17.00.

olof@frettabladid.is

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ANCHORMAN 2 | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| ANCHORMAN 2 VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | |
| FROZEN ENS TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| FROSINN ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 4:20 - 5:40 | L |
| FROSINN ÍSL TAL 3D | KL. 3:40 - 6 | L |
| HOMEFRONT | KL. 8:20 - 10:40 | 16 |
| MACHETE KILLS | KL. 10:40 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 8 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| FROZEN ENS TAL 2D | KL. 8 | L |
| FROSINN ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 10:20 | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ANCHORMAN 2 | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| RISAEÐLURNAR ÍSL TAL 3D | KL. 4 - 6 | L |
| FROSINN ÍSL TAL 3D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| FROZEN ENS TAL 2D | KL. 8 | L |
| FROSINN ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| FROSINN ÍSL TAL 3D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 - 10:30 | 10 |
| FROZEN ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| FROZEN ENS TAL 2D | KL. 8 | L |
| HOMEFRONT | KL. 10:20 | 16 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 5 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| ANCHORMAN 2 | KL. 5.20 - 8 - 10.35 | 10 |
| ANCHORMAN 2 LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.35 | 10 |
| RISAEÐLURNAR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 8 | 7 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 6 | 7 |
| FROSINN 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| FROSINN 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 8 - 9 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 10 | 16 |

Miðasala á: midi.is og e Miði

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| RISAEÐLURNAR 3D ÍSL. TAL | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL. 6 | 7 |
| PIONEER | KL. 9 | 16 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 6 - 9 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RISAEÐLURNAR 3D | KL. 6 - 8 | 7 |
| PIONEER | KL. 10 | 16 |
| MANDELA | KL. 6 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 9 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| ANCHORMAN 2 | 8, 10.30 | 10 |
| RISAEÐLUNAR 3D | 4, 6 | 7 |
| FROSINN 3D | 3:45, 6 | L |
| FROSINN 2D | 3:45 | L |
| HUNGER GAMES 2 | 7, 8, 10 | 12 |

BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

netto
Í JÓLASKAPI

Þessar öskjur færðu hjá okkur í Nettó um allt land




www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

## Með sextíu prósent þriggja stiga nýtingu í Evrópukeppninni



Helena Sverrisdóttir hefur verið sjóðheit fyrir utan þriggja stiga línuna í Evrópukeppninni í vetur en hún spilar nú með ungverska liðinu Aluinvent Miskolc í EuroCup. Helena hitti úr 12 af 20 þriggja stiga skotum sínum í sex leikjum sínum í riðlakeppninni sem gerir sextíu prósent nýtingu og kom henni í 5. sætið á lista yfir bestu skyttur keppninnar. Helena átti meðal annars tvo leiki þar sem hún hitti úr öllum þremur þriggja stiga skotum sínum. Helena skoraði 14,8 stig að meðaltali á 24,0 mínútum í leik og var sú nítjánda stigahæsta. Helena skoraði 31 stig og hitti úr 5 af 8 þriggja stiga skotum sínum þegar Miskolc tapaði í Mið-Evrópu-deildinni í gærkvöldi. Stórleikur hennar dugði því miður ekki til sigurs en Miskolc tapaði 63-66.

## Leikmenn keyptir í óþökk Villas-Boas?

**FÓTBOLTI** Andre Villas-Boas, sem rekinn var úr starfi knattspyrnustjóra Tottenham á dögunum, var mótfallinn því að fá fjóra af leikmönnunum sjö sem komu til Lundúnaliðsins í sumar.

Portúgalinn mótmælti kaupunum á Erik Lamela, Nacer Chadli, Vlad Chiriches og Christian Eriksen sem kostuðu samanlagt 56 milljónir punda. Villas-Boas vildi fá Hulk, Joao Moutinho og David Villa á White Hart Lane en á það var ekki hlustað. Daniel Levy, stjórnarformaður Tottenham, er þekktur fyrir að fara sínar eigin leiðir. Villas-Boas sóttist eftir því að fá Paulinho, Etienne Capoue og Roberto Soldado en hinir fjórir komu að frumkvæði Levy og Franco Baldini, yfirmanns knattspyrnumála. Les Ferdinand, einn af aðstoðarmönnum Villas-Boas og hluti af núverandi þjálfarateymi, sagði síðar í gær að Villas-Boas hefði ekki verið þvingaður. Eftir því sem hann vissi best hefði stjórinn verið ánægður með þá leikmenn sem komu til félagsins. „Það var stungið upp á flestum þessum leikmönnum við hann en hann gaf samþykki sitt fyrir þeim. Miðað við okkar samtöl þá var hann ekki mótfallinn því að fá þessa stráka,“ sagði gamla kempan Ferdinand sem vonast eftir því að fá meira að gera hjá félaginu. - ktd



**ANDRE VILLAS-BOAS**



**UPP, UPP, UPP** Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði landsliðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ísland upp um 40 sæti á árinu

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er í 49. sæti á nýuppfærðum styrkleikalista FIFA en desemberlistinn var gefinn út í gær.

Strákarnir okkar fara upp um eitt sæti á listanum. Litlar hreyfingar eru á honum enda fáir leikir farið fram síðan hann var uppfærður fyrir mánuði.

Ísland hóf árið í 89. sæti og fór því upp um 40 sæti á árinu 2013. - óój, - ktd

## Barnalán í tíð Svavars

**HANDBOLTI** Drífa Þorvaldsdóttir, hægri skytta ÍBV í Olísdeild kvenna í handbolta, leikur ekki meira með liðinu í vetur.

Drífa er ófrísk og tilkynnti liðsfélögum sínum gleðitíðindin á dögunum en hún hefur skorað 4 mörk í leik í vetur og var valin í A-landsliðið á dögunum.



**DRÍFA ÞORVALDSDÓTTIR.**

Svavar Vignisson, þjálfari ÍBV, sagði í samtali við Eyjafréttir að Drífa sé fimmti leikmaðurinn sem tilkynni honum að hún sé ófrísk síðan hann tók við ÍBV-liðinu. - ktd

# Rétti tíminn fyrir mig

Framherjinn Viðar Örn Kjartansson mun í dag skrifa undir þriggja ára samning við norska úrvalsdeildarfélagið Vålerenga. Hann kemur til félagsins frá Fylki.

**FÓTBOLTI** Hinn 23 ára gamli Selfyssingur, Viðar Örn Kjartansson, mun reyna fyrir sér í atvinnumennsku á nýju ári. Hann sló í gegn í Pepsi-deildinni síðasta sumar með Fylki þar sem hann skoraði þrettán mörk rétt eins og Atli Viðar Björnsson og Gary Martin.

Viðar fékk að launum silfurskóinn en Atli Viðar fékk gullskóinn þar sem hann lék færri leiki en Viðar og Martin.

Þessi flotta frammistaða hans síðasta sumar fór ekki fram hjá erlendum félögum enda verður Viðar búinn að skrifa undir atvinnumannasamning síðar í dag.

„Við höfum náð saman um þriggja ára samning og ég er virkilega spenntur fyrir þessu,“ segir Viðar en hann fór til reynslu til félagsins í október og allt síðan þá var mjög líklegt að hann færi til félagsins.

**Hafa mikla trú á mér**

„Ég var hjá þeim í tíu daga og gekk mjög vel. Þeir vildu samt ekki gera neitt fyrr en þeir væru búnir að tryggja sér úrvalsdeildarsæti. Það gekk sem betur fer og ég vissi alltaf að það yrði af þessu.“

Þjálfari liðsins er gamla kempan Kjetil Rekdal. Hann ætlar Viðari Erni stórt hlutverk í liðinu en hann mun leysa Torgeir Børven af hólmi en sá er á leið til Twente í Hollandi.

„Menn hafa mikla trú á mér hérna. Þetta er flottur klúbbur og sá eini í Ósló. Það er mikil stemning í kringum félagið. Rekdal er flottur. Svolítið sérstakur sem er alls ekki verra. Hann hefur trú á mér og það er það jákvæðasta við þetta.“

Viðar Örn segir að sitt markmið hafi verið að komast út eftir sumarið. Það hafi gengið upp enda skoraði hann 13 af 33 mörkum Fylkis.



**NÝ ÆVINTÝRI** Viðar Örn er að uppskera eftir frábært sumar með Fylki og verður gaman að fylgjast með honum í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Það þarf að skora mörg mörk til þess að komast frá Íslandi. Ég vildi komast út fyrr en var bjartsýnn á að það tækist núna,“ segir Viðar en uppgangur hans síðustu ár hefur verið hraður. Átti frábært tímabil í fyrra en var ekki eins áberandi hjá Selfossi sumarið þar á undan þó svo að hann hafi sýnt lipra spretti.

„Fyrri umferðin síðasta sumar var erfið en ég skoraði níu mörk í seinni umferðinni er liðið komst í gang. Það var minna að gera í framlínunni fyrri umferðinni.“

Hann lenti í erfiðum meiðslum þegar hann var 19 ára en hann sleit þá krossband. Þau héldu honum frá vellinum í nánast tvö tímabil.

„Ég hef lent í ýmsu á ferlinum og það hefur styrkt mig mikið. Ég er meira tilbúinn núna en fyrir fjórum til fimm árum. Þetta er rétti tíminn fyrir mig. Ég hef fulla trú á sjálfum mér og ætla að sýna að ég eigi vel heima í þessari deild,“ segir Viðar Örn Kjartansson. henry@frettabladid.is

## Mörk Viðars Arnar í Pepsi-deild karla sumarið 2013

**TÖLFRÆÐIN Í DEILDINNI**

| | |
|---|---|
| Leikir | 22 |
| Mörk | 13 |
| Stoðsendingar | 3 |
| Fráköst af hans skotum sem gáfu mark | 1 |
| Fiskuð víti sem gáfu mark | 3 |
| Þáttur í mörkum | 20 |

**TÖLFRÆÐIN Í DEILD OG BIKAR**

| | |
|---|---|
| Leikir | 25 (3 í bikar) |
| Mörk | 18 (5 í bikar) |

**MÖRK EFTIR AÐSTÆÐUM**

| | |
|---|---|
| Á heimavelli | 6 mörk |
| Á útivelli | 7 |
| Í fyrri hálfleik | 4 |
| Í seinni hálfleik | 9 |
| Á fyrsta hálftímanum | 3 |
| Á síðasta hálftímanum | 7 |
| Á móti fjórum efstu liðunum | 3 |
| Á móti efri hluta (lið í 1. til 6. sæti) | 6 |
| Á móti neðri hluta (lið í 7. til 12. sæti) | 7 |

**MÖRK EFTIR MÁNUÐUM**

| | |
|---|---|
| Maí | 3 mörk (5 leikir) |
| Júní | 1 (4) |
| Júlí | 3 (5) |
| Ágúst | 2 (3) |
| September | 4 (5) |

**MÖRK EFTIR AÐFERÐUM**

| | |
|---|---|
| Með hægri fæti | 11 mörk |
| Með vinstri fæti | 0 |
| Með skalla | 1 |
| Úr víti | 1 |

**MÖRK EFTIR AÐSTÖÐU**

| | |
|---|---|
| Úr markteig | 2 mörk |
| Úr vítateig utan markteigs | 9 |
| Utan teigs | 1 |

**MÖRK EFTIR SNERTINGUM**

| | |
|---|---|
| Úr föstu leikatriði | 1 mark úr víti |
| Eftir eina snertingu | 6 |
| Eftir tvær snertingar | 2 |
| Eftir þrjár til fjórar snertingar | 3 |
| Eftir fimm eða fleiri snertingar | 1 |

**MÖRK EFTIR AÐDRAGANDA**

| | |
|---|---|
| Eftir stungusendingar | 4 mörk |
| Eftir langar sendingar | 3 |
| Eftir fyrirgjafir | 2 |
| Eftir föst leikatriði | 3 |
| Annar undirbúningur | 1 |






# Kvöldverðurinn er mikilvægur

Norskur lýsandi hefur verið gagnrýndur fyrir orðaval í tapleiknum gegn Serbíu.

**HANDBOLTI** Dragana Cvijic átti stórkostlegan leik með Serbum þegar liðið skellti Norðmönnum á HM kvenna á miðvikudagskvöldið. Átta sinnum skaut hún á markið og alltaf hafnaði boltinn í netinu. Þá tók hún hraustlega á því í vörninni gegn norsku stelpum sem áttu fá svör.

Lýsandi leiksins, Harald Bredeli, á TV 2 hefur verið gagnrýndur fyrir orðaval sitt á meðan leik stóð. Cvijic er stór og stæðileg, 185 cm á hæð og 95 kíló. Varð honum tíðrætt um líkamsbyggingu Serbans.

„Við sjáum að hún hefur ekki misst úr kvöldverð síðan hún fæddist fyrir 23 árum,“ sagði Bredeli þegar Cvijic nældi í vítakast.

Else-Marthe Sörlie Lybekk, sem spilaði 215 landsleiki fyrir Noreg, sagði lýsandann líklega hafa tjáð sig án þess að hugsa. Minnti hún á átta ára gamalt atvik þegar Bredeli sagði í beinni útsendingu að handboltakonan Gro Hammerseng væri glæsilegasta lesbía sem Noregur hefði alið. Lýsandinn gerði sér ekki grein fyrir að kveikt væri á hljóðnemanum. Fyrir vikið var Hammerseng komin opinberlega út úr skápnum gegn vilja sínum.

Eftir leikinn gerði Bredeli tapleikinn upp á samfélagsmiðlinum Twitter í nokkrum orðum.

„Okkar leikmenn og liðið hafa átt betri daga. Serbar eiga mikið hrós skilið og spiluðu sinn besta leik frá upphafi. Cvijic sýndi fram á mikilvægi kvöldverðar.“

Lybekk segir handboltafólk af öllum stærðum blómstra í íþróttinni. „Hún er einn besti línumaður í heimi og leiðtogi bæði í félagsliði sínu og landsliði. Svona ummæli eiga ekki heima í norsku sjónvarpi. Það eru til aðrar leiðir til þess að vera fyndinn.“ - ktd



**BAR LIÐIÐ Á HERÐUM SÉR** Dragana Cvijic var frábær með Serbum á móti Noregi. Hér fagnar hún sigrinum með liðsfélaga sínum. MYND/AFP


Besta svarið
KOMIÐ Í VERSLANIR
TACTIC
SECURITAS
Besta svarið
Vinir þínir svara – þú velur rétta svarið!
12+
Jim Carrey
Jón Gnarr
Homer Simpson
LOKSINS Á ÍSLANDI VERÐLAUNA SPILIÐ BESTA SVARIÐ
EINFALT OG SKEMMTILEGT
MÖNDLUGJÖFIN - JÓLASPILIÐ - PARTÝSPILIÐ
GOLDEN GEEK AWARD
MYNDFORM

# Raggi Nat fer að lágmarki í tvær skötuveislur á Þorláksmessu

Ragnar Nathanaelsson fór hamförum með Þór Þorlákshöfn í Domino's-deild karla í körfubolta í jólamánuðinum. Sá hávaxni er þegar farinn að fá fyrirspurnir frá erlendum félögum en lætur það ekki trufla einbeitinguna. Hvergerðingurinn stefnir á að taka byrjunarliðssætið í landsliðinu af Hlyni Bæringssyni einn daginn en Ragnar spilaði sína fyrstu A-landsleiki síðasta sumar.

Kolbeinn Tumi Daðason
kolbeinntumi@frettabladid.is



„Ég er allt annar maður en fyrir einu til tveimur árum. Ég er klárlega í besta formi ævi minnar," segir Ragnar Nathanaelsson. Miðherjinn, sem er 218 cm á hæð, fór á kostum í þremur leikjum Þórs Þorlákshafnar í Domino's-deildinni í desember og hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína það sem af er leiktíð. Í síðasta leik fyrir jólafrí setti sá hávaxni 27 stig auk þess að taka 22 fráköst. Maður leiksins án nokkurs vafa.

Ragnar æfði með A-landsliðinu í sumar og ber þjálfaranum Peter Öqvist vel söguna.

„Peter fór mikið í grunninn með mér og sýndi mér heilmikið," segir Ragnar. Ekki hafi verið annað hægt en að bæta sig með landsliðinu. Spiltíminn var af skornum skammti en nýliðinn hefur fullan skilning á því.

„Það er enginn að fara að taka byrjunarliðssætið af Hlyni Bærings," segir Raggi en Hlynur hefur verið í aðalhlutverkinu undir körfunni með landsliðinu í áratug.

Ragnar gekk í raðir Þórs fyrir yfirstandandi leiktíð. Áður lék hann með uppeldisfélaginu Hamri en liðinu mistókst að komast upp úr 1. deildinni í vor. Þá ákvað Hvergerðingurinn að róa á ný mið.

„Þegar ég ræddi við Þór gerði ég þá kröfu að fá styrktarþjálfun og aukaæfingar tvisvar til þrisvar í viku," segir Ragnar. Hann hafi viljað gera hlutina af alvöru til að komast á næsta stig. „Svo ég geti einn daginn tekið byrjunarliðssætið af Hlyni."

**Gústi þurfti að hringja í mömmu**

Aðeins sex ár eru síðan draga þurfti Ragnar á æfingar. Þá var Ágúst Björgvinsson, núverandi þjálfari Vals, við stjórnvölinn í Hveragerði og reyndi hvað hann gat að fá Ragnar á æfingar.

„Ég hafði engan áhuga á íþróttum yfir höfuð. Maður fylgdist bara með Hamri og mætti á eina og eina æfingu," segir Ragnar. Ólíklegt sé að hann hefði byrjað í körfubolta ef ekki hefði verið fyrir þrautseigju Ágústs.

„Gústi hringdi í mig á leiðinni á æfingar til að spyrja hvort ég ætlaði ekki pottþétt að mæta. Ef ég svaraði ekki þá hringdi hann heim og talaði við mömmu," segir Ragnar. Aðspurður hvað hann hafi haft fyrir stafni áður en hann hellti sér í körfuna af krafti segir Ragnar: „Ég var bara úti í garði að leika mér með spýtur."

Ragnar, sem er lærður húsasmiður, segir að áhuginn hafi aukist smám saman. Nú snúist lífið um körfubolta og draumurinn sé að komast í atvinnumennsku. Miðað við frammistöðu hans að undanförnu er ljóst að félög ytra eru farin að fylgjast með kappanum. Öll lið geta notað öflugan 218 cm mann undir körfunni.

> **„Gústi hringdi í mig á leiðinni á æfingar til að spyrja hvort ég ætlaði ekki pottþétt að mæta. Ef ég svaraði ekki þá hringdi hann heim og talaði við mömmu.**

„Það eru einhverjir byrjaðir að spyrjast fyrir um mig og hafa samband. Ég passa mig samt á að vera ekki að pæla í því á miðju tímabili. Ég ætla ekki að vera kominn út áður en ég fer út," segir Ragnar einbeittur. Hann vonast til þess að geta æft með landsliðinu næsta sumar og í kjölfarið geti eitthvað gerst.

**Ýmist Raggi Nat eða Raggi Frat**

Gengi Þórsara á leiktíðinni hefur verið upp og niður. Liðið hefur unnið Grindavík í Röstinni en einnig tapað fyrir botnliði Vals. Ragnar segir þjálfarann Benedikt Guðmundsson hafa tvö Þórslið í höndunum sem skipuð séu sömu leikmönnum.

„Stundum mætum við brjálaðir til leiks, lokum vörninni og brillerum eins og gegn Grindavík. Svo mætum við annars hugar í leiki gegn liðum sem við teljum okkur eiga að sigra og þau flengja okkur oftar en ekki," segir Ragnar. Leikmenn ætli að vinna í hugarfarinu í jólafríinu og ekki síst hann sjálfur.

„Ég hef mætt í tvo eða þrjá leiki þar sem hefur verið alveg slökkt á mér. Ég hef ekki verið þessi Raggi Nat sem fólkið þekkir. Þá kýs Baldur Þór að kalla mig Ragga Frat," segir kappinn og hlær. Hann hafi ekki mikinn áhuga á að viðurnefnið festist við sig.

Hressari maður en Ragnar er vandfundinn. Aðspurður hvort hann geri í því að vera hress eða ekki segist hann oftast nær vera í voðalega góðu skapi.

„Ég glími við þann vanda að hugsa ekki alltaf áður en ég tala," segir Ragnar og hlær. „Ég er voðalega fljótur að skjóta á fólk en sem betur fer veit það að 90 prósent af því sem ég segi er í gríni." Mest geri hann grín að sjálfum sér en hann leggur mikið upp úr að viðhalda góðri stemningu í ungu Þórsliðinu.

Fimm dagar eru til jóla og ætlar Ragnar að njóta alls þess sem verður á boðstólum. Hangikjötið og hamborgarhryggurinn mun renna ljúflega niður en þó er miðherjinn spenntastur fyrir skötunni. Þar spretti upp í honum sveitastrákurinn.

„Ég fer í að lágmarki tvær skötuveislur á Þorláksmessu. Skata og hákarl er það besta sem ég fæ."

kolbeinntumi@frettabladid.is



**STÓR OG STÆRRI** Reynsluboltinn Friðrik Stefánsson virkar smávaxinn í samanburði við Ragnar í baráttunni undir körfunni.
MYND/JÓN BJÖRN ÓLAFSSON

**EINBEITTUR** Ragnar einbeitir sér alfarið að körfuboltanum í vetur með það að markmiði að komast í atvinnumennsku næsta haust.
MYND/JÓN BJÖRN ÓLAFSSON



## ➜ Ragnar er stöðugt að bæta sig




**Fjöldi stiga og frákasta hefur hækkað í hverjum mánuði**

Ragnar hefur bætt sig í hverjum mánuði frá því að keppni í Domino's-deildinni hófst í október. Tveir síðustu leikir Þórs standa upp úr. Annars vegar sigur á Grindavík í Röstinni þar sem Ragnar skoraði 19 stig og tók 25 fráköst. Hins vegar heimasigur á ÍR þar sem stig þess hávaxna urðu 27 og fráköstin 22. Ragnar er með 16,7 stig að meðaltali í leikjunum ellefu og 13,7 fráköst. Hann er fjórði frákastahæsti leikmaður deildarinnar og í fimmta sæti þegar kemur að framlagi.



Veiðileg Jól
Munið vinsælu gjafabréfin okkar!
Prologic hanskar.
Góðir skotveiðihanskar.
Tvær gerðir.
Verð frá 4.995,-
DAM
öndunarvöðlupakki
Öndunarvöðlur og skór
Pakkatilboð
Aðeins 29.995,-
Redington Sonic
veiðijakki
Vatnsheldur, saumalaus
jakki með góðri útöndun
Verð 59.900.
Jólatilboð aðeins 49.900,-
Scierra digital
vigt með innbyggðum
hitamæli
Verð aðeins 10.995,-
Ron Thompson
vöðlujakki
Vatnsheldur jakki
með útöndun.
Fullt verð 24.995
Jólatilboð aðeins 19.995,-
Simms Freestone pakki
Öndunarvöðlur og skór
Pakkatilboð aðeins 53.900,-
Simms Coldweather skyrtur
Þykkar og hlýjar skyrtur
Verð aðeins 14.995,-
Redington Topo
fluguveiðipakkar
Fjögurra hluta stöng, hjól, lína, baklína, taumur,
flugubox og flugur. Fullt verð 36.900.
Jólatilboð aðeins 29.995,-
Savage laxaháfur.
Léttur og góður laxaháfur.
Hægt að brjóta saman.
Aðeins 8.995,-
Sage flugustangir
í miklu úrvali. Vandaðar handgerðar bandarískar
stangir með lífstíðarábyrgð.
Verð frá 49.900,-
Scierra vöðlujakki.
Vatnsheldur jakki með útöndun
Fullt verð 29.995
Jólatilboð aðeins 25.995,-
Gerviendur
12 stokkendur ásamt sökkum,
og góðum burðarpoka.
Frábært verð
Aðeins 12.995,-
Prologic
felugalli
MAX4 felumynstur.
Vatnsheldur,
fóðraður jakki og
smekkbuxur með útöndun
Verð aðeins 36.995,-
Gæsaflautur – Andaflautur.
Gott úrval. Verð frá
Verð frá 2.995,-
Öryggishólf.
Örugg geymsla fyrir
verðmæti eða skotfæri.
Nauðsynlegt á öll heimili.
Raflæsing
Verð aðeins 14.995,-
Ron Thomson
Reykofn
Frábært verð.
Verð aðeins 10.995,-
Simms Fall Run Primaloft.
Léttur og hlýr jakki. Hentugur í alla útivist.
Aðeins 33.900,-
Redington
kvenvöðlupakki
Vandaðar öndunarvöðlur og skór
Aðeins 42.995,-
Fud gæsir.
Vinsælar gervigæsir sem ekkert fer fyrir.
Þessar hafa svo sannarlega slegið í gegn.
6 í pakka
Verð aðeins 9.995,-
Lambhúshettur.
Nauðsynlegar í gæsaveiðina.
Hlýjar hettur með andlitsgrímu
Verð aðeins 3.995,-
Netverslun Veiðihornsins sendir jólagjafirnar frítt með póstinum til jóla – Veidihornid.is
VEIÐIHORNIÐ
VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 5688410
VEIÐIHORNIÐ - STRANDGÖTU 49 - HAFNARFIRÐI - 555 6226

KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS MEÐAL ÞJÁLFARA OLÍS-DEILDAR KVENNA Í HANDBOLTA



**FYRIRLIÐINN** Hanna Guðrún er mikill leiðtogi og þekkir vel að vera fyrirliði hjá sínu liði. Hún tók við því hlutverki hjá Haukum þegar Harpa Melsted lagði skóna á hilluna og gegnir því nú í Garðabænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Engin drottning í Stjörnunni

Eftir tæpa tvo áratugi í hægra horninu er Hanna Guðrún Stefánsdóttir byrjuð að spila í því vinstra. Hanna segir fúlt þegar hún sé ekki valin í landsliðið og ekkert leyndarmál að Íslandsmeistaratitillinn sé markmiðið. Hanna var valin besti hraðaupphlaupsleikmaðurinn og duglegasti leikmaðurinn af þjálfurum deildarinnar.

**HANDBOLTI** Hanna Guðrún Stefánsdóttir, hornamaður Stjörnunnar, er besti hraðaupphlaupsleikmaður og einnig duglegasti leikmaðurinn í Olísdeild kvenna að mati þjálfara deildarinnar. Reynsluboltinn hefur staðið sig vel með toppliði Stjörnunnar það sem af er leiktíð. Liðið er taplaust í deildinni og vann deildarbikarinn um síðustu helgi.

„Árangurinn hefur ekki komið á óvart. Við erum með hörkuhóp og tvo til þrjá leikmenn í hverja stöðu,“ segir Hanna Guðrún. Rúm tvö ár eru síðan leggja átti niður kvennalið Garðabæjarliðsins sökum rekstrarvandamála. Hanna gekk í raðir Stjörnunnar árið áður og segir það hafa verið áfall þegar leggja átti liðið niður. Árangurinn nú sé þeim mun skemmtilegri fyrir vikið.

„Við stelpurnar sem urðum eftir ákváðum að gefast ekki upp,“ segir Hanna en nokkrir lykilmenn gengu til liðs við önnur félög. Nú séu fyrrverandi leikmenn komnir heim eftir veru hjá öðrum félögum og aðrir úr fæðingarorlofi. „Það er ótrúlegt hvað hefur ræst úr liðinu,“ segir aldursforsetinn 34 ára. Aldursbilið í hópnum er mikið eða sautján ár en Hanna leggur áherslu á að allar séu jafnar í liðinu. „Það er engin drottning í liðinu,“ segir fyrirliðinn.

Hanna segir liðið samstilltara en í fyrra þegar miklar breytingar voru gerðar fyrir mót. Liðið fór þó í úrslit á Íslandsmótinu en tapaði fyrir Fram. Nú er markmiðið skýrt. Titillinn á að koma heim í Garðabæ.

### Finnst ég eiga heima í landsliðinu

„Það er ekkert leyndarmál. Við förum í alla leiki til þess að vinna,“ segir Hanna. Úrslitaleikurinn gegn Gróttu um helgina hafi verið áfangi enda voru Seltirningar eina liðið sem Stjarnan hafði ekki mætt á leiktíðinni. Grótta hefur staðið sig vel en Stjarnan reyndist of stór biti í úrslitaleiknum.

„Það var ákveðinn prófsteinn fyrir okkur og við stóðumst hann mjög vel.“

Hanna er margreyndur landsliðsmaður og hefur verið í lykilhlutverki um árabil. Hún var hins vegar ekki valin í landsliðið fyrir leikina gegn Slóvakíu og Finnlandi í undankeppni EM í október. Þegar Ásta Birna Gunnarsdóttir meiddist var Hanna kölluð inn í hennar stað.

„Mér finnst ég alltaf eiga heima í landsliðinu á meðan ég er í toppstandi,“ segir Hanna. Landsliðsþjálfarinn Ágúst Jóhannsson hafi viljað gefa yngri leikmönnum tækifæri og hún skilji það. Þjálfarinn ráði ferðinni.

„Maður er samt alltaf fúll að vera ekki valinn.“

### Var sett í hægra hornið

Flestir þekkja Hönnu sem rétthentan hægri hornamann en hún hefur bæði spilað á miðjunni og mest í vinstra horninu með Stjörnunni í vetur. Samkeppnin í hægra horninu er mikil eftir að Sólveig Lára Kjærnested sneri aftur í vor úr fæðingarorlofi.

„Við reyndum að nýta okkar lið eins vel og hægt er,“ segir Hanna. „Þetta er tilraun fyrir mig því þótt ég sé rétthent er ég rosalega örvhent,“ segir Hanna og hlær. Til þessa hafi hún spilað 35 mínútur í vinstra horninu í landsleik en annars alltaf hægra megin. Hún hefur spilað nánast allar stöður á vellinum á ferlinum en í yngri flokkum var hún ýmist markvörður eða miðjumaður. Það breyttist er hún hóf að spila með meistaraflokki Hauka þegar hún var fimmtán ára.

„Þá vantaði hægri hornamann í liðið. Þá sagði einhver að Hanna gæti spilað alls staðar. Svo ég var sett í hægra hornið og hef verið þar síðan,“ segir Hanna. Duglegasti leikmaður deildarinnar segir áhuga sinn og metnað alltaf jafnmikinn.

„Það breytist ekkert og ég er ennþá í mínu fantaformi ef þannig má að orði komast. Ég er líka ótrúlega heppin því ég þarf ekki að hafa mikið fyrir því að koma mér í form.“

kolbeinntumi@frettabladid.is

## HVER ER BESTA HRAÐAUPPHLAUPSKONAN Í OLÍS-DEILD KVENNA?

| | |
|---|---|
| 1. Hanna G. Stefánsdóttir, Stjörnunni | 49 stig |
| *(Hún fékk 9 atkvæði í fyrsta sæti)* | |
| 2. Solveig Lára Kjærnested, Stjörnunni | 18 (2) |
| 3. Unnur Ómarsdóttir, Gróttu | 13 (1) |
| 4. Guðbjörg Guðmannsdóttir, ÍBV | 8 |
| 5. Steinunn Snorradóttir, FH | 6 |
| 5. Karólína Bæhrenz Lárudóttir, Val | 6 |
| 7. Ásta Birna Gunnarsdóttir, Fram | 4 |
| 8. Sigurbjörg Jóhannsdóttir , Fram | 3 |
| 9. Sigríður Hauksdóttir, HK | 1 |

**Þjálfarar deildarinnar tilnefndu þrjá leikmenn (ekki úr eigin liði) í 1., 2. og 3. sæti. Fyrsta sætið fékk 5 stig, annað sætið fékk 3 stig og þriðja sætið fékk 1 stig. Leikmenn gátu mest fengið 55 stig.**

## HVER ER DUGLEGASTI LEIKMAÐURINN Í OLÍS-DEILD KVENNA?

| | |
|---|---|
| 1. Hanna G. Stefánsdóttir, Stjörnunni | 25 stig |
| *(Hún fékk 4 atkvæði í fyrsta sæti)* | |
| 2. Steinunn Björnsdóttir, Fram | 18 (3) |
| 3. Florentina Grecu, Stjörnunni | 10 (2) |
| 4. Guðbjörg Guðmannsdóttir, ÍBV | 6 (1) |
| 5. Hildur Björnsdóttir, Fylki | 5 (1) |
| 6. Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Val | 4 |
| 6. Lene Burmo Skredderstuen, Gróttu | 4 |
| 6. Berglind Ósk Björgvinsdóttir, FH | 4 |
| 9. Kristín Guðmundsdóttir, Val | 3 |
| 9. Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Val | 3 |
| 9. Rebekka Rut Skúladóttir, Val | 3 |
| 9. Steinunn Snorradóttir, FH | 3 |
| 9. Sandra Sif Sigurjónsdóttir, Stjörnunni | 3 |
| 9. Sigurbjörg Jóhannsdóttir , Fram | 3 |
| 15. Karen Helga Sigurjónsdóttir, Haukum | 1 |
| 15. Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir, HK | 1 |
| 15. Hekla Daðadóttir, Aftureldingu | 1 |
| 15. Esther Viktoría Ragnarsdóttir, Stjörnunni | 1 |
| 15. Unnur Ómarsdóttir, Gróttu | 1 |

**Þjálfarar deildarinnar tilnefndu þrjá leikmenn (ekki úr eigin liði) í 1., 2. og 3. sæti. Fyrsta sætið fékk 5 stig, annað sætið fékk 3 stig og þriðja sætið fékk 1 stig. Leikmenn gátu mest fengið 50 stig en 11 af 12 þjálfurum gáfu atkvæði fyrir duglegasta leikmanninn.**

## Fjögur af átta liðum hafa skipt um Kana

Helmingur liða í Dominos-deild kvenna hefur nú skipt um bandarískan leikmann en þrír nýir leikmenn fá að spreyta sig í deildinni í upphafi nýs árs. KR reið á vaðið og skipti um Kana efir aðeins fjórar umferðir en Grindavík, Njarðvík og Valur nýta öll jólafríið til að taka inn nýjan leikmann. Skiptin heppnuðust vel hjá KR en Vesturbæjarkonur hafa unnið 5 af 7 leikjum sínum síðan Ebone Henry mætti á klakann. Henry var reyndar skelfileg í fyrsta leik (5 stig, hitti úr 2 af 26 skotum) en hefur skilað mjög flottum tölum eftir það.

**MEÐALSKOR BANDARÍSKU LEIKMANNANNA Í DOMINOS-DEILD KVENNA:**

| | |
|---|---|
| 1. Lele Hardy, Haukum | 29,6 |
| 2. Ebone Henry, KR | 25,1 |
| (Kom ný í nóvember) | |
| 3. Chynna Brown, Snæfelli | 23,1 |
| 4. Di'Amber Johnson, Hamar | 22,5 |
| 5. Porsche Landry, Keflavík | 21,8 |
| 6. Kelli Thompson, KR | 19,8 |
| (Látin fara í október) | |
| 6. Jasmine Beverly, Njarðvík | 18,9 |
| (Látin fara í desember) | |
| 7. Lauren Oosdyke, Grindavík | 18,1 |
| (Látin fara í desember) | |
| 8. Jaleesa Butler, Valur | 16,7 |
| (Látin fara í desember) | |



**SEND HEIM** Jaleesa Butler verður ekki meira með í vetur.

# Anna Martin með Val á nýju ári

Jaleesa Butler hefur spilað sinn síðasta leik með Val í kvennakörfunni í vetur

**KÖRFUBOLTI** Jaleesa Butler hefur spilað sinn síðasta leik fyrir Val en Ágúst Björgvinsson, þjálfari kvennaliðs Vals, hefur ákveðið að skipta um bandaríska leikmann Hlíðarendaliðsins fyrir seinni hluta Dominos-deildar kvenna í körfubolta.

Jaleesa Butler var á sínu þriðja tímabili hjá Ágústi og á sínu fjórða tímabili á Íslandi en hún skilaði ekki sömu tölum og á hinum þremur tímabilum sínum í deildinni.

Jaleesa Butler var með 16,7 stig, 11,9 fráköst og 4,6 stoðsendingar að meðaltali í leik í vetur en Valsliðið vann aðeins 6 af 14 leikjum sínum fyrir mót eftir að hafa verið spáð Íslandsmeistaratitlinum fyrir mót. Butler átti frábæra innkomu í Valsliðið á miðju síðasta tímabili en þá var hún með 20,4 stig og 15,2 fráköst að meðaltali í leik.

Ágúst er búinn að finna nýjan bandarískan leikmann til þess að fylla skarð Butler en sú spilar ekki sömu stöðu. Butler spilar vanalega nálægt körfunni en nú mun Valsliðið tefla fram bandarískum bakverði.

Anna Martin mun leysa Butler af en Martin útskrifaðist úr DePaul-háskólanum síðasta vor. Martin var með 13,8 stig og 2,8 stoðsendingar að meðaltali í 127 leikjum með skólanum.

Martin er sjötti stigahæsti leikmaður DePaul-háskólans frá upphafi en hún er enn fremur í 5. sæti yfir flestar þriggja stiga körfur og í 6. sæti yfir flestar stoðsendingar. Anna Martin skoraði tíu stig eða meira í 89 af 127 leikjum sínum með skólanum en hún byrjaði inn á í 116 leikjum.

Anna Martin mun væntanlega spila sinn fyrsta leik með Val þegar liðið heimsækir KR hinn 5. janúar næstkomandi. - óój




**Á LEIÐ TIL ÍSLANDS** Anna Martin spilaði með DePaul-háskólanuim undanfarin fjögur ár. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY


VILD
100
HEPPNIR VILDARÁSKRIFENDUR FÁ
JÓLAKÖRFU (GJAFAKORT) FRÁ BÓNUS
AÐ VERÐMÆTI 30.000 KR.
Skráðu þig á stod2.is/vild
Við drögum út síðustu 50 körfurnar
í Íslandi í dag í kvöld
Vinsælar
jólavörur
í Bónus
Kjarnafæði kofar. úrb. hangilæri
Ali hamborgarhryggur m/beini
Appelsínkippa 4x2 lítrar
Kókkippa 6x1,5 lítrar
Egils malt í dós 6x500 ml
Egils jólaöl í dós 6x500 ml
Mackintosh 2 kg
Nóa konfekt 1 kg
Toblerone 300 g
Kjörís jólaís 2 lítrar
Kjörís ísterta 12 manna
Ömmu steikt laufabrauð
Robin klementínur 2,3 kg
Appolo lakkrískonfekt 700g
Ora grænar heildós
Ora maís heildós
Ora rauðkál krukka
Papco jóla wc pappír
Papco jóla eldhúsrúllur
BÓNUS
TOBLERONE
APPOLO
Konfekt

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 19.55
### Risastóri jólaþátturinn

Logi Bergmann er í hátíðarskapi í sérstökum jólaþætti þar sem góðir gestir kíkja í heimsókn og jólastemningin ræður ríkjum.

## Í KVÖLD



### Veistu hver ég var?

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.35** Laufléttur og stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Sigga Hlö og mun andi níunda áratugarins vera í aðalhlutverki.





### America's Funniest Home Videos

**SKJÁR EINN KL. 19.40** Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.



### Útsvar

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Borgarbyggð - Seltjarnarnes. Spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.

## FM957 kl. 07.00
### Morgunþáttur FM 957

Morgunþátturinn á FM957 með þeim Sverri Bergmann og Ernu Hrönn. Morgunþátturinn er alla virka morgna milli kl. 07-10 í boði Cocoa Puffs.








Temprakon dúnsængin sem breytir öllu!

Fylling: 90% hvítur siberíu gæsadúnn. 10% smáfiður.

Dúnsæng með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.





Jólatilboð kr. 46.900
140x200
Fullt verð kr. 58.625

Nocturne Comfort dúnsæng
Góð dúnsæng.
Stærð: 140x200 cm.
Fylling: Moskusdúnn.
Áklæði: 100% bómull.
Þyngd: 450 gr.





Jólatilboð kr. 19.990
Fullt verð kr. 24.990





Pure & Care dúnsæng Létt en sérlega hlý dúnsæng. Vottuð af asma- og ofnæmissamtökum Danmerkur. Stærð: 140x200 cm. Fylling: Hvítur moskusdúnn. Áklæði: Lífræn bómull. Þyngd: 660 gr.
Fullt verð kr. 45.990 Jólatilboð kr. 36.790

Fluffy dúnsæng
Þykk og hlý dúnsæng. Stærð: 140x200 cm.
Fylling: 90% hvítur siberíu gæsadúnn.
10% smáfiður. Áklæði: 100% bómull.
Þyngd: 700 gr.





Jólatilboð kr. 41.900
Fullt verð kr. 52.375

Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
20-23. desember opið til 22
Aðfangadag 11-13


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.01** **Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum**
**07.06** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.15** **Malcolm in the Middle**
**08.40** **Ellen**
**09.20** **Bold and the Beautiful**
**09.40** **Doctors**
**10.25** **Harry's Law**
**11.05** **Drop Dead Diva**
**11.50** **Dallas**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mistresses**
**13.45** **Home alone 2**
**15.45** **Skógardýrið Húgó**
**16.15** **Ellen**
**17.00** **Bold and the Beautiful**
**17.22** **Nágrannar**
**17.45** **Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum**
**17.52** **The Simpsons**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.16** **Veður**
**19.25** **Popp og kók**
**19.55** **Risastóri jólaþátturinn**
**21.15** **The Borrowers**
**22.55** **30 Minutes or Less**
**00.20** **Thick as Thieves**
**02.05** **Seeking Justice**
**03.50** **Extract**
**05.20** **The Strangers**

## SPORT
*besta sætið*

**09.00** **The Royal Trophy 2013**
**14.00** **Þýski handboltinn 2013/2014**
**15.20** **Njarðvík - Stjarnan**
**16.50** **Undanúrslit** Bein útsending
**18.20** **Spænsku mörkin**
**18.45** **World's Strongest Man 2013**
**19.15** **La Liga Report**
**19.35** **Undanúrslit** Bein útsending
**21.10** **Undanúrslit**
**22.30** **Undanúrslit**
**23.50** **Meistaradeild Evrópu. Napolí - Arsenal**
**01.30** **Sportspjallið**
**02.35** **La Liga Report**
**03.00** **The Royal Trophy 2013** *(B)*

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.55** **Newcastle - Southampton**
**13.35** **West Ham - Sunderland**
**15.15** **Messan**
**16.40** **Cardiff - WBA**
**18.20** **Chelsea - Crystal Palace**
**20.00** **Match Pack**
**20.30** **Premier League World**
**21.00** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.30** **Football League Show**
**22.00** **Everton - Fulham**
**23.40** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**00.10** **Messan**
**01.35** **Man. City - Arsenal**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Randver í Iðnó **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**16.35** **Around the World in 80 Plates**
**17.20** **Raising Hope**
**17.45** **Don't Trust the B*** in Apt 23**
**18.10** **Cougar Town**
**18.30** **Funny or Die**
**19.00** **Top 20 Funniest**
**19.45** **Smash** *(15:17)*
**20.30** **Super Fun Night** *(9:17)*
**20.55** **The X-Factor US** *(26:26)*
**22.15** **Grimm** *(6:22)*
**23.00** **Strike Back** *(5:10)*
**23.45** **Dark Blue**
**00.30** **Top 20 Funniest**
**01.15** **Smash**
**02.00** **Super Fun Night**
**02.25** **The X-Factor US**
**03.45** **Grimm**
**04.30** **Strike Back**

## Krakkastöðin

**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Dóra könnuður **07.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.50** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **08.07** Áfram Diego, áfram! **08.31** Svampur Sveinsson **08.53** Hello Kitty **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Brunabílarnir **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Ljóti andarunginn og ég **10.23** Ávaxtakarfan **10.38** Hvellur keppnisbíll **10.48** Tommi og Jenni **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Dóra könnuður **11.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.50** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **12.07** Áfram Diego, áfram! **12.31** Svampur Sveinsson **12.53** Hello Kitty **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Brunabílarnir **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Ljóti andarunginn og ég **14.25** Ávaxtakarfan **14.38** Hvellur keppnisbíll **14.48** Tommi og Jenni **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Dóra könnuður **15.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.50** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **16.07** Áfram Diego, áfram! **16.31** Svampur Sveinsson **16.53** Hello Kitty **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Brunabílarnir **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Ljóti andarunginn og ég **18.25** Ávaxtakarfan **18.38** Hvellur keppnisbíll **18.48** Tommi og Jenni **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Baddi í borginni **20.35** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.00** **Strákarnir**
**17.25** **Friends**
**17.45** **Seinfeld**
**18.10** **Modern Family**
**18.35** **Two and a Half Men**
**19.00** **Evrópski draumurinn**
**19.35** **Matarást með Rikku**
**20.05** **Spaugstofan**
**20.35** **Veistu hver ég var?**
**21.20** **Fóstbræður** *(3:8)*
**21.50** **Mið-Ísland** *(3:8)*
**22.20** **Wipeout - Ísland**
**23.15** **Bara grín** *(2:6)*
**23.45** **Logi í beinni**
**00.35** **Það var lagið**
**01.30** **Besta svarið**

## BÍÓ

**09.10** **Hemingway and Gellhorn**
**11.40** **The Best Exotic Marigold Hotel**
**13.40** **27 Dresses**
**15.30** **Hemingway and Gellhorn**
**18.00** **The Best Exotic Marigold Hotel**
**20.05** **27 Dresses**
**22.00** **Bridesmaids**
**00.05** **Seeking a Friend for the end of the World**
**01.45** **My Soul To Take**
**03.30** **Bridesmaids**

## RÚV

**15.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10** **Jólasveinarnir í Dimmuborgum**
**17.30** **Jólastundarkorn**
**17.35** **Jóladagatalið - Jólakóngurinn** (20:24) (Julekongen) Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
**17.59** **Spurt og sprellað** *(6:26) (Buzz and Tell, Ser. II)*
**18.05** **Táknmálsfréttir**
**18.15** **Minnistæð máltíð –** Sara Blædel
**18.25** **Fum og fát**
**18.30** **Villt og grænt**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Kastljós**
**20.05** **Útsvar** *(Borgarbyggð - Seltjarnarnes)* Spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**21.15** **Stone-fjölskyldan** *(The Family Stone)* Taugatrekkt og íhaldssöm framakona fer með kærasta sínum til fjölskyldu hans um jólin og er eins og þorskur á þurru landi í þeim félagsskap. Í leikaráhópnum eru Dermot Mulroney, Sarah Jessica Parker, Claire Danes, Diane Keaton, Rachel McAdams, Luke Wilson og Craig T. Nelson og leikstjóri er Thomas Bezucha.
**23.00** **Nýliðinn** *(The Recruit)* Nýliði hjá CIA er fenginn til að aðstoða við að finna flugumann innan stofnunarinnar.
**00.55** **Banks yfirfulltrúi –** Stolnar stundir
**02.25** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr.Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**16.05** **Once Upon A Time**
**16.55** **Secret Street Crew**
**17.45** **Dr. Phil**
**18.30** **Happy Endings**
**18.55** **Minute To Win It**
**19.40** **America's Funniest Home Videos** *(10:44)*
**20.05** **Family Guy** *(7:21)*
**20.30** **The Voice - LOKAPÁTTUR** *(13:13)* Spennandi söngþættir þar sem röddin ein sker úr um framtíð söngvarans. Heimsþekktar poppstjörnur skipa sem fyrr dómnefndina en Christina Aguilera og Cee Lo Green snúa nú aftur eftir hlé.
**23.00** **Appropriate Adult** *(1:2)*
**00.30** **Excused**
**00.55** **The Bachelor**
**02.25** **Ringer**
**03.15** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **12.00** Opna breska meistaramótið 2013 *(3.4)* **21.00** Ryder Cup Official Film 2010 **22.15** US Open 2000 - Official Film **23.15** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

EKTA ÞORLÁKSMESSU

# SKATA

# 799 kr.kg

## SAMA VERÐ 4. ÁRIÐ Í RÖÐ

ALLIR LANDSMENN VELKOMNIR

**OPIÐ**

| | |
|---|---|
| 21. DES. LAUGARDAG | 8-18 |
| 22. DES. SUNNUDAG | 10-18 |
| 23. DES. MÁNUDAG | 7-20 |

**Fiskikóngurinn**

Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

## BESTA NÍÐVÍSAN



(Eftir minni)
**Undan vindi vondar sendi,**
**óskir ferskar raski þrjóskum,**
**eitrið ljóta bíti hann skeytið**
**holdið grenni, kenni og innan brenni**
**Allur fyllist illum sullum,**
**eyði snauðum bráður dauði.**

Ágústa Eva Erlendsdóttir, leikkona.

# Stökk inn í sýningu fyrir slasaðan leikara

Gísli Örn frumsýndi The Heart of Robin Hood í Boston á miðvikudaginn sem bæði leikari og leikstjóri.

„Einn leikari sleit liðþófa á æfingu svo ég þurfti að stökkva inn í sýninguna í hlutverk Much Miller. Ég frumsýndi því líka sem leikari. Aldrei dauð stund hjá mér,“ segir leikarinn og leikstjórinn Gísli Örn Garðarsson. Hann er búinn að dvelja vestan hafs meirihlutann af árinu og frumsýndi á miðvikudaginn sýninguna The Heart of Robin Hood sem hann leikstýrir í leikhúsinu American Repertoire í Boston. Gísli Örn frumsýndi líka sem leikari því hann þurfti að taka við hlutverki leikarans Andy Grotelueschen á síðustu stundu.

Andy leikur Much Miller sem er eitt af aðalhlutverkunum í sýningunni. Hann er einn af útlögum Hróa Hattar og þarf að sýna ýmsar kúnstir á sviðinu, svo sem loftfimleika og sviðsslagsmál. Andy þessi hefur leikið í ýmsum þekktum leikritum í Bandaríkjunum, þar á meðal Cyrano de Bergerac og Roundabout á Broadway. Þá lék hann lítið hlutverk í sjónvarpsþáttunum Elementary. **- lkg**

> **Einn leikari sleit liðþófa á æfingu svo ég þurfti að stökkva inn í sýninguna í hlutverk Much Miller.**
>
> *Gísli Örn Garðarsson*



**FJÖLHÆFUR** Gísla er margt til lista lagt. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR





**Frábært fjölskylduævintýri**

**eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund Brynjólfsson**
**Tónlist eftir Villa Naglbít!**

**Allra síðustu sýningar!**

Sun. 28.des. kl. 13
Sun. 12.jan. kl. 13 aukas.

tilvalið í jólapakkann!!

Miðasala á midi.is og í miðasölu Tjarnarbíós í síma 527-2102
Miðasala er opin frá 15-18 frá þriðjudegi til föstudags, auk klukkutíma fyrir viðburð.




> **Eydís Helena tók meira að segja lagið með Victoriu Beckham baksviðs. Það var mjög gaman, enda er ég dyggur aðdáandi Spice Girls.**

**VINKONA VICTORIU** Eydís Helena Evensen er að gera góða hluti í fyrirsætugeiranum í London. Hún vann meðal annars fyrir Victoriu Beckham og tók lagið með henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vann fyrir Victoriu Beckham í London

Eydís Helena hefur unnið sem fyrirsæta Elite í London og er að gera góða hluti. Hún hefur meðal annars setið fyrir hjá Top Shop, Urban Outfitters og Elle UK.

„Ég vann fyrir Victoriu Beckham í síðustu viku og það var mjög magnað að hitta hana,“ segir fyrirsætan Eydís Helena Evensen sem hefur búið í London í haust.

Hún hefur unnið sem Elite-fyrirsæta þar undanfarið og tekist á við ýmis áhugaverð verkefni. „Verkefnið fyrir Victoriu Beckham var svokallað „showroom“ fyrir nýju línuna hennar, sem virkar þannig að nokkrar fyrirsætur gengu um salinn og sýndu línuna hennar. Salurinn var fullur af kúnnum alls staðar að úr heiminum,“ útskýrir Eydís Helena, sem tók meira að segja lagið með frú Beckham baksviðs. „Það var mjög gaman, enda er ég dyggur aðdáandi Spice Girls,“ bætir Eydís Helena brosandi við.

Hún hefur setið fyrir hjá Top Shop, Urban Outfitters og ELLE UK-vefsíðunni, fyrir utan Victoriu Beckham-verkefnið. „Þetta hefur verið virkilega áhugavert og ég hef öðlast mikla reynslu þarna úti. Fyrir Top Shop gerði ég sex tískumyndbönd sem munu birtast á vefsíðu Top Shop innan skamms,“ segir Eydís Helena.

Verk hennar má einnig sjá á hinni vinsælu og virtu vefsíðu Urban Outfitters og einnig á vefsíðu Elle UK.

„Ég fæ yfirleitt bara sms á kvöldin frá skrifstofunni sem segir til um hvað ég sé að fara að gera daginn eftir. Það er spennandi og skemmtilegt,“ segir Eydís Helena aðspurð um hvernig verkefnin verði til.

Fyrir utan fyrirsætustörfin, spilar Eydís Helena á píanó og var hún ekki í vandræðum með að finna sér stað í London til þess að æfa sig á píanóið. „Einn daginn, þegar var ég að labba heim úr vinnu, heyrði ég píanóhljóm úr einni íbúð. Ég bankaði upp á og þar kom áttræður maður til dyra og ég spurði hann hvort ég mætti æfa mig á píanóið hjá honum. Hann svaraði játandi og fór ég til hans nokkrum sinnum í viku og æfði mig,“ útskýrir Eydís Helena.

Eydís Helena er stödd heima á Íslandi yfir hátíðarnar og er óviss um hvert stefnan verði sett á næsta ári. „Mig langar að klára tónlistarnámið mitt á Íslandi eftir áramót en mér stendur til boða að fara að vinna í Mílanó í janúar, hjá Fashion Milan,“ útskýrir Eydís Helena.

Ef hún heldur áfram í fyrirsætugeiranum eru næstu stoppistöðvarnar líklega París eða New York. „Það er auðvitað mjög spennandi og freistandi að halda áfram en mig langar að stoppa aðeins á Íslandi í bili.“



gunnarleo@frettabladid.is

FLJÓTLEG, ÓDÝR OG
ÞÆGILEG LEIÐ...
TIL AÐ BÚA TIL PERSÓNULEGAR JÓLAGJAFIR

# Opið fyrir pantanir alla helgina

Það er ekki of seint að fara inn á vefsíðu okkar, prentlausnir.is og búa til persónulegar jólagjafir.

Pantanir sem koma inn um helgina verða afgreiddar á mánudag 23. des. (Þorláksmessu)

Opið 13-17
laugardag og sunnudag

## BÚÐU TIL ÞITT MYNDA-ALBÚM




Allt að 40% afsláttur
af auka eintökum séu tekin 4 auka eintök.

## BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL




Við prentum allt á Richo,
eina fullkomnustu stafrænu
prentvél landsins.

RICOH



KÍKTU Á **www.prentlausnir.is**
OG BÚÐU TIL ÞÍNAR GJAFIR.

**Ármúla 15 | 108 Reykjavík | Sími: 533 6000 | prentlausnir@prentlausnir.is** Prentlausnir

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Öðruvísi jólasveinar

Tímaritið Séð og heyrt bjó til þrettán nýja jólasveina, eins og sést í nýjasta hefti blaðsins. Er þetta í fyrsta sinn sem tímaritið tekur upp á þessu en nýju jólasveinarnir eru ansi skrautlegir. **Helgi Seljan** er til dæmis Hurðaskellir eftir árekstur við Pál Magnússon á RÚV. Þá er Saga Garðarsdóttir Eddusleikir eftir uppákomu á Edduverðlaununum með Steinda Jr. Svo er Sigmundur Davíð Skuldafellir og Ómar Ragnarsson Gálgagaur svo fátt eitt sé nefnt.

– lkg



### Highlands spilar á Sónar Reykjavík

Hin nýja hljómsveit Highlands mun spila á alþjóðlegu tónlistarhátíðinni Sónar Reykjavík í febrúar næstkomandi. Hljómsveitina skipa söngkonan **Karin Sveinsdóttir** og Logi Pedro úr Retro Stefson.

„Þetta er fyrsta bókaða giggið okkar," segir Karin. Hljómsveitin Highlands varð til í sumar og gaf út fyrsta lagið sitt, Hearts, fyrir tæpum mánuði og hefur það fengið góðar viðtökur.

- skó



## Mest lesið vísir

1. Hreint ótrúlegt mark hjá Guðjóni Val | Myndband
2. Vilborg ákærð meðan hún klífur hæsta tind Suðurskautslandsins
3. Tveir Íslendingar björguðu fjölskyldu úr brennandi íbúð í Árósum
4. Á hvorki rétt á uppbót frá Vinnumálastofnun né nýjum vinnuveitenda
5. Margrét Lára: Ég þurfti að breyta um lífsstíl








**C&J STILLANLEGT** heilsurúm með Tempur dýnu

**C&J STILLANLEGT** með Tempur heilsudýnu
Verðdæmi 2x90x200 cm. Verð kr. ~~803.800~~
**Kr. 649.000 Á JÓLATILBOÐI** **Þú sparar kr. 154.800**

Þráðlaus fjarstýring

Charlotte Julien
**Fæst í mörgum stærðum.**

## GLEÐILEG JÓL

Gefðu hinn fullkomna heilsukodda!

AFSLÁTTUR 30%

Pabba KODDI · Minn KODDI · Mömmu KODDI

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

STÍFUR · MJÚKUR · MILLI STÍFUR

Hentar nær öllum svefnstellingum

FÁANLEGUR MJÚKUR, MEDIUM OG STÍFUR

**Jólatilboð kr. 13.930**
Fullt verð kr. 19.900

TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN

Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstellingum. Fáanlegur mjúkur, milli stífur og stífur – sígild þægindi fyrir alla.




## MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM SÆNGURVERASETTUM!

Þegar mjúkt á að vera mjúkt standa sængurverasettin í Betra Bak undir væntingum. Einstök gæði frá hinum þýsku framleiðendum Elegante, Joop! og Brono Banani. Komdu við Maco Satin efnið og þú verður snortin(n).




### TempraKON dúnsokkar

Fyrir kaldar tær!
Ótrúlega vinsæl jólagjöf!



**TempraKON®**

Svartir dúnsokkar **Kr. 6.990,-**
Hvítir dúnsokkar **Kr. 5.990,-**

### Temprakon dúnsængin sem breytir öllu!

Dúnsæng með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Fylling: 90% hvítur siberíu gæsadúnn. 10% smáfiður. 140x200 cm

Fullt verð kr. 58.625 **Jólatilboð kr. 46.900**




JÓLAOPNUN
Föstudag 20. desember 10[00]–22[00]
Laug. 21. og sun. 22. desember 11[00]–22[00]
Þorláksmessu 23. des. 10[00]–22[00]
Aðfangadag 24. des. 10[00]–13[00]

**Betra BAK**
**Leggur grunn að góðum degi**

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

www.betrabak.is